


skoðun 16

## Ódýrt og hollt nesti

*Kokkarnir Brynjar Eymundsson og Steinn Sigurðsson luma á góðum nestisráðum fyrir útileguna.*

land undir fót 6



## 2 SÉRBLÖÐ

í Fréttablaðinu

Allt

Land undir fót





# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

MIÐVIKUDAGUR

28. júlí 2010 — 175. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


# Opinber lyfjaverslun skoðuð hjá ráðherra

**Ráðherra íhugar að endurvekja Lyfjaverslun ríkisins til að tryggja samkeppni. Kannað er hvers vegna lyf frá Actavis eru á ólíku verði á Íslandi og í Danmörku.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðisráðherra skoðar nú hvort koma skuli á fót opinberri lyfjaverslun hérlendis til að tryggja samkeppni.

„Evrópska lyfjastofnunin hefur mælst til þess að ríki þar sem fákeppni ríkir á lyfjamarkaði hafi á sínum snærum einhvers konar opinbera lyfjaverslun til að tryggja samkeppni í þágu þjóðarhags og það er verið að skoða þetta ásamt öðru,“ segir Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra. Í EES-samningnum er heimild fyrir því að veita slíkum stofnunum markaðsleyfi fyrir lyf á grundvelli leyfa sem veitt hafa verið í öðrum EES-ríkjum. Þetta ákvæði hafa til dæmis Malta og Kýpur verið dugleg að nýta sér, með góðum árangri að sögn Álfheiðar.

„Möguleikar stjórnvalda til að hafa áhrif á hvaða lyf eru á markaði eru takmarkaðir því ríkið er hvorki að flytja inn lyf né framleiða,“ segir hún. Opinber lyfjaverslun kynni að breyta þessu. Eftir sem áður þyrfti ríkið hins vegar að finna einhvern til að flytja inn lyfin fyrir sig.

Lyfjaverslun ríkisins var einkavædd í skrefum um miðjan tíunda áratuginn og síðan hafa reglulega komið upp hugmyndir um að endurvekja hana. Álfheiður segir að ráðuneytið fylgist grannt með lyfjamarkaðnum hérlendis. Sveinn Rúnar Hauksson læknir gagnrýndi harðlega í grein í Fréttablaðinu í gær hvernig Actavis færi fram á lyfjamarkaði hérlendis í krafti þess sem hann kallaði einokunarstöðu. Fyrirtækið tæki óhagkvæm lyf úr sölu, sjúklingum til óþæginda, og setti erlend samheitalyf síðar á markað á margföldu verði.

„Við höfum verið að fylgjast með þessu og skoða hvers vegna samheitalyfin eru dýrari hér en til dæmis í Danmörku, jafnvel þótt Actavis framleiði þau bæði,“ segir Álfheiður. - kóp, sh / sjá síðu 10



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**DJÚPIÐ** Tökur hófust í gær á kvikmyndinni Djúpinu sem fjallar um harmleikinn við Heimaey árið 1984. Þá sökk skipið Hellisey með þeim afleiðingum að fjórir létust en Guðlaugur Friðþórsson vann það ótrúlega afrek að synda fimm kílómetra til Eyja. Ólafur Darri Ólafsson leikur Guðlaug en Baltasar Kormákur leikstýrir myndinni.

Stjórnvöld vilja tryggja að opinberir aðilar eigi meira en helming í orkufyrirtækjum:

# Íhuga að fara norsku leiðina

**ORKUMÁL** Stjórnvöld vilja snúa við einkavæðingu á orkufyrirtækjum og tryggja að þau verði að meirihluta í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Heimildir Fréttablaðsins herma að þar sé litið til norskrar löggjafar, sem tilgreinir að hið opinbera eigi að lágmarki þriðjung í orkufyrirtækjum.

Þessi stefnubreyting á rætur að rekja til óánægju hluta þingflokks Vinstri grænna með kaup Magma Energy á HS Orku, sem hefur nýtingarrétt á jarðvarmaauðlindum á Suðurnesjum til 65 ára.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði í gær að skipaður verði starfshópur til að kanna hvort kaup Magma standist lög. Hópurinn á einnig að gera úttekt á starfsumhverfi orkugeirans.

„Mér finnst þetta mikilvægur áfangi, það kemur skýrt fram sá ásetningur að halda orkugeiranum í samfélagslegri eigu,“ segir Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna. - bj, kóp / sjá síðu 8








## Ósáttar við Tiger

*Aftur-systur eru ósáttar við notkun Tiger-verslananna á slagorðinu Recycle or Die.*

fólk 34

## Snorrastofa 10 ára

*Í tilefni afmælis Snorrastofu verður dagskrá um ferðir Snorra og tengsl við Noreg.*

tímamót 22



## Fyrsta tap meistaranna

*Fylkir vann í gær óvæntan 3-0 sigur á Val í Pepsi-deild kvenna.*

íþróttir 30

## veðrið í dag




**FLOTT SYÐRA** Í dag verður víðast hæg norðaustlæg eða breytileg átt. Bjartviðri S- og V-lands en annars víða skýjað með köflum og þurrt að mestu. Allt að 20°C SV-lands.

VEÐUR 4


Fréttablaðið er með 180% meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.




**HJÁ VÍSUNDI** Páll Reynisson hjá vísundinum sem hann veiddi í Minnesota í Bandaríkjunum.

Páll Reynisson veiðimaður:

# Sýnir risastóra vísunda í safni

**FÓLK** „Þetta eru með stærri dýrum sem hafa komið uppstoppuð til Íslands,“ segir Páll Reynisson hjá Veiðisafninu á Stokkseyri.

Tveir uppstoppaðir vísundar frá Bandaríkjunum eru nú til sýnis í safni hans. Hvor um sig vegur um það bil eitt tonn. „Sauðnautin sem voru hérna fyrir virka eins og kettlingar við hliðina á þeim,“ segir Páll, sem veiddi vísundana í Minnesota árið 2008 ásamt félaga sínum, Jónasi Geir Sigurðssyni. Þeir notuðu skammbyssur og veiðin gekk hratt og vel fyrir sig. „Þetta eru róleg dýr en mjög stór.“ - fb / sjá síðu 34

Persónuvernd herðir reglur:

# Tæknimenn lásu sjúkraskrár

**PERSÓNUVERND Landspítalinn notaði raunverulegar sjúkraskrár til að kenna á upplýsingakerfi sjúkrahússins. Persónuvernd hefur skoðað málið og mælt fyrir um að framvegis verði eingöngu notaðar „gervisjúkraskrár“ til að kenna á upplýsingakerfið.**

**Tæknimenn notuðu aðgangsorð tveggja lækna til að komast inn í skrárnar. Í bréfi Ólafs Baldurssonar, framkvæmdastjóra lækninga, til Persónuverndar kemur fram að hvorki Landspítalinn sjálfur, siðanefnd spítalans né Landlæknir hafi talið þörf á að láta tiltekinn sjúkling vita að skrá hans hafi verið skoðuð því það hafi verið gert í lokuðu rými frammi fyrir eiðsvörnum hópi og sjúklingurinn ekki beðið skaða af því.** - gar

Aðildarviðræður hafnar:

# Áhyggjur af litlum stuðningi

**STJÓRNMÁL** Stefan Füle, stækkunarstjóri ESB, lýsti yfir áhyggjum af litlum stuðningi við aðild á Íslandi á ríkjaráðstefnu sambandsins í gær, þar sem aðildarviðræður Íslands við ESB hófust formlega.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra svaraði því til að reynslan sýndi að þjóðir litu inn á við þegar þær gengju í gegnum efnahagslega erfiðleika.

Füle sagði að ákvörðun Íslendinga ætti að byggjast á staðreyndum en ekki á goðsögnum og ótta. Ríkisstjórn Íslands ætti að kynna ESB á hlutlausan hátt fyrir Íslendingum. - mþl / sjá síðu 4

## SPURNING DAGSINS



*Finni, sá strákurinn dautt fólk á Prikinu?*

„Ja, það er allavega eins gott að ég spurði hann um skilríki því hann lítur út eins og Harry Potter.“

Leikarinn Haley Joel Osment heimsótti skemmtistaðinn Prikið um helgina. Hann skaust upp á stjörnuhimininn eftir túlkun sína á dreng sem sá dáið fólk í kvikmyndinni The Sixth Sense. Guðfinnur Sölvi Karlsson, Finni, er eigandi Priksins.

Sjómannafélagið Jötunn og ferðaútgerðarmenn gagnrýna Siglingamálastofnun:

# Krefjast þess að fá líka að nota Landeyjahöfn

**HAFNARMÁL** Formaður Sjómannafélagsins Jötuns í Vestmannaeyjum gagnrýnir Siglingamálastofnun fyrir að svara ekki hvort og hvenær öðrum skipum en Herjólfi verði leyft að nota Landeyjahöfn.

Siglingamálastofnun vill ekki leyfa öðrum skipum að nota Landeyjahöfn fyrr en meiri reynsla sé komin á hana. Valmundur Valmundsson, formaður Jötuns, segist skilja öryggissjónarmiðin sem liggi að baki.

„Hins vegar hefur hvorki gengið né rekið að fá svör frá Siglingamálastofnun um hvort og þá hvenær Landeyjahöfn verði opnuð öðrum bátum.“

Eimskipafélagið gerir Herjólf út en auk þess hafa tvö fyrirtæki í bænum leyfi til farþegasiglinga, Viking Tours og Ribsafari. Sigmundur Gísli Einarsson, eigandi Viking Tours, gefur lítið fyrir skýringar Siglingamálastofnunar. „Ef þetta snýst um öryggismál, eru þá ekki farþegar í Herjólfi í jafnmikilli hættu og farþegar annarra skipa? Starfsmenn Siglingamálastofnunar sigla sjálfir þarna á gúmmítuðrum.“

Þá kvartar hann yfir að Siglingamálastofnun svari ekki fyrirspurnum hans. „Samkvæmt lögum ber henni að svara innan tveggja daga. Ég sendi fyrirspurn 19. júlí og hef ekkert svar fengið.“ - bs



**LANDEYJAHÖFN** Formaður sjómannafélagsins Jötuns og eigandi Viking Tours gagnrýna Siglingamálastofnun fyrir að leyfa ekki umferð fyrir önnur skip. FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM



**HERKÚLESVÉL** Bandarísk herflugvél lenti í öryggisskyni á Keflavíkurflugvelli í gær þegar tveir hreyflar af fjórum virkuðu ekki sem skyldi. MYND/PÁLL KETILSSON

Herflugvél missti afl:

## Lenti hér á leið til Afganistans

**FLUGMÁL** Hætta skapaðist þegar bandarísk herflugvél þurfti að lenda á Keflavíkurflugvelli laust eftir klukkan sex í gærkvöld. Að því er kemur fram á visir.is missti vélin afl á tveimur hreyflum af fjórum.

Vélin sem er af Herkúles gerð er á leið til til Afganistans með viðkomu í Englandi. Fyrst barst tilkynning um að vélin hafi misst afl á einum hreyfli en skömmu fyrir lendingu kom í ljós að annar hreyfill hafði ofhitnað og var slökkt á honum strax eftir lendingu.

Gera þurfti við Herkúlesvélina hér á landi og óvíst var með brottför héðan í gærkvöld. Um tuttugu manns voru um borð. - gar

## FÆREYJAR

### Íslendingur dæmdur

Íslendingur á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í fimmtíu daga óskilorðsbundið fangelsi í Færeyjum fyrir fíkniefnasmygl. Maðurinn kom til landsins fyrir tæpum tveimur vikum og reyndist vera með ríflega 300 grömm af hassi innvortis í yfir hundrað pakkningum. Hann mun afplána dóminn og fer síðan í þriggja ára endurkomubann frá Færeyjum.

# Safna sögum fólks úr hruni og kreppu

**Sagnfræðingar framtíðarinnar munu geta gengið að safni frásagna fólks um hrun og kreppu hjá Miðstöð munnlegrar sögu. Þar á að fanga upplifun almennings á atburðunum og því hvaða breytingar þeir höfðu í för með sér.**

**MENNING** Miðstöð munnlegrar sögu stendur fyrir söfnun frásagna fólks af hruninu og kreppunni. Ætlunin er að varðveita vitnisburði 80 manns, sem verða fræðimönnum framtíðarinnar aðgengilegir þegar skrifa á um þessa miklu atburði.

Magnús Sveinn Helgason sagnfræðingur er verkefnastjóri og hann segir mikilvægt að ná að fanga sögur almennings.

„Markmiðið er að safna viðtölum við 80 Íslendinga, „venjulegt“ fólk, og fanga upplifun almennings á atburðunum. Sagnfræðingar standa oft frammi fyrir því vandamáli þegar þeir skoða stóra atburði að einu heimildirnar sýna hvernig þeir birtust stjórnmálamönnum eða álitsgjöfum. Oft og tíðum eru engar heimildir til um hvernig almenningur upplifði atburðina. Oft eru þetta atburðir sem snerta almenning mest, en engar heimildir eru til um upplifunina. Við viljum bæta úr því.“

Miðstöð munnlegrar sögu safnar munnlegum heimildum um sögu Íslands og varðveitir þær. Þannig verður til safn sögulegra samtímaheimilda um mikilvæga atburði. Hafist var handa við að safna viðtölum um bankahrunið um leið og það varð, haustið 2008.

Í sumar fékkst fjárveiting til að ráða þrjá starfsmenn úr átaksverkefni ríkisins í atvinnumálum og farið var í verkefnið af krafti. Leitað er eftir frásögnum hvaðanæva af landinu, frá fólki á öllum aldri og af báðum kynjum.

Magnús segir mikilvægt fyrir sagnfræðinga framtíðarinnar að hafa heimildir um áhrif hrunsins á almenning. „Það er mikilvægt að hafa heimildir um hvaða breytingar bankahrunið og kreppan höfðu á daglegt líf almennings og kannski ekki síður hvaða breytingar atburðirnir höfðu í för með sér á skilningi almennings á stóru spurningunum; á samfélagsgerðinni og stjórnmálunum.“

Áhugasamir geta sent línu á mhs@hi.is og komið upplifun sinni á kreppunni á spjöld sögunnar.

kolbeinn@frettabladid.is



**MÓTMÆLT** Hrunið og kreppan hafði áhrif á fjölda Íslendinga og því eflaust margir sem hafa frá einhverju að segja. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**UNNIÐ AÐ SKRÁNINGU** Magnús Sveinn hugar að upplýsingum ásamt Örnu Björk Jónsdóttur, einum þriggja nemenda sem vinnur að söfnun viðtala um kreppu og hrun. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**BOÐTÆKIN BÍÐA** Slökkviliðsmenn ætla ekki að bera boðtæki fyrr en semst í kjaradeilu þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Slökkviliðsmenn í kjaradeilu:

## Hafna því að bera boðtækin

**KJARAMÁL Kjararáð Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna hefur hafnað því að slökkviliðsmenn beri á sér farsíma sem boðtæki á meðan ósamið er í kjaradeilu þeirra við sveitarfélögin.**

**Í svari kjararáðsins kemur fram að með því að skila inn boðtækjum sínum vilji slökkviliðsmenn leggja áherslu á kröfur í deilu sinni við launanefnd sveitarfélaganna. Um hluta af löglega boðuðum verkfallsaðgerðum sé að ræða, og frá þeim verði ekki fallið meðan launanefndin sýni ekki samstarfsvilja. Engir fundir höfðu verið boðaðir í kjaraviðræðunum í gær. - bj**

Gengistryggð bílalán fryst:

## Senda ekki út greiðsluseðla

**EFNAHAGSMÁL** Bílalánafyrirtæki ætla ekki að senda greiðsluseðla vegna gengistryggðra lána á viðskiptavini sína þessi mánaðamót. Þetta eru önnur mánaðamótin í röð sem innheimta frestast.

„Við sendum ekki greiðsluseðla vegna bílasamninga eða kaupleigusamninga,“ segir Kjartan Georg Gunnarsson, framkvæmdastjóri SP Fjármögnunar. Frá Lýsingu og Avant fást sömu upplýsingar.

Óvissa hefur ríkt um hvernig innheimta skuli lánin eftir að Hæstiréttur dæmdi þau ólögmæt um miðjan júní. - bj




Aukinn slagkraftur í kröfuna um úrsögn Íslands úr Nató:

# Ögmundur vill þjóðaratkvæði

**UTANRÍKISMÁL** Samtök hernaðarandstæðinga hafa sent frá sér ályktun þar sem þess er krafist að Ísland segi sig úr Atlantshafsbandalaginu (Nató). Ályktunin er í tilefni leyniskjala sem ættuð eru frá herjum bandalagsins í Afganistan, sem WikiLeaks birti.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

Samtökin krefjast þess að hersveitir Nató yfirgefi Afganistan og bæti fyrir þann skaða sem unninn hafi verið þar, eftir því sem hægt er. „Þá er brýnt að Íslendingar dragi þegar til baka allan stuðning sinn við stríðið og biðjist afsökunar á þætti sínum í því,“ segir í ályktuninni.

Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, segir brýnt að aðild Íslands að bandalaginu verði borin undir þjóðina. Um hernaðarbandalag sé að ræða og þjóðin hafi aldrei fengið að kjósa um aðildina.

„Ef grannt er skoðað er Nató ekki síður varasamur félagsskapur nú en áður. Nú er ekki bara horft til árásar, heldur spurt um ógn sem steðjar að aðildarríkjunum. Erfitt er að skilgreina hana og hún steðjar helst að þeim sem fer með rangláta pólitík. Íslendingar eru þannig, með aðild sinni, búnir að samsama sig því að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða til að afstýra ógn gegn þeim.“ - kóp



**BOTNINN SLEGINN ÚR** Birna Þórðardóttir býr sig undir að slá botninn úr Natótunnunni í mótmælum Samtaka hernaðarandstæðinga 2009 í tilefni þess að 60 ár voru liðin síðan Ísland gekk í Nató. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ENNEMM / SIA / NM42981









## LG OPTIMUS GT540 – 3G[L]

Frábær sími með Android stýrikerfi, GPS og stórum snertiskjá. Yfir 60.000 smáforrit í boði.

| Símalán – útborgun: | Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.* |
|---|---|
| 0 kr. | 1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir. |
| | Staðgreitt: 44.900 kr. |

## LG VIEWTY – 3G[L]

Frábær 3G sími með stórum snertiskjá, flottri 5MP myndavél, tónlistarspilara og FM útvarpi.

| Símalán – útborgun: | Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.* |
|---|---|
| 0 kr. | 1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir. |
| | Staðgreitt: 24.000 kr. |

Það er **Síminn**

800 7000 • siminn.is

**GENGIÐ 27.07.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,73 | 121,31 |
| Sterlingspund | 187,46 | 188,38 |
| Evra | 156,94 | 157,82 |
| Dönsk króna | 21,055 | 21,179 |
| Norsk króna | 19,610 | 19,726 |
| Sænsk króna | 16,582 | 16,680 |
| Japanskt jen | 1,3807 | 1,3887 |
| SDR | 182,91 | 184,01 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

211,7775

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Flugmálayfirvöld á varðbergi um verslunarmannahelgina:

# Aukið eftirlit með flugi um verslunarmannahelgina

**SAMGÖNGUR** Eftirlit með flugi milli lands og Vestmannaeyja verður aukið til muna í kringum Þjóðhátíð í Eyjum.

„Í ljósi þess að búast má við aukinni flugumferð í tengslum við Þjóðhátíð þá verðum við með nokkuð öflugt eftirlit á þeim flugvöllum þar sem mesta umferðin á sér stað," segir Páll S. Pálsson, deildarstjóri flugrekstrardeildar Flugmálastjórnar, og bætir því við að skoðun hafi staðið yfir á því hvort menn starfi ekki eftir gildandi lögum og reglum og þannig sé reynt að stuðla að viðunandi flugöryggi.

Páll segir að vísbendingar séu um að undanfarin ár hafi einhverjir aðilar stundað flug gegn gjaldi milli lands og Eyja um verslunarmannahelgina án þess að hafa til þess tilskilin leyfi. Fylgst verður með því hvort áframhald verði á því.

Spurður hvort eftirlitið verði frábrugðið því sem verið hefur segir Páll svo ekki vera. „Við munum taka stikkprufur á flugmönnum og fylgjast með því að þeir séu með skírteini í gildi og starfi samkvæmt lögum og reglum."

Páll vill árétta við almenning að eiga eingöngu viðskipti við þá aðila sem hafa leyfi fyrir flugi til Eyja en það eru Flugfélag Íslands, Mýflug og Norðurflug.

- mþl



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Á LEIÐ Á ÞJÓÐHÁTÍÐ** Búist er við metfjölda á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum en sannkölluð loftbrú verður milli Reykjavíkur og Eyja um helgina.



**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR** Í mars árið 2008 hafði sjóðurinn lánshæfiseinkunnina Aaa.

Matsfyrirtækið Moody's:

## Lánshæfi Íbúðalánasjóðs óbreytt

**VIÐSKIPTI** Matsfyrirtækið Moody´s heldur lánshæfiseinkunn Íbúðalánasjóðs óbreyttri í Baa3 samkvæmt nýrri skýrslu um sjóðinn. Horfur eru taldar stöðugar.

Í skýrslunni kemur fram að litlar sem engar líkur séu á að lánshæfiseinkunn sjóðsins breytist til hins betra í náinni framtíð. Þvert á móti sé ástæða til að ætla að lækkun geti orðið á einkunninni í framtíðinni í ljósi lélegrar fjárhagsstöðu sjóðsins.

- th

Brakandi þurrkur á Ströndum:

## Þrengist um neysluvatnið

**ÁRNESHREPPUR Farið er að bera á skorti á neysluvatni í Árneshreppi á Ströndum, sérstaklega þar sem safnþrær eru litlar. Ekki hefur komið dropi úr lofti frá 9. júlí á þessu svæði. Frá þessu segir á Litlahjalla, fréttavef Árneshrepps.**

**Sérstaklega ber á vandanum þar sem búið er yfir sumarið, svo sem á Eyri í Ingólfsfirði og sums staðar á Gjögri. Þá er að verða vatnslítið í Litlu-Ávík. Víða eru þó ár rétt við bæi sem hægt er að sækja vatn í. Þar sem þrengst er um neysluvatn er ekki hægt að nota þvottavélar, heldur verður að hita vatn og þvo á þvottabretti í bala.**

- kóp

# Aðildarviðræður Íslands og ESB hafnar

**Aðildarviðræður Íslands við ESB hófust í gær. Utanríkisráðherra talaði um sérstöðu íslensks sjávarútvegs og landbúnaðar en búist er við erfiðum viðræðum.**

**STJÓRNMÁL** Aðildarviðræður Íslands við ESB hófust formlega með ríkjaráðstefnu sambandsins í gær. Íslensk stjórnvöld og forsvarsmenn ESB lögðu fram greinargerð um viðfangsefni samningaviðræðnanna auk þess sem Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra, Stefan Füle, stækkunarstjóri ESB, og Steven Vanackere, utanríkisráðherra Belgíu, fluttu ræðu.

Össur sagði í ræðu sinni að umsókn Íslands væri rökrétt skref enda hefðu Íslendingar ávallt best tryggt sjálfstæði sitt og hagsmuni með virkri þátttöku í samstarfi vestrænna lýðræðisríkja. Hann gerði grein fyrir helstu hagsmunamálum Íslands í komandi samningaviðræðum og lagði sérstaka áherslu á efnahagslegt mikilvægi sjávarútvegs fyrir Ísland. Finna þyrfti sérlausn sem tekur tillit til sérstakra aðstæðna Íslands og tryggir áframhaldandi öflugan og sjálfbæran sjávarútveg, sem og forræði Íslands yfir auðlindinni. Enn fremur sagði Össur að tryggja þyrfti bændum og fjölskyldum þeirra öruggt lífsviðurværi og nefndi aðild Íslands að evrusvæðinu sem mikilvægan þátt í endurreisn Íslands eftir efnahagshrunið.

Össur var spurður að því hvernig hann hygðist fara að því að sannfæra Íslendinga um að ganga í ESB. Össur benti á að lengi vel hefði meirihlutastuðningur verið við aðildarumsókn og jafnvel aðild en að það hefði breyst eftir að deilur Íslendinga við Breta og Hollendinga vegna Icesave komust í hámæli. Hann sagði líka að reynslan sýndi að þjóðir litu inn á við þegar þær gengju í gegnum efnahagslega erfiðleika og benti að síðustu á að stuðningur við aðild hefði líka minnkað í Króatíu þar sem hann hefði um tíma mælst 27 prósent.

„Upphaf aðildarviðræðnanna í dag markar kaflaskil í samskiptum ESB og Íslands. Við vitum að viðræðurnar kunna að verða erfiðar á vissum sviðum, en ég er viss um að hægt er að mæta öllum áskorunum með viðeigandi stuðningi frá bæði ESB og Íslandi," sagði Stefan Füle við þetta tilefni.

Hann lýsti yfir áhyggjum af litlum stuðningi við aðild á Íslandi og bætti því við að ákvörðun Íslendinga ætti að byggjast á staðreyndum en ekki á goðsögnum og ótta. Það væri hins vegar hlutverk ríkisstjórnar Íslands að kynna ESB á hlutlausan hátt fyrir Íslendingum.

Steven Vanackeren sagði þetta gleðilega stund. Ísland hefði þegar tekið upp mikið af löggjöf ESB en ljóst væri að erfitt gæti reynst að ná samningi um sjávarútvegsmál, landbúnað og byggðamál, umhverfismál og reglur um fjármálakerfi.

magnusl@frettabladid.is



**RÍKJARÁÐSTEFNAN Í GÆR** Össur Skarphéðinsson, Steven Vaneckere og Stefan Füle taka við spurningum frá blaðamönnum. NORDICPHOTOS/AFP

Vesturbyggð réði bæjarstjóra:

## Leist ekki á umsækjendurna

**VESTURBYGGÐ Bæjarráð Vesturbyggðar hefur ráðið Ásthildi Sturludóttur, stjórnmála- og stjórnsýslufræðing, í embætti bæjarstjóra.**



**ÁSTHILDUR STURLUDÓTTIR**

**Starfið var auglýst laust til umsóknar að kosningum afstöðnum. Alls sóttu 23 um, en sex drógu umsóknir sínar til baka. Bæjarráð synjaði öllum umsóknunum og leitaði til Ásthildar, sem var ekki meðal umsækjenda um starfið.**

**Ásthildur starfar sem verkefnisstjóri hjá Háskóla Íslands, en var áður verkefnisstjóri við byggingu tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu.**

- bj

ESB refsar Írönum:

## Rússar ósáttir við refsiaðgerðir

**RÚSSLAND** Nýjar refsiaðgerðir gagnvart Íran eru óviðunandi, að mati stjórnvalda í Rússlandi.

Evrópusambandið herti refsiaðgerðir gagnvart landinu á mánudag. Meðal nýrra aðgerða er bann við viðskiptum við banka og tryggingafélög í Íran auk þess sem reynt verður að koma í veg fyrir fjárfestingar í olíu- og gasfyrirtækjum. Refsiaðgerðirnar eru svipaðar þeim sem Bandaríkjaþing ákvað í lok júní.

Aðgerðirnar grafa undan sameiginlegum tilraunum til að ná sátt um málið og sýna aðgerðum Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna vanvirðingu, segir í yfirlýsingu frá rússneska utanríkisráðuneytinu.

- þeb






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**MILT Á LANDINU**
Veðurhorfur helgarinnar lofa góðu, útlit er fyrir hægan vind að vestri og ágætis hlýindi í flestum landshlutum. Hins vegar verður skýjafarið köflótt en horfur eru á nokkuð þurru veðri.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 27° |
| Billund | 22° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 25° |
| Kaupmannahöfn | 25° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 21° |
| Mallorca | 31° |
| New York | 32° |
| Orlando | 36° |
| Ósló | 22° |
| París | 25° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

800 9000 | www.bilahjalp.is

# SPRUNGIÐ, BENSÍNLAUS EÐA BARA STOPP?



**Tryggur – Bílahjálp** er ný þjónusta sem aðstoðar þig ef þú lendir í bílavandræðum, hvar sem er á vegum landsins.

---

- Ráðgjöf og aðstoð í síma 800 9000
- Aðstoðum þig hvar á landinu sem er
- 24 Opið allan sólarhringinn

Fiton/SÍA

70% AFSLÁTTUR | VÍS

Viðskiptavinir VÍS í **F plús** fá allt að **70%** afslátt.

**TRYGGUR**
BÍLAHJÁLP

**KJÖRKASSINN**



*Vilt þú að þing verði rofið og boðað til kosninga í haust?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 55,4% |
| NEI | 44,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú sáttur við niðurstöðu ríkisstjórnarinnar í Magma-málinu?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Hússtjórn lúxusíbúðablokkar á Manhattan gerði miklar kröfur um upplýsingagjöf:

# Strangari en íslenska bankakerfið

**DÓMSMÁL** Hússtjórnin við Gramercy Park á Manhattan, þar sem hjónin Jón Ásgeir Jóhannesson og Ingibjörg Pálmadóttir eiga íbúðir, gerði mun strangari kröfur um upplýsingar og veð en íslenska bankakerfið gerði nokkurn tíma. Þetta fullyrðir heimildarmaður New York Post, sem fjallaði um málið í gær.

Fréttablaðið hefur greint ítarlega frá deilunum um hússtjórnargögnin í New York. Slitastjórn Glitnis hefur stefnt framkvæmdastjóra húsfélagsins til að afhenda gögnin í tengslum við málareksturinn þar ytra gegn hjónunum og fimm öðrum sem taldir eru hafa valdið Glitni nánast ómældu tjóni með afskiptum sínum fyrir hrun.



**GRAMERCY PARK** Íbúðirnar eru metnar á tvo og hálfan milljarð. Landsbankinn hefur nú leyst aðra þeirra til sín.

Telur slitastjórnin að í gögnunum, sem krafist var þegar íbúðirnar voru keyptar, sé að finna mikilvægar upplýsingar um eignastöðu Jóns Ásgeirs fyrir bankahrun og meint undanskot hans. Þá geti þau varpað frekara ljósi á tengsl stefndu við New York sem gæti kippt fótunum undan frávísunarkröfu þeirra.

Jón Ásgeir og Ingibjörg hafa mótmælt því harðlega að gögnin verði opinberuð og segja þau persónulegs eðlis. Von er á niðurstöðu í málinu á haustmánuðum. **- sh**

Vísindamenn við Cern:

# Vilja stærri Stóra hvells-vél

**VÍSINDI** Vísindamenn sem vinna við sterkeindahraðal CERN undir fjöllunum á landamærum Sviss og Frakklands og gengur undir nafninu Stóra hvells-vélin vilja nú byggja nýjan og stærri hraðal.

Vísindamennirnir kynntu þessar áætlanir sínar á ráðstefnu í París um helgina.Hinn nýi hraðall á að verða 50 kílómetra langur eða nær tvöfalt lengri en sá sem vísindamennirnir nota núna. Kostnaður við að byggja slíkan hraðal mun nema um 1.500 milljörðum króna.




# Almannahagsmunir ástæða vaxtatilmæla

**Seðlabanki Íslands segir tilmælum vegna gengistryggðra lána ætlað að vernda stöðugleika fjármálakerfisins og hagsmuni almennings og til að hindra margra ára tafir á endurreisninni. Þetta kemur fram í svari til umboðsmanns Alþingis.**

**FJÁRMÁL** Seðlabanki Íslands segir að ýtrasta túlkun á nýlegum dómum Hæstaréttar um gengistryggð lán geti þýtt að ríkissjóður þurfi að leggja allt að 160 milljarða króna inn í bankakerfið í nýju eigin fé.

Umboðsmaður Alþingis óskaði eftir skýringum á tilmælum Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins um útreikninga á gengistryggðum lánum. Í tilmælunum fólst að fjármálafyrirtæki ættu að miða við lægstu óverðtryggðu vexti Seðlabankans. Í svari sínu undirstrikar Seðlabankinn að tilmælin séu ekki bindandi og til bráðabirgða þar til niðurstaða dómstóla um þennan þátt liggi fyrir.

Seðlabankinn segir að málið muni geta haft mikil áhrif á lánshæfi Íslands og traust á fjármálakerfinu. Sú hætta geti skapast að erlendir aðilar endurmeti viðhorf þeirra til fjárfestinga á Íslandi til lengri tíma. Það myndi þýða minni erlenda fjárfestingu og verri kjör á erlendum lántökum og rýrari þjóðartekjur í framtíðinni með áhrifum á komandi kynslóðir.

Að sögn Seðlabankans hefur töluvert áunnist eftir hrunið. „Verði ríkissjóður hins vegar fyrir jafnstóru áfalli og nefnt var hér að framan gæti það tafið framgang efnahagsáætlunarinnar um mörg ár,“ segir Seðlabankinn sem kveður það skyldu bankans og Fjármálaeftirlitsins að standa vörð um brýna almannahagsmuni „jafnvel þótt það kunni að stangast á við einkahagsmuni ákveðins hóps skuldara“.

Fjármálaeftirlitið birti einnig í gær svar sitt til umboðsmanns. Þar er tekið í svipaðan streng. Segir að í kjölfar hvatningar frá Samtökum lánþega til innstæðueigenda um að taka fé sitt úr bönkum og til lántakenda um að hætta að greiða af gengistryggðum lánum hafi skapast hættuástand sem tefldi fjármálastöðugleika í tvísýnu.

Seðlabankinn segir eftirlitsstofnanir stundum hafa verið of hikandi við að beita úrræðum. „Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið eru staðráðin í að læra af mistökum undanfarandi ára,“ segir bankinn sem kveðst hafa gefið út tilmælin umdeildu með vísan til lagaákvæðis um að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi.

„Óvissan um vaxtakjör af áður gengistryggðum lánum í íslenskum krónum, sem Hæstiréttur dæmdi ólögmæt, kann að koma sér vel fyrir einstök fyrirtæki og einstaklinga, en getur hins vegar haft hörmulegar afleiðingar fyrir þorra fólks, leiði hún til þess að fjármálafyrirtæki falli eða standi svo tæpt að ríkissjóður verði að leggja því til umtalsvert eigið fé. Seðlabankanum ber að líta til hagsmuna heildarinnar,“ segir Seðlabanki Íslands.

**gar@frettabladid.is**



**BANKASTJÓRAR SEÐLABANKANS** Arnór Sighvatsson, aðstoðarbankastjóri Seðlabankans, og Már Guðmundsson seðlabankastjóri segjast í svari til umboðsmanns Alþingis hafa dregið þann lærdóm af hruninu að hika ekki við að beita úrræðum til verndar fjármálastöðugleika. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Hátt hlutfall Íslendinga fer á meðferðarheimilið Vog einhvern tímann á ævinni:

# Tíu prósent karla fara á Vog

**SAMFÉLAGSMÁL** Um tíu prósent íslenskra karlmanna, 15 ára og eldri, hafa einhvern tíma farið í áfengis- eða vímuefnameðferð á meðferðarheimilinu Vogi. Hlutfall kvenna í landinu er töluvert lægra, eða um fjögur prósent.

Þetta kemur fram í ársskýrslu SÁÁ.

Vogur hóf starfsemi sína árið 1984 og síðan þá hafa 60.524 komur verið skráðar og í árslok 2009 höfðu 20.579 einstaklingar, þar af 14.676 karlar og 5.903 konur innritast. Þýðir þetta að 39.945 koma aftur, sem er um 66 prósenta endurkomuhlutfall.

Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, segir hlutfall þeirra sem sækja eftirmeðferðir töluvert hærra en í fyrra.

„Ástandið er mjög breytilegt eftir vikum og mánuðum,“ segir Þórarinn. „En raunveruleg mynd verður ekki komin á málin fyrr en eftir sumarleyfin. Nú liggur samfélagið í dvala.“

Eindregið er mælt með því að sjúklingar sæki einhvers konar eftirmeðferð eftir afeitrun á Vogi, annaðhvort á göngudeild eða á meðferðarheimilum. Af þeim 1.714 sjúklingum sem voru skráðir á Vog árið 2009, fór 1.131 í eftirmeðferð, sem þýðir að um 35 prósent sóttu enga eftirmeðferð. **- sv**



**SJÚKRAHEIMILIÐ VOGUR** Um 66 prósent þeirra sjúklinga sem fara á Vog koma einhvern tímann aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA




ALLT Á GRILLIÐ
HAGKAUP
Grillkjöt
Sérvalið úr fyrsta flokks hráefni
HAGKAUP MÆLIR MEÐ
Grilleiðbeiningar landsliðsins:
Framleitt fyrir Hagkaup Reykjavík
HAGKAUP
að hætti landsliðs matreiðslumeistara
merkið tryggir gæðin!
TILBOÐ
25%
afsláttur við kassa
GRILLLÆRI HAGKAUPS
1.724 kr/kg.
Merkt verð 2.298.-
TILBOÐ
25%
afsláttur við kassa
1.946 kr/kg.
Merkt verð 2.595.-
Kjúklingabringur
ferskar
TILBOÐ
25%
afsláttur við kassa
1.871 kr/kg.
Merkt verð 2.495.-
Kjúklingalundir
í indverskum kryddlegi
V·S·O·P
LAMBAKJÖT
TILBOÐ
20%
afsláttur við kassa
EINGÖNGU Í HAGKAUP
2.262 kr/kg.
Merkt verð 2.828.-
Lambalærisneiðar
VSOP marineraðar
V·S·O·P
LAMBAKJÖT
TILBOÐ
20%
afsláttur við kassa
EINGÖNGU Í HAGKAUP
1.998 kr/kg.
Merkt verð 2.498.-
Lambatvírifjur
VSOP marineraðar
ÍSLENSKA
HAMBORGARA FABRIKKAN
2010
FABRIKKAN Í FERÐALAGIÐ!
NÝTT Í HAGKAUP
FABRIKKU
BBQ VÆNGIR
TILBOÐ
KJÚKLINGALEGGIR Í TEXAS KRYDDLEGI
647 kr/kg.
TILBOÐ
MARYLAND KEX
99 kr/stk.
TILBOÐ
MÖNDLU KAKA
299 kr/stk.
TILBOÐ
T&K SUMAR-KAFFI 400g
599 kr/pk.
TILBOÐ
NÓAKROPP 200 gr
299 kr/pk.
TILBOÐ
MYLLU KLEINUR 10 stk
299 kr/pk.
TILBOÐ
HRAUN- OG ÆÐIBITAR 220 gr
229 kr/pk.
TILBOÐ
EGILS PEPSI 2 LÍTRA
159 kr/stk.
24 OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
Gildir til 2. ágúst á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvað heitir stækkunarstjóri Evrópusambandsins?*

2 *Á hvaða vefsíðu birtust yfir 90 þúsund leyniskjöl frá her Nató í Afganistan?*

3 *Hvað hefur Tryggvi Guðmundsson skorað mörg mörk gegn Val í 20 leikjum á ferlinum?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Heilbrigðisstofnun segir bráðnauðsynlegt að sjóða neysluvatn á Hveravöllum:

# Saurgerlar fundust í drykkjarvatninu

**UMHVERFI** Mikið magn saurgerla mældist í neysluvatninu á Hveravöllum á föstudaginn var. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra gaf þau tilmæli út til allra sem á svæðinu væru að nauðsynlegt væri að sjóða allt drykkjarvatn og annað vatn sem neyta á. Mældust 180 E-kólígerlar í hverjum 100 millilítrum í neysluvatninu og segir Sigurjón Þórðarson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, að magnið sé langt yfir því sem eðlilegt megi teljast.

„Einn er of mikið,“ segir Sigurjón. „Þetta á ekki að sjást í neysluvatni.“ Búið er að setja upp skilti á svæðinu sem vara fólk við vatninu.

Gunnar Guðjónsson hjá Ferðaþjónustunni á Hveravöllum segir niðurstöðurnar úr sýnunum ekki koma á óvart og almennt vatnsleysi á staðnum hafi lengi verið vandamál.

„Það er í raun ekkert nema heitt vatn hérna,“ segir hann. „Það stendur til að bora eftir betra vatni, en það er eins og annars staðar, það vantar peninga.“ Gunnar segir að oft megi taka betur á móti ferðamönnum á ýmsum stöðum á landinu eftir að miklum fjármunum hefur verið varið í markaðsmál. „Það verður að hugsa málin til enda,“ segir hann. - sv



**HVERAVELLIR** Mikið magn E-kólígerla mældist í neysluvatninu á Hveravöllum.

Virðist hafa ætlað að leka:

## Segist ekki hafa sent póstinn

**STJÓRNMÁL** Elías Jón Guðmundsson, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, virðist hafa boðist til að leka upplýsingum um stefnubreytingu ríkisstjórnarinnar í orkumálum til blaðamanns Viðskiptablaðsins áður en málið var kynnt á blaðamannafundi í gær. Í tölvupósti sem birtur er á vef Grapevine-blaðsins leggur Elías til að hann leki upplýsingum til blaðamannsins. „Þannig getum við sett fókusinn á eitthvað eitt atriði sem við viljum að fjölmiðlar séu fókuseraðir á þegar þeir mæta á fundinn,“ segir þar.



**ELÍAS JÓN GUÐMUNDSSON**

Elías sagði við Vísi í gær að hann hafi aldrei sent póstinn. Grapevine segir bandarískan blaðamann hafa fengið póstinn, að því er virðist fyrir mistök. - bj

**SAMGÖNGUMÁL**

**Icelandair í nýtt samstarf**

Icelandair hefur náð samkomulagi við bandaríska flugfélagið Alaska Airlines um margháttað samstarf. Í samstarfinu felst að flug Alaska Airlines frá Seattle verða tengd flugum Icelandair, svo viðskiptavinir geta flogið með félaginu á flugnúmerum Icelandair.

# Stjórnvöld efast um að kaup Magma á HS Orku séu lögleg

**Ríkisstjórnin vill að opinberum aðilum verði tryggður meirihluti í orkufyrirtækjum. Nefnd mun fjalla um lögmæti kaupa Magma á HS Orku. Liggur ekki fyrir hvort Magma fær að kaupa segir forsætisráðherra.**

**ORKUMÁL** Stjórnvöld telja vafa leika á því hvort kaup Magma Energy á HS Orku standist lög, og ætla að skipa nefnd óháðra sérfræðinga til að fara í saumana á sölunni.

Þar til nefndin skilar niðurstöðu sinni liggur ekki fyrir hvort kaup Magma Energy ganga eftir, sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra á fundi með fjölmiðlafólki í gær. Nefndinni er einnig ætlað að rannsaka einkavæðingu í orkugeiranum almennt og starfsumhverfið í orkugeiranum.

Hópur þingmanna Vinstri grænna hefur undanfarið deilt harðlega á ríkisstjórnina fyrir að grípa ekki inn í kaup Magma á HS Orku. Magma Energy er kanadískt félag, en fyrirtækjum utan Evrópska efnahagssvæðisins er óheimilt að fjárfesta í íslenskum orkufyrirtækjum. Magma stofnaði því dótturfélag í Svíþjóð til að kaupa HS Orku, en dótturfélagið er að öðru leyti ekki með neina starfsemi í Svíþjóð.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði á fundinum að komi í ljós að samningur um kaup Magma á HS Orku sé málamyndagerningur, eða að þar sé vísvitandi verið að sniðganga íslensk lög, beri stjórnvöldum skylda til að stöðva söluna. Sérfræðinganefndin sem fjalla mun um kaupin á að skila niðurstöðu fyrir 15. ágúst.

„Ríkisstjórnin er staðráðin í að vinda ofan af einkavæðingu innan orkugeirans og tryggja eftir megni að mikilvægustu orkufyrirtæki landsins séu á forræði opinberra aðila,“ sagði Jóhanna í gær.

Ríkisstjórnin hefur þegar hafið undirbúning að því að setja lög sem tryggja eiga opinbert eignarhald á orkufyrirtækjum. Heimildir Fréttablaðsins herma að þar verði litið til reynslu Norðmanna í þessum efnum. Þar er lögfest að opinberir aðilar verði alltaf að eiga þriðjung af orkufyrirtækjum.

Steingrímur sagði í gær að til stæði að festa opinbert eignarhald á fyrirtækjum sem hafi aðgang að orkuauðlindum í stjórnarskrá. Spurður hvort ríkið hafi bolmagn til að kaupa HS Orku sagðist hann telja að svo væri. Arðurinn af slíkum kaupum verði mikill til lengri tíma litið.

Spurð hversu stóran hlut í orkufyrirtækjum hún telji að einkaaðilar eigi að fá að eignast sagði Jóhanna það sína skoðun að sá hlutur nái aldrei helmingi. Ríki og sveitarfélög verði að eiga rúmlega helming fyrirtækjanna.

Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, hefur sent forsvarsmönnum Magma Energy bréf, þar sem upplýst er um athugun stjórnvalda á orkugeiranum. Þar kemur fram að ekki hafi verið tekin endanleg afstaða til fjárfestingar fyrirtækisins. brjann@frettabladid.is



**KYNNTU ÁFORM** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra kynntu áform ríkisstjórnarinnar í orkumálum á fundi í Stjórnarráðinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Viðbrögð við ákvörðun stjórnvalda

### Tjáir sig ekki

Orkumál Ásgeir Margeirsson, framkvæmdastjóri Magma Energy á Íslandi, vildi í gær ekki tjá sig um yfirlýsingar forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar um kaup félagsins á HS Orku.

„Við erum að skoða málið,“ sagði Ásgeir. Efnahags- og viðskiptaráðherra sendi Magma í gær bréf þar sem stefnubreyting ríkisstjórnarinnar er útlistuð. Ásgeir segir að viðbrögð séu væntanleg á næstu dögum.



**ÁSGEIR MARGEIRSSON**

### Barátta við fjármagnsöflin fram undan

„Mér finnst þetta mikilvægur áfangi, það kemur skýrt fram sá vilji og ásetningur að halda orkugeiranum í samfélagslegri eigu, sem er gríðarlega mikilvægt til framtíðar,“ segir Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingflokksformaður Vinstri grænna.

Hún hefur verið afar gagnrýnin á kaup Magma Energy í HS Orku, og hótaði meðal annars að hætta að styðja ríkisstjórnina gengju kaupin eftir.

„Ríkisstjórn getur ekki gengið að mínum stuðningi vísum ef hún ver ekki auðlindir landsins,“ segir Guðfríður. Hún segir að nú hafi ríkisstjórnin lýst því skýrt yfir að hún hyggist gera það. „En svo verðum við öll að gera okkur grein fyrir því að það verður háð hér barátta við fjármagnsöfl að halda þessu á könnu samfélagsins.“



**GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR**

### Reisa varnarmúr

„Mér sýnist þetta stefna í mjög jákvæða átt,“ segir Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna.

„Ríkisstjórnin lýsir því yfir að hún ætli að vinda ofan af Magma-innrásinni inn í íslenskar auðlindir og jafnframt verði reistir varnarmúrar um orkufyrirtækin, og auðlindirnar þar með, í nýrri löggjöf. Allt tel ég þetta vera mjög mikilvæg framfaraspor og fagna því að málið skuli komið í þennan farveg,“ segir Ögmundur.

Hann segir þetta vissulega ekki endanlega niðurstöðu, en hann gefi sér að þetta verði ofan á. Verði það niðurstaðan sé það afar jákvætt skref. - kóp



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**





Tjald 4 manna Arizona
Með himni og fortjaldi.
5869200
7.990
10.795
ÖLL TJÖLD
20%
AFSLÁTTUR
Tjald 6 manna Sylt
2 svefnherbergi.
Stærð með fortjaldi 450x210x185
5869207
19.900
24.895
Tjald 3 manna
Santa Barbara
5869205
5.990
9.899
GARÐÚTSALA
síðustu dagar
ÚTSALA ÚTSALA
ÚTSALA ÚTSALA
25%
AFSLÁTTUR
1.399
1.799
Plastborðbúnaður í útileguna
24 stk í tösku.
2005394
3.999
5.999
Flíspeysur
5863738 - 5863740 & 5863750 - 5863752
TRUENORTH
Regn og vindsett
m/öndun
dömu til í gráu og rauðu, herra til grá og blá, (barnastærðir rautt og grátt jakki 3999 buxur 3999)
5868030-5868088
JAKKI
3.999
5.999
BUXUR
2.999
3.999
2.990
4.390
Svefnpoki Oulu
-8°, 1.43 kg
3000045
11.900
16.494
Tjaldborð og bekkjasett
2bekkir og borð.
113 x 68 x 72 sm
3899360
Tjaldstóll
3901474
1.490
1.990
Vindsængur
í miklu úrvali
3900931 - 35
Verð frá
1.690
Látum verkin tala!
AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!
Skútuvogur opið alla daga til 21:00
Grafarholt opið alla daga til 18:00
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
HÚSASMIÐJAN



**„LÍTILL KÁLFUR“** Frjósemi meðal fílanna í dýragarðinum í Hannover í Þýskalandi er mikil. Í gær fæddist þriðji kálfurinn þar í sumar. NORDICPHOTOS/AFP

Nicolas Sarkozy:

## Fordæmir morð á frönskum gísl

**<u>FRAKKLAND</u> Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti hefur fordæmt morðið á 78 ára gömlum frönskum gísl, Michel Germaneau að nafni, sem var drepinn af meintum al Kaída-liðum í norðvesturhluta Afríku.**

**Foringi al Kaída-hópsins hafði áður lýst því yfir að Germaneau hefði verið drepinn til að hefna fyrir leiðangur sem átti að fara til að frelsa hann. Sá leiðangur misheppnaðist. „Ég fordæmi þessa villimannslegu framkomu, þessa hatursfullu aðgerð, sem bitnaði á saklausu fórnarlambi sem helgaði líf sitt því að hjálpa innfæddum,“ sagði Sarkozy. Hann hvatti einnig landa sína til að sniðganga Sahelsvæðið, en það teygir sig meðal annars til Malí, Níger og Máritaníu en þar hafði Germaneau unnið að hjálparstarfi.**

# Actavis þvertekur fyrir verðhækkanir í krafti einokunar

**Læknir sakar lyfjarisann Actavis um að taka lyf kerfisbundið úr sölu og setja þau svo síðar inn á markað undir öðru heiti á margföldu verði. „Af og frá,“ segir talsmaður Actavis. Lyfjastofnun getur ekkert aðhafst.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er af og frá að Actavis hætti að framleiða lyf á Íslandi í þeim tilgangi að flytja þau inn og selja þau dýrar,“ segir Hjördís Árnadóttir upplýsingafulltrúi Actavis.

Læknirinn Sveinn Rúnar Hauksson gagnrýndi Actavis harðlega í aðsendri grein í Fréttablaðinu í gær. Þar sagði hann mörg dæmi um að fyrirtækið léti hagsmuni sjúklinga lönd og leið í gróðaskyni. Lyf sem ekki skiluðu fyrirtækinu hagnaði væru tekin af markaði og væru ófáanleg í lengri tíma sjúklingum til mikilla óþæginda, allt þar til Actavis færi að flytja samheitalyf til landsins og selja þau þá miklu dýrar en gömlu lyfin. Þetta væri mögulegt vegna einokunarstöðu fyrirtækisins.

Sveinn nefnir nokkur dæmi máli sínu til stuðnings, meðal annars kínín-töflur sem notaðar eru við sinadrætti, og sýklalyfið Staklox.

Hjördís vísar þessum ásökunum Sveins á bug. Í fyrsta lagi fari fjarri að Actavis sé með einokunarstöðu á markaðnum, heldur hafi fyrirtækið um 13 prósenta markaðshlutdeild þegar litið sé til verðmæta og um 35 prósenta hlutdeild sé horft á magn lyfja sem seld eru.

Sú fullyrðing Sveins að Actavis sé unnvörpum að taka lítt gróðavænleg lyf úr sölu til að hagnast meira á erlendum samheitalyfjum sé líka röng. Actavis sé einfaldlega um þessar mundir að leggja af hluta af framleiðslu sinni, þar sem framleidd séu gömul vörumerki með úreltum og óhagkvæmum framleiðsluaðferðum. Í staðinn sé reynt að finna sambærileg lyf erlendis á sem hagstæðustu kjörum.

Þá bendir Hjördís á að verðhækkanir upp á síðkastið megi í mörgum tilfellum rekja til breytinga sem urðu á reglum um smásöluálagningu í upphafi árs 2009.

Sveinn furðar sig jafnframt í grein sinni á að engir opinberir aðilar skuli bregðast við þessari þróun, og nefnir Lyfjastofnun í því samhengi.

Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar, segir stofnunina ekki hafa nokkuð með lyfjaverð að gera, en verðið sé hins vegar háð samþykki lyfjagreiðslunefndar. Þá geti Lyfjastofnun ekki heldur komið í veg fyrir það að fyrirtæki taki lyf af markaði. „Fyrirtækin ráða þessu og ef þau eru að hagræða í sínum rekstri þá er ósköp lítið sem lyfjayfirvöld geta gert,“ segir hún.

Rannveig tekur hins vegar fram að það sé rangt að ekkert sé gert í því þegar tiltekin lyf vanti á markaðinn. „Við höfum alltaf áhyggjur af því þegar lyf hverfa af markaði, og reynum þá, í samvinnu við fyrirtækin, að leita að einhverjum framleiðanda sem gæti hugsað sér að setja lyfið á markað hér,“ segir Rannveig. Það takist oft en ekki alltaf.

stigur@frettabladid.is




**RISINN Á MARKAÐNUM** Talsmaður Actavis segir fyrirtækið alls ekki hafa einokunarstöðu á markaðnum.

### Sama lyf margfaldast í verði

Fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gær að verð sumra lyfjategunda hefði margfaldast eftir að Actavis hætti að framleiða það hérlendis og tók að flytja það inn undir öðru nafni frá verksmiðjum sínum erlendis. Þessar verðupplýsingar fékk fréttastofa Stöðvar 2 frá apóteki í gær:

| Upprunalegt lyf (100 töflur) | Verð | Samheitalyf (100 töflur) | Verð |
|---|---|---|---|
| Hydramil | 1.203 | Miloride | 2.587 |
| Amilin | 829 | Amitryptiline | 4.418 |
| Fólinsýra | 952 | Actavis Folin Acid | 5.110 |
| Apurin | 382 | Allopurinol Actavis | 1.724 |
| Kínin | 3.798 | Quinine-Sulfat | 5.296 |




Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18, www.smaralind.is / 528 8000



12.990
(fullt verð 15.990)

**McKINLEY FLOCCUS JACKET**
Útivistarjakki með 5.000 mm vatnsheldni og límdum saumum. Litir: Svartur, hvítur, rauður, túrkís. Dömustærðir.





6.990
(fullt verð 8.990)

**McKINLEY OMEGA PANT**
Útivistarbuxur með 5.000 mm vatnsheldni. Dömu- og herrastærðir.



9.990
(fullt verð 11.990)

**McKINLEY GENIUS RAINSET**
Regnsett, jakki og buxur með 2.000 mm vatnsheldni. Litir: Rautt, blátt, svart. Dömu- og herrastærðir.

# SUMAR Í INTERSPORT

## ALLT FYRIR ÚTIVISTINA OG ÚTILEGUNA



ALPHA 4
34.990
(fullt verð 44.990)

ALPHA 5
39.990
(fullt verð 49.990)

McKINLEY

**McKINLEY / ALPHA 4 / 5**
**Innra tjald:** Polyester. **Gólf:** PolyEuretan. **Vatnsheldni:** Ytra tjald 3.000 mm, vatnsþétt gólf. **Saumar:** Límdir aðalsaumar. **Stangir:** 3 stk., 9,5-11 mm glasfiber.
**ALPA 4: Hæð:** 190 cm. **Þyngd:** 9,6 kg.
**ALPA 5: Hæð:** 200 cm. **Þyngd:** 11,7 kg.






13.490
(fullt verð 15.990)

**McKINLEY BORA 45**
Tvískiptur 45 lítra bakpoki. Breið mittisól fyrir góðan stuðning við mjóbakið.



SVEFNPOKI
10.990

DÝNA
7.490

TILBOÐ
SVEFNPOKI OG DÝNA
14.990
(fullt verð 18.480)



29.990

**SALOMON EXIT PEAK MID GTX**
Gönguskór með Gore-Tex vatnsvörn og dempun í sóla. Dömu- og herrastærðir.



8.990
(fullt verð 10.990)

**McKINLEY DISCOVERY TELESCOPIC**
Stillanlegir göngustafir.



5.990

**McKINLEY NEW CLIMAT TEC**
Nærfatasett, bolur og síðar nærbuxur í brúsa. Dömu-, herra- og barnastærðir.




**McKINLEY DALTON TREK**
**Þyngd:** 1500 g. **Fylling:** 580 g. Tecloft. **Ytra byrði:** Polyester. **Stærð:** 225 x 85 cm.

**McKINLEY TREKKER M 25**
Dýna. Lengd: 183 cm. Breidd: 51 cm. Þykkt: 2,5 cm. Þyngd: 860 g.

INTERSPORT

AKUREYRI SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 LINDIR SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
SELFOSSI SÍMI 856 4610 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 SMÁRALIND SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18



**HERÆFINGAR Í GANGI** Kafbáturinn USS Tuscon leiddi þrettán skipa flota á heræfingum Suður-Kóreu og Bandaríkjanna í gær. Æfingunum lýkur í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýr bæjarstjóri í Grindavík:

## Róbert ráðinn sem bæjarstjóri

**GRINDAVÍK** Róbert Ragnarsson hefur verið ráðinn bæjarstjóri Grindavíkurbæjar.

Laun Róberts verða 900 þúsund krónur á mánuði, auk þess sem hann hefur íbúð í Grindavík til afnota á meðan ráðningartími hans gildir. Þá fær nýr bæjarstjóri greitt samkvæmt akstursbók og aðeins fyrir akstur utan Grindavíkur, að því er segir á vef Víkurfrétta. Róbert starfaði áður sem sveitarstjóri í Vogum. - kh



**RÓBERT RAGNARSSON**

# Erfitt verður að afla stuðnings við stríðið í Afganistan

**Eftir birtingu leyniskjala þarf Bandaríkjaforseti að sannfæra þing og almenning um að stríðið í Afganistan sé á réttri leið. Skjölin veita andstæðingum Bandaríkjanna innsýn í störf leyniþjónustu og hersins.**

**BANDARÍKIN** Mjög erfitt mun reynast að vinna stríðinu í Afganistan aukins fylgis meðal almennings, eftir að 90 þúsund leyniskjöl um stríðið voru birt á heimasíðu WikiLeaks. Þingmenn hafa einnig viðurkennt að stuðningurinn fari minnkandi á þinginu.

Bandaríkjaþing fjallaði í gær um 60 milljarða dollara fjárframlag til stríðsrekstursins. Gögnin sem WikiLeaks birti um helgina flækja þá umræðu enn frekar og er óttast að stuðningur við stríðið á þinginu fari þverrandi. Þó var búist við því að fjárframlögin yrðu samþykkt.

Stjórnmálaskýrendur í Bandaríkjunum segja nú að Barack Obama hafi um tvo kosti að velja; annars vegar að sannfæra þingið og almenning um að áform hans um stríðið séu á réttri leið og skili árangri, og hins vegar að hefja brottflutning hermanna og minnka umsvif Bandaríkjanna í Afganistan til muna. Þónokkrir háttsettir embættismenn í stjórn Obama hafa þó lýst yfir vonum sínum um að lekinn geti einnig komið sér vel. Vegna hans verði hægt að þrýsta á um betra og einlægara samstarf við pakistönsku ríkisstjórnina, annars gæti þingið dregið fjárstuðning við landið til baka.



**Í AFGANISTAN** Leyniskjölin sýna að fjölda alvarlegra tilvika hefur verið haldið leyndum fyrir almenningi og að mannfall sé mun meira en látið hefur verið uppi. Þessir bandarísku hermenn voru við störf í Afganistan á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Birting leyniskjalanna um stríðið hefur þegar valdið gríðarlegum skaða, að mati Michaels Hayden, fyrrverandi yfirmanni CIA. Ómetanlegt sé fyrir andstæðinga Bandaríkjamanna að fá innsýn inn í störf leyniþjónustunnar og hersins með þessum hætti. Þá gagnist lekinn einnig löndum eins og Kína og Rússlandi. Áður hafði talsmaður Bandaríkjaforseta sagt skjölin ógna verulega öryggi bandaríska hersveita í landinu.

Stofnandi WikiLeaks, Julian Assange, hefur varið birtingu skjalanna og segir að viðkvæmar upplýsingar sem varða einstaklinga eða áætlanir stjórnvalda hafi verið fjarlægðar úr skjölunum. Þá hafi fimmtán þúsund skjöl ekki verið birt vegna þess að þau gætu stofnað áætlunum og lífi uppljóstrara í hættu. Hvíta húsið rannsakar nú með hvaða hætti skjölunum var lekið og hver beri ábyrgð á því.

thorunn@frettabladid.is



Slys á hátíðum:

# Öryggi á Hróarskeldu skoðað

**DANMÖRK** Skipuleggjendur Hróarskelduhátíðarinnar þrýsta nú á að rannsóknir verði gerðar á því hvernig hægt sé að koma í veg fyrir slys við mannfagnað eftir að tuttugu létust í ástargöngunni í Duisburg á laugardag.

Yfirmaður öryggismála á Hróarskeldu segir að áður hafi verið reynt að fá fjármagn til rannsókna. Styrkbeiðnum hafi hingað til verið hafnað, síðast af Evrópusambandinu mjög nýlega. Níu manns létust í troðningi á tónleikum á Hróarskeldu fyrir tíu árum. - þeb

Lögreglan rannsakar meint skattaundanskot hjá ríkustu konu Frakklands:

# Yfirheyrðu erfingja L´Oréal

**FRAKKLAND** Franska lögreglan hefur yfirheyrt ríkustu konu landsins, Liliane Bettencourt, erfingja L'Oréal-snyrtivöruframleiðandans, vegna ásakana um að hafa ekki staðið skil á sköttum, og veitt ólöglega styrki til stjórnmálaflokka.

Lögreglan heimsótti hina 87 ára gömlu Bettencourt á heimili hennar í París í fyrradag og spurði hana meðal annars út í bankareikninga í Sviss og meint skattaskjól hennar á Seychelles-eyjum.

Lögreglan hóf rannsókn á málinu eftir að leynilegar upptökur frá fyrrverandi bryta Bettencourt voru birtar í frönskum fjölmiðlum.

Í síðustu viku yfirheyrði saksóknari Eric Woerth, ráðherra úr Verkamannaflokknum, vegna málsins. Að sögn lögfræðings hefur Bettencourt stöðu vitnis í málinu.

Á upptökunni má heyra Bettencourt og fjármálaráðgjafa hennar ræða um hvernig koma megi skattaundanskotum á bankareikninga í Sviss sem og hvernig hún hafi stutt forsetaframboð Nicolas Sarzkosy árið 2007 með peningagjöfum, sem fóru yfir leyfilegt hámark. Woerth var einn þeirra sem sá um fjáröflun framboðsins.

Sarkozy og Woerth hafa báðir neitað sök í málinu. - kh



**LILIANE BETTENCOURT** Erfingi L´Oréal-fyrirtækisins var yfirheyrð af lögreglu vegna málsins í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjö létust á heræfingu:

# Þyrla flaug á fjall í Rúmeníu

**RÚMENÍA** Sjö menn létu lífið þegar ísraelsk herþyrla flaug á fjall í Rúmeníu í gær. Sex mannanna voru ísraelskir en sá sjöundi rúmenskur.

Þyrlan var önnur af tveimur sem tóku þátt í heræfingum með rúmenska flughernum. Ísraelar hafa stundað heræfingar með Rúmenum síðan árið 2004. Þegar slysið varð voru þyrlurnar að æfa lágflug.

Ísraelar æfa með herjum allnokkurra Evrópuþjóða og auk þess Bandaríkjanna. - ót

Ráðstefna um alnæmi:

# Óttast faraldur í fangelsum

**VÍN, AP Talsmaður Sameinuðu þjóðanna í pyntingum og refsingum, Manfred Nowak, óttast að alnæmisfaraldur muni brjótast út í fangelsum um allan heim.**

**Þetta sagði Nowak í ræðu sinni á alþjóðlegri ráðstefnu um alnæmi í Austurríki um helgina. Hann telur að mörg fangelsi séu gróðrarstía fyrir alnæmi vegna ómannúðlegra aðstæðna. Fangar deili rakvélum og sprautunálum auk þess sem tíðni nauðgana sé há innan veggja flestra fangelsa í heiminum. Veiran eigi því auðvelt með að berast milli manna.**

**Nowak segir að bregðast verði við svo að heimsfaraldur brjótist ekki út innan nokkurra ára.**

- áp

Forstjóri olíurisans hættir og taprekstur er á fyrirtækinu í fyrsta sinn í átján ár:

# BP tapaði ríflega tvö þúsund milljörðum

**BRETLAND, AP** Olíufélagið BP tapaði sautján milljörðum dollara, eða um 2.060 milljörðum króna, á öðrum ársfjórðungi í ár. Þetta er í fyrsta skipti í átján ár sem taprekstur er á fyrirtækinu. Á sama tíma í fyrra var hagnaðurinn 4,4 milljarðar dollara, eða um 530 milljarðar króna.

Kostnaður fyrirtækisins vegna olíulekans á Mexíkóflóa í apríl er orðinn rúmir 32 milljarðar dollara. Til þess að standa straum af þessum kostnaði ætlar fyrirtækið að selja eignir fyrir um 30 milljarða á næstu átján mánuðum. Hlutabréf í fyrirtækinu hafa lækkað um 35 prósent frá því að sprenging varð á olíuborpalli hinn 20. apríl, sem markaði upphaf lekans.

Tilkynnt var formlega í gær að forstjóri fyrirtækisins, Tony Hayward, muni láta af störfum 1. október næstkomandi. Í hans stað kemur Bandaríkjamaðurinn Robert Dudley, sem hefur starfað fyrir fyrirtækið í Bandaríkjunum. Hann tapaði forstjóraslagnum fyrir Hayward fyrir þremur árum. Fráfarandi forstjórinn fær 1,6 milljónir dollara í starfslokasamning. Hann sagði í yfirlýsingu í gær að rétt væri fyrir fyrirtækið að halda áfram undir stjórn nýs leiðtoga. Hann muni jafnframt alltaf finna til ábyrgðar vegna slyssins í apríl, sama hverju um hafi verið að kenna. - þeb



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**OLÍULEKINN** Tekist hefur að stöðva olíulekann tímabundið en ekki verður mögulegt að loka borholunni endanlega fyrr en í ágúst í fyrsta lagi.






**ÍSLENSKIR TÓMATAR**
**498** KR./KG



**NÁTTÚRA GRILLKARTÖFLUR**
**299** KR./PK.



# 20% afsláttur

*KRYDDAÐ AÐ EIGIN VALI*

**LAMBAFILE MEÐ FITURÖND**
**2798** KR./KG
~~3498~~

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI
AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI



*BAKAÐ Á STAÐNUM*

**VEISLUBRAUÐ**
**279** KR./STK.



*GIRNILEGAR BEYGLUR*

**BEYGLUR**
**99** KR./STK.



# Nú bjóðum við aðeins íslenskt kjöt í kjötborðum Nóatúns

- Íslenskt kjöt í hæsta gæðaflokki
- Kjötið er meðhöndlað og verkað samkvæmt ströngustu gæðakröfum
- Kaupum íslenskar landbúnaðarafurðir og styrkjum þannig byggðir landsins

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

*MERKIÐ ER TIL MARKS UM GÆÐIN*

LANDSSAMBAND KÚABÆNDA
SVÍNARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
Landssamtök sauðfjárbænda



**LAMBALÆRI KRYDDAÐ AÐ EIGIN VALI**
**1298** KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI
AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI



**20% afsláttur**

**LAMBALÆRIS-SNEIÐAR, KRYDDAÐAR EÐA ÓKRYDDAÐAR**
**1598** KR./KG
~~1998~~

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI
AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI



**25% afsláttur**

**ÍM KJÚKLINGABRINGUR**
**1798** KR./KG
~~2398~~

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

# NÓATÚN

*Við gerum meira fyrir þig*




## Við gerum meira fyrir þig




**43% afsláttur**

UNGNAUTA INNRALÆRI

**1998** KR./KG

~~3498~~

*GÓMSÆTT Á GRILLIÐ*




**29% afsláttur**

UNGNAUTA BEIKON BORGARI 120 G

**199** KR./STK.

~~279~~




ÞYKKVABÆJAR HRÁSALAT OG KARTÖFLUSALAT

**20% afsláttur**




*ÍSKALT OG GOTT*

EMMESS ÍSBLÓM 3 TEGUNDIR

**398** KR./PK.




*GOTT MEÐ MJÓLKINNI*

OREO KEX

**229** KR./PK.




MCCAIN SUPERFRIES FRANSKAR, 900 G

**599** KR./PK.



*SVALANDI*

PEPSI OG PEPSI MAX 2 L

**198** KR./STK.




*MEÐ ALDINKJÖTI*

TRÓPÍ, 1 L APPELSÍNUSAFI

**199** KR./STK.



ÞYKKVABÆJAR GRILLKARTÖFLUR FORSOÐNAR

**389** KR./PK.




DALA FETA 3 TEGUNDIR

**399** KR./STK.




EYJABITI HARÐFISKUR ÝSA, 400 G

**10% afsláttur**

NÓATÚN

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Íslendingar nota miklu meira af ofvirknilyfjum en nágrannaþjóðirnar.

## Leikur að eldi

Börnum sem greind eru ofvirk hefur fjölgað verulega á undanförnum árum. Skýringin á því er sjálfsagt ekki einhlít. Hugsanlegt er að ofvirkum börnum hafi fjölgað með breyttri og á einhvern hátt minna sveigjanlegri samfélagsgerð. Sömuleiðis er það skoðun margra að breyttar neysluvenjur geti valdið ofvirkni hjá börnum.

Líklegt verður þó að teljast að fyrst og fremst sé um að ræða minnkandi sveigjanleika og umburðarlyndi gagnvart frávikum í hegðun barna. Þetta á þá ekki síst við hegðun sem fylgir mikið áreiti á umhverfið, er jafnvel verulega hávaðasöm og ögrandi.

SKOÐUN
Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is



Íslenskum börnum er gefið til muna meira af lyfjum við ofvirkni en tíðkast í öðrum löndum. Þarna er ekki um neinn smávegis mun að ræða því sænskum börnum er til dæmis aðeins gefinn inn þriðjungur af því magni ofvirknilyfja sem íslenskum börnum er gefið.

Milli áranna 2008 og 2009 jókst notkun ofvirknilyfja um sextán prósent hér á landi. Þetta er umhugsunar- og áhyggjuefni af mörgum ástæðum. Vissulega draga lyfin í mörgum tilvikum úr ofvirknieinkennunum og börnum sem lyfin taka gengur til dæmis iðulega betur að aðlagast í skóla eftir að þau eru komin á lyf. Það getur svo leitt til þess að líðan, félagsleg færni og námsárangur batnar.

Þetta er þó aðeins önnur hliðin á peningnum. Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, benti á í fréttum RÚV í gær að misnotkun á ofvirknilyfinu Rítalíni hefði aukist á síðustu mánuðum. Þórarinn kveður lyfið mjög hættulegt og bendir á að það valdi stjórnlausri fíkn, auk þess sem notkun þess fylgi hætta á HIV-smiti vegna þess hversu algengt sé að því sé sprautað í æð. Vitað er að Rítalín er eftirsótt efni í eiturlyfjaheiminum og gengur þar kaupum og sölum. Til mikils hlýtur því að vera að vinna að draga úr umferð efnisins.

Það er ábyrgðarhluti að taka þá ákvörðun fyrir hönd barns að setja það á svo hættulegt lyf sem Rítalín er og það getur ekki verið nauðsynlegt að nota það svona mikið hér á landi ef nágrannaþjóðir okkar komast af með mun minni notkun lyfsins.

Ofvirk börn þarfnast meiri aðhlynningar en þau börn sem ekki eru ofvirk. Þá aðhlynningu fá þau heima hjá sér og í skólum og leikskólum. Með því að veita foreldrum aukinn stuðning og fræðslu og búa til sérstaka námskrá sem styður við og örvar ofvirkt barn í leikskóla og skóla, og í einhverjum tilvikum leggja því til aukinn mannskap, má áreiðanlega minnka notkun Rítalínsins. Þegar upp er staðið, og að teknu tilliti til alls þess miska sem hin gríðarlega umferð Rítalíns í samfélaginu veldur, er óvíst að slík leið reyndist kostnaðarsamari en lyfjaleiðin.

Það sem höfuðmáli skiptir er að ofvirk börn þrífist og fái notið sín og þroskast, rétt eins og öll önnur börn. Í einhverjum tilvikum er áreiðanlega nauðsynlegt að þeim séu gefin lyf um lengri eða skemmri tíma til þess að svo megi verða. Hitt er jafnvíst að mörgum þessara barna má mæta með aukinni þjónustu og aðhlynningu. Í þeim tilvikum hlýtur að vera eftirsóknarverðara að komast hjá lyfjagjöf.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### „Tussufínt“

Tölvuskeyti Elíasar Jóns Guðjónssonar, aðstoðarmanns menntamálaráðherra, komst í fréttir í gær. Þar sagði Elías að hann sæi tækifæri í að leka upplýsingum um nýjustu vendingarnar í Magmamálinu. Skeytið rataði í fjölmiðla fyrir mistök. Athygli vakti að Elías Jón notaði orðið „tussufínt“ til að lýsa ánægju sinni með málið. Það á sér hins vegar eðlilegar skýringar.




### Norska leiðin?

Ríkisstjórnin vill vinda ofan af einkavæðingu í orkugeiranum og hefur ákveðið að kanna „norsku leiðina“ í þeim efnum. Það rímar við orðaval Elíasar Jóns því í Noregi starfar orkufyrirtæki sem heitir einmitt Tussa (sjá tussa.no). Hann hefur væntanlega verið að vísa til þess.

### Veikara á meðan?

Ólíkt hafast þau að samtökin Evrópuvaktin og Sterkara Ísland. Það fyrrnefnda samanstendur af fólki sem er á móti inngöngu Íslands í ESB en síðarnefndi félagsskapurinn er hlynntur inngöngu. Tímamót urðu í þessu mikla hagsmunamáli í gær þegar aðildarviðræður Íslands og ESB hófust formlega. Evrópuvaktin var á vaktinni og greindi frá þessu á heimasíðu sinni. Á vef Sterkara Ísland var hins vegar ekki minnst á tíðindin, því Sterkara Ísland er í sumarfríi.

bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Þjóðarsátt gegn atvinnuleysi

Atvinnumál
Birkir Jón Jónsson
varaformaður Framsóknarflokksins



Fátt er fullfrísku fólki jafn mikið böl og atvinnuleysi. Á fyrri hluta þessa árs var atvinnuleysi ungs fólks rúmlega 20%. Þetta eru svo sláandi tölur að ekki verður við unað. En hvað er til ráða? Margt má læra af reynslu Norðurlandanna á 10. áratugnum og þá sérstaklega Finna, þar sem atvinnuleysi meðal hinna yngstu fór upp í 35%. Afleiðingarnar urðu félagsleg útilokun þar sem stór hluti heillar kynslóðar ungs fólks festist í atvinnuleysi og fátækt. Við verðum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir að þetta gerist hér á landi.

Ríkisstjórnin hefur kynnt ýmsar aðgerðir til að efla atvinnulífið. Í febrúar var kynnt átak í atvinnumálum undir yfirskriftinni „Ungt fólk til athafna“ sem nær til ungra atvinnuleitenda um allt land. Nokkrum sinnum hefur ríkisstjórnin kynnt viðamiklar tillögur í atvinnumálum þar sem fleiri þúsund störfum hefur verið lofað, m.a. með Búðarhálsvirkjun og orkufrekum iðnaði, eflingu kvikmyndagerðar og ofanflóðavörnum í Neskaupstað. Blaðamannafundirnir hafa verið nokkrir, en árangurinn hefur látið á sér standa. Ráðaleysi og ágreiningur innan ríkisstjórnarinnar þegar kemur að því að fjölga störfum hefur verið allsráðandi. Stjórnarflokkarnir tala út og suður og ráðherrar senda hver öðrum tóninn í fjölmiðlum.

Þetta getur ekki gengið svona áfram. Unga fólkið okkar á betra skilið. Ísland á betra skilið. Allir verða að taka höndum saman gegn hinu mikla böli, atvinnuleysi. Ríkisstjórn, sveitarfélög, aðilar vinnumarkaðarins og minnihlutinn á Alþingi geta ekki vikið sér undan ábyrgð í þessu máli. Því miður vill stjórnarandstaðan oft gleymast þegar kemur að því að vinna málin frá grunni. Átakapólitík hefur einkennt Alþingi og ungir og ferskir þingmenn hafa tekið upp starfsaðferðir þeirra eldri. Takmarkaður áhugi hefur ríkt á því hjá forystufólki ríkisstjórnarinnar, þeim Jóhönnu Sigurðardóttur og Steingrími J. Sigfússyni að innleiða ný vinnubrögð.

Við þinglok í sumar var gert samkomulag um að tillögur framsóknarmanna um þjóðarsátt verði teknar til skoðunar í efnahags- og skattanefnd Alþingis og umsagnar leitað víða að úr þjóðfélaginu. Með aukinni samvinnu í íslensku þjóðfélagi og nýrri þjóðarsátt er ég sannfærður um að við munum ná meiri árangri í endurreisn Íslands.

Við verðum að minnka atvinnuleysið og það gerum við ekki öðruvísi en með samhentu átaki gegn þessu einu mesta böli hvers einstaklings.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Vanþekking á vaski

Virðisaukaskattur

Kristján B. Jónasson
formaður Félags íslenskra bókaútgefenda



Hinn 12. júlí síðastliðinn birti fjármálaráðuneytið skýrslu um íslenska skattkerfið sem það hafði falið Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að vinna. Eitt af því sem þar kemur fram er að skýrsluhöfundar leggja til að það sem þeir kalla „óvenjulegar undanþágur“ frá almennri virðisaukaskattsprósentu verði lagðar af. Lægsta skattþrep virðisaukaskattsins, sem nú er 7%, verði hækkað í 14% en nái þá einungis til matvöru þar sem allt annað séu „óvenjulegar undanþágur“. Allt nema hollur matur verði selt með 25,5% virðisaukaskatti.

### Hlykkjóttur vegur bókaskattsins

Eitt af því sem nú er selt með 7% virðisaukaskatti eru bækur og fjölmiðlar. Það snjóar furðu fljótt yfir sögu skattprósenta og því skal það hér rifjað upp að þegar virðisaukaskattur var tekinn upp árið 1990, og gamli söluskatturinn lagður af, voru bækur og fjölmiðlar undanþegin virðisaukaskatti. Þetta var gert af sömu ástæðum og liggja að baki því að bækur eru ekki seldar með virðisaukaskatti í Bretlandi, Írlandi, Noregi og Póllandi. Stjórnvöld telja að þannig séu þegnarnir hvattir til að tjá sig, stuðlað sé að öflugri útgáfu og dreifingu upplýsinga og að sem fæstar hindranir girði fyrir að fólk lesi og mennti sig.

Árið 1992 komst til valda Viðeyjarstjórnin sem AGS hefði verið ánægð með því hún taldi þessar undanþágur „óvenjulegar“. Frá sumri 1993 voru bækur og fjölmiðlar seld með 14% virðisaukaskatti, eða allt til ársins 2007. Þann 1. mars það blessaða ár var þrepið lækkað í 7% og um leið voru hljóðbækur og annað hljóðefni færð úr 24,5% í 7%, sem var mikil breyting.

### Ofurvenjulegar undanþágur

Í alþjóðlegum samanburði hafa íslenskar bækur og fjölmiðlar verið seld með óvanalega háum skatti frá því að virðisaukaskatturinn var lagður á 1993. Meira að segja 7% skattur er hár í evrópskum og alþjóðlegum samanburði. Þegar bækur voru seldar með 14% skatti var prósentan sú þriðja hæsta í löndum EES-svæðisins. Aðeins Danmörk og Búlgaría leggja hærri vask á bækur.

Ástæðan fyrir því að ríflegar undanþágur eru á virðisaukaskatti á bækur hjá stórþjóðum, svo sem Frökkum og Ítölum, er að stjórnvöld í þessum löndum hafa áhyggjur af bókmenningu og viðgangi móðurmálsins. Þessa menningarpólitísku afstöðu má finna alls staðar í Evrópu. Það talar sínu máli að í 25 af 27 aðildarlöndum ESB er virðisaukaskattur á bækur lægri en almenn virðisaukaskattsprósenta og svo er einnig á Íslandi og í Noregi. Í Noregi eru bækur, líka hljóðbækur og rafbækur, algerlega undanþegnar virðisaukaskatti og þykir ekki „óvenjulegt“.

Í tilskipun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, 2006/112/EC, sem liggur til grundvallar samræmingu virðisaukaskattslöggjafar EES og er grunnplagg í þeim málaflokki, er skýrt kveðið á um að ákveðnir vöruflokkar geti notið undanþágu frá almennri virðisaukaskattsprósentu, s.s. bækur. Í nýlegri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar um breytingar á fyrri tilskipun um virðisaukaskatt, 2009/47/EC, er enn hnykkt á þessu og heimildin raunar rýmkuð þannig að bækur í sama hvaða formi þær eru seldar, hvort heldur rafrænt eða prentaðar, geti notið undanþágu frá almennri virðisaukaskattsprósentu. Þessar undanþágur ná nú þegar til rafbóka á Spáni, í Hollandi, Noregi, Frakklandi og Slóveníu. Ennig bera hljóðbækur sömu virðisaukaskattsprósentu og prentaðar bækur í Svíþjóð, Noregi og á Íslandi. Orð skýrsluhöfunda AGS um „óvenjulegar undanþágur“ virðast því komnar til af furðulegri vanþekkingu á tilskipunum Evrópusambandsins um virðisaukaskatt því auðvitað hefur AGS engra pólitískra hagsmuna að gæta sem strangfagleg stofnun.

### Sporin hræða

Það er hins vegar staðreynd að AGS sendi frá sér skýrslu um breytingar á íslenska virðisaukaskattskerfinu þar sem haldið er fram staðhæfingum sem eru einfaldlega rangar. Sama fyrirbæri ráðleggur nú stjórnvöldum í Eystrasaltslöndum um hvernig stíga á kreppuölduna og ræðst að sjálfsögðu að „óvenjulegum undanþágum“. Þann 1. janúar 2009 hækkuðu stjórnvöld í Lettlandi virðisaukaskatt á bækur úr 5% í 21%. Bóksala í mörgum verslunum minnkaði á fyrstu tveimur mánuðum eftir hækkun um allt að 70% og heildarvelta bókaútgáfunnar dróst saman um 35% að meðaltali. Eftir margvísleg mótmæli frá alþjóðasamtökum, svo sem IPA, FEP og alþjóðasamtökum bóksala, IBF, sem þrýstu á lettnesk stjórnvöld um að lækka virðisaukaskattinn að nýju, var ákveðið að lækka skattinn í 10% í ágúst 2009. Skaðinn var hins vegar skeður og samkvæmt upplýsingum frá félagi lettneskra bókaútgefenda hefur markaðurinn þar ekki enn náð sér.

Sams konar hækkun stendur nú fyrir dyrum í Litháen og þrátt fyrir mjög öfluga andstöðu alþjóðlegra samtaka og stofnana um höfundarrétt og útgáfu hefur litháíska ríkisstjórnin ekki hvikað frá áformum sínum um að hækka virðisaukaskatt á bækur úr 9% í 21% þann 1. janúar á næsta ári.

### Lækningin sem drepur sjúklinginn

Skýrslu AGS var af talsmönnum hans líkt við sjúkdómsgreiningu. Von okkar allra sem viljum standa vörð um bókmenningu okkar, innlenda fjölmiðlun og dreifingu upplýsinga á móðurmálinu er að uppskurðurinn leyfi sjúklingnum að lifa öðru lífi en því sem heldur kröfuhöfum nær og fjær hraustum. Í umræðu undanfarinna mánuða og ára hefur nefnilega gleymst eitt stórmerkilegt smáatriði: Við værum líklegast hvorki að rífast um Icesave, ESB, Magma eða rústabjörgun ef við töluðum ekki sameiginlegt tungumál og teldum okkur þurfa að útkljá þessi mál á grundvelli þess. Við værum einfaldlega önnur og þá myndu þessi mál líka öll vera talsvert með öðrum blæ. Gott ef þau hyrfu ekki eins og dögg fyrir sólu líkt og menning okkar og tungumál. Allt þetta væri þá viðfangsefni þeirra tíu sérvitringa sem hefðu hlotið nógu háa styrki úr sjóðum ESB til að rannsaka hræ íslenskrar menningar. Kannski AGS styrki þá líka vísindastarfið, sé þar ekki um „óvenjulegar undanþágur“ að ræða.

## Auglýsing um álagningu opinberra gjalda á einstaklinga árið 2010

Álagningu opinberra gjalda, sem og ákvörðun vaxta- og barnabóta, á árinu 2010 lýkur þann 28. júlí 2010 á þá einstaklinga, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Álagningin er nú aðgengileg á þjónustuvef ríkisskattstjóra á www.rsk.is og www.skattur.is.

**Álagningarskrár**, sem sýna álagða skatta á gjaldendur í hverju sveitarfélagi liggja frammi á skattstofum eða á sérstaklega auglýstum stöðum fyrir hvert sveitarfélag dagana 28. júlí til 11. ágúst 2010 að báðum dögum meðtöldum.

Framlagning álagningarskráa er samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 98. gr. framangreindra laga.

Álagning gjalda á lögaðila fer fram síðar og verður auglýst sérstaklega.

**Kærur** vegna allra álagðra gjalda einstaklinga 2010 þurfa að hafa borist ríkisskattstjóra eigi síðar en föstudaginn 27. ágúst 2010.

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

HREIN ORKA

Powershot Ginseng
6 ára gamalt Panax ginseng, hunang og ölkelduvatn

Ginseng er notað til að auka andlegt og líkamlegt starfsþrek. Ginseng er mikið notað af íþróttafólki þar sem mjólkursýruúrfelling í vöðvum mælist minni og gefur þeim verulegan bættan árangur.




Þjáist þú að andlegri og líkamlegri streytu?

Ertu orkulaus?

Powershot Ginkgo Biloba
Ginkgo Biloba, hunang og ölkelduvatn

Ginkgo Biloba Musteristré er mikið notuð í náttúrulækningavísindum. Ginkgo Biloba er talin vera góð við æðasjúkdómum, eykur blóðstreymi til heilans og getur minnkað svima, minnisleysi og þreytu.




Þjáist þú að hand og fótkulda?

Sefur þú illa?

Powershot Ginseng & Ginkgo Biloba
Panax ginseng, Ginkgo Biloba, hunang og ölkelduvatn

Með því að blanda saman Panax ginsengi og Ginkgo Biloba jurtinni færðu kröftuga blöndu af náttúrulegri orku sem fylgir þér alla leið.




1-2 skot á dag og líkaminn í lag

Ertu í jafnvægi?

Eitt skot með röri þú nærð árangri

# Langdræg þjóðráð

Verðtrygging

Hjalti Þórisson

kennari



Þann 15. júlí síðastliðinn birtist grein eftir Þorvald Gylfason í Fréttablaðinu undir fyrirsögninn „Langdræg neyðarráð“ þar sem hann tekur setningu verðtryggingarlaganna frá 1979, „Ólafslaganna“, sem dæmi um bráðabirgðaráðstöfun við efnahagsvanda sem hafi orðið eilífur augnakarl. Margt hressilegt hefur Þorvaldur skrifað þeim sem blöskrar óstjórn í hagstjórn en um þetta efni leyfi ég mér að gera athugasemd.

Þorvaldi, sem ekki er einn um þessi sjónarmið, farast svo orð, að lögin sem heimiluðu verðtryggingu á almennum fjárskuldbindingum, hafi verði sett m.a. til að „gera verðtrygginguóþarfa“ – NB þegar hún hafi haft þau áhrif að kveða niður viðvarandi verðbólgu og „hemja hana“. Hann gefur sér einnig að við lagasetninguna hafi það verið talið óþarfi að kveða á um afnám hennar aftur innan skamms tíma því það hafi verið talið svo sjálfsagt að til þess kæmi (!).

Verðtrygging fjárskuldbindinga er í eðli sínu langtímaráðstöfun. Henni er ætlað að verja verðgildi, í þessu tilviki fjárskuldbindinga, gagnvart verðgildisrýrnun gjaldmiðilsins, til langs tíma. Það er tilgangur hennar og ávinningurinn af henni. Bæði á þetta við um langtímasparnað eins og lífeyrissparnað og langtímalán eins og húsnæðislán. Hún er forsenda þess að langtímalán séu í raun langtímalán og það er kjarni málsins.

Verðtrygging var ekki nýlunda við setningu Ólafslaga – ríkisvaldið hafði haft einkarétt til verðtrygginga – ríkiseinokun. Þetta átti bæði við um lán Húsnæðisstofnunar og ríkisskuldabréf. Þannig var það t.d. í tíð Viðreisnarstjórnarinnar. Auk þessa var verðtrygging á almennum fjárskuldbindingum í raun í gangi á þessum tíma – en ekki í gegnum höfuðstól, heldur svimandi vaxtatöku – sem upphóf allar langtímagreiðsluáætlanir fólks og knúði óðaverðbólguna.

Aukakostur við verðtrygginguna mætti gjarnan vera að halda aftur af verðbólgu, hún afnemur hvata til verðþenslu – en fleira þarf til. Þorvaldur virðist álíta, að afnema ætti verðtryggingar ef verðlag væri stöðugt og þar hafi stjórnvöld brugðist. Á hverju sú kenning er byggð, að stjórnvöld leyfi sér andvaraleysi í baráttu við verðbólgu vegna þess að verðtrygging sé almennt heimil, mætti koma fram, en fleiri hafa haldið þessu fram. Í þessu sambandi má benda á að allan tíunda áratug síðustu aldar var verðlag lygilega stöðugt á íslenskan mælikvarða ; að annar andvari hafi verið þá! (Í ljósi þess má einnig nefna, að til eru þeir sem halda því fram að verðtrygging sé verðbólguhvetjandi og einnig að hún slævi hin ýmsu hagstjórnartæki – en það er önnur saga.)

> Verðtrygging verður ekki óþörf við stöðugt verðlag, eins og iðulega hefur verið haldið fram, en þá gætir hennar ekki og þeim mun minni ástæða til að agnúast út í hana við slíkar aðstæður – og glapræði að afnema hana.

Í verðbólgusamfélagi eins og þriðjaheimshagkerfi eru dæmd í, og gildir einnig um hið einhæfa hrávöruhagkerfi Íslands, er ekki að vænta stöðugs verðlags.

Verðtrygging verður ekki óþörf við stöðugt verðlag, eins og iðulega hefur verið haldið fram, en þá gætir hennar ekki og þeim mun minni ástæða til að agnúast út í hana við slíkar aðstæður – og glapræði að afnema hana.

Verðtryggingu ber jafnan að skoða í langtímaljósi og með hliðsjón af þróun annarra efnahagsstærða. Efnahags- og rekstrarreikningur hvers og eins er ekki einungis samsettur af íþyngjandi þáttum, skuldum og útgjöldum, heldur vega þar tveir aðrir þættir á móti – sem eru eignir og tekjur. Þeir þættir taka einnig verðlagsbreytingum. Þróun kaupmáttar og eignastöðu verður jafnan að skoða með tilliti til allra þessara þátta og vega þá saman; ekki einungis einblína á útgjaldahliðina til skamms tíma eins og æði útbreitt er (Þ.G. er ekki ætlað það hér – ath).

Ólafslögin heimiluðu almennar verðtryggingar á höfuðstól fjárskuldbindinga en bönnuðu ekki að þeim væri sleppt. (Gallinn á lögunum er hins vegar sá, að þau skuli ekki meina verðtryggingu í gegnum vexti – NB, það sem í almennri umræðu eru almennt ranglega kallað „óverðtryggðir vextir“ nú um stundir, en upphaflega hét verðbótaþáttur vaxta – ef menn vilja hafa hemil á verðbólgu.) Það er sem sagt ekkert sem bannar fólki að sniðganga verðtryggingu á höfuðstól ef því stendur það til boða. Hún er þannig séð afnumin.

Til þess að afmá verðtryggingar þarf að banna þær, einnig í gegnum vaxtatöku. Eigi sú ráðstöfun að hafa skjót áhrif, og koma til móts við kvartandi skuldara, þarf að upphefja lánakjör á nánast öllu húsnæði í landinu og lífeyrisskuldbindingum. Eru menn að leggja það til?

Það verður að leita annarra sökudólga en verðtryggingar á hagstjórnaróáran Íslendinga. Hvar væri þjóðin stödd án hennar? Svari hver fyrir sig.

Það er svo önnur saga hvernig verðtrygging er og hefur verið framkvæmd.

# Genaflæði frá erfðabreyttu byggi

Umhverfismál

Kesara Anamthawat-Jónsson

prófessor í plöntuerfðafræði við Háskóla Íslands



Ígrein minni í Morgunblaðinu 16. september í fyrra útskýrði ég að bygg geti víxlfrjóvgast þótt það sé sjálffrjóvgunartegund. Það er einmitt þessi náttúrulega víxlfrjóvgun sem þarf að vera full metin þegar hugað er að ræktun erfðabreytts byggs utandyra. Samt segir dr. Björn Lárus Örvar, framkvæmdastjóri ORF líftækni, í grein sinni „Byggfræi breytt í verksmiðju“ í Fréttablaðinu laugardaginn 10. júlí að „[á] grunni annarra viðamikilla tilrauna á okkar vegum og annarra vitum við að bygg er sjálffrjóvga, sem þýðir að hver byggplanta frjóvgar aðeins sjálfa sig, en ekki aðrar byggplöntur“. Síðan segir hann: „Kerfið er því algjörlega lokað vistfræðilega og líffræðilega, sem er mikill kostur.“

> Umsækjanda um leyfi til útiræktunar erfðabreytts byggs er skylt að sanna á vísindalegan hátt að genaflæði milli erfðabreytts byggs og fóðurbyggyrkja í íslensku umhverfi sé lítið og teljist undir þolmörkum skv. íslenskri (evrópskri) löggjöf.

Erfðafræðilega talið eru algjör sjálffrjóvgunarkerfi ekki til. Hins vegar eru til algjörar víxlfrjóvgunar tegundir, t.d. maís, en það byggist á erfðafræðilegu kerfi svo kallað SI-kerfi (e. self-incompatibility system). Þetta kerfi er meðal mikilvægustu drifkrafta í þróunarfræðilegri velgengni blómplantna. (Charlesworth et al. 2005. New Phytologist 168: 61–69.) Aðrar tegundir hafa víxlfrjóvgun sem bakhjarl. Kornjurtir eins og bygg og hveiti eru ríkjandi sjálffrjóvgunartegundir. Mikill breytileiki finnst þó innan tegundar, til dæmis víxlfrjóvgast vetrarbygg meira en vorbygg, og byggyrki ræktað í mismunandi umhverfi sýnir mismunandi tíðni víxlfrjóvgunar. (OGTR 2008. http://www.ogtr.gov.au/)

Það á að viðurkenna að áhætta við genaflæði er til staðar þótt hún sé mjög lítil. Enginn er að tala um 0% þolmörk hvað varðar genaflæði frá erfðabreyttum plöntum til óbreyttra plantna. Það þarf að meta genaflæði með skipulögðum tilraunum í hverju tilfelli fyrir sig nákvæmlega og með viðurkenndum aðferðum, þ.e. bæði til að greina tilveru framandi gens eða gena og til að meta tjáningu þess í viðtökuplöntum. Þannig hefur verið sýnt fram á að genaflæði, með vindfrævun, frá erfðabreyttu byggyrki Golden Promise við útiræktun í Suður-Ástralíu er langt undir 0,02% (Gatford et al. 2006. Euphytica 151: 383-391.) Það virðast vera þolmörk fyrir erfðabreyttar kornjurtir undir ástralskri löggjöf. Hins vegar er genaflæði miklu meira í finnsku byggyrki. (Ritala et al. 2002. Crop Science 42: 278-285.) Það kom einnig fram að víxlfrjóvgunartíðni í erfðabreyttu byggi var breytilegt og gat farið upp í 7% eftir byggarfgerðum, lofthita og veðri á blómgunartíma.

Umsækjanda um leyfi til útiræktunar erfðabreytts byggs er skylt að sanna á vísindalegan hátt að genaflæði milli erfðabreytts byggs og fóðurbyggyrkja í íslensku umhverfi sé lítið og teljist undir þolmörkum skv. íslenskri (evrópskri) löggjöf. Almenn þolmörk eru líklega ekki til því það fer eftir eðli einstakra umbreytra gena og afurða tjáningu þeirra. Í þessu samhengi ætti leyfishafi að hefja rannsóknir til að kanna hvaða áhrif umbreytt gen hafi á búskap og heilsu dýra og manna ef mengun á sér stað í stofni fóðurbyggs. Þetta þarf að gera fyrir hvert gen. Allt þetta ferli þarf að vera gegnsætt. Almenningur á rétt á því.

# „Vituð ér enn…“

Hrunið

Sverrir Hermannson

fyrrverandi þingmaður og ráðherra



Hinn 17. nóvember 2004 birti höfundur grein, þar sem stóð m.a.: „Í Morgunblaðinu 27. okt. sl. beindi undirritaður þeirri fyrirspurn til fjármálaráðherra hvert hefði verið söluverð eignarhluta Landsbanka Íslands í Vátryggingafélagi Íslands, sem seldur var í aðdrögum að sölu bankans. Ráðherrann svaraði strax daginn eftir og kvað sér ljúft að upplýsa að hlutur ríkisins í Landsbankanum hefði ekki heyrt undir fjármálaráðherra heldur viðskiptaráðherra. Í lok svarsins segir ráðherra: „Ég hefi ekki upplýsingar um umrætt söluverð en tel víst að það hafi verið í samræmi við markaðsverð þessara bréfa á þeim tíma.“

Ráðherrann „telur víst“ en veit ekki um milljarðasölu á eign Landsbankans í VÍS, þótt bankinn væri hér um bil allur í eigu ríkisins.

Eins og fram kom í fyrirspurn greinarhöfundar, þurfti hann engar upplýsingar um að salan var á hendi bankamálaráðherra Framsóknar. Né heldur hverjir sáu um söluna fyrir hönd ráðherrans. Þaðan af síður hverjir keyptu. Hann var aðeins að spyrja gæslumann landsins kassa um hvað hefði komið í þann sjóð við fyrrgreinda sölu.

Staðreyndir málsins eru þessar: Bankamálaráðherrann bar ábyrgð á sölunni. Um söluna önnuðust bankaráðsmennirnir Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins og sérleg senditík Finns Ingólfssonar, Helgi Guðmundsson. Kaupandi var hinn svokallaði S-hópur „sem á rætur sínar að rekja til Sambands íslenzkra samvinnufélaga (SÍS)“, sbr. Morgunblaðið 26. okt. sl. bls. 13, þar sem fyrirsögnin hljóðar: „VÍS yfirtekið og afskráð“.“

Spurningunni, sem fjármálaráðherra kunni ekki svar við, hefir verið svarað fyrir margt löngu. S-hópurinn keypti VÍS-bréfin á 6,8 milljarða. Tæpum fimm árum síðar seldi hópurinn bréfin fyrir 31,5 milljarða króna.

Það er ekki von að fjármálaráðherrann vildi vita neitt um þessa frægu sölu á ríkiseign.

Þetta er eitt af dæmunum um hvernig framsóknarmenn mökuðu krókinn undir forystu Halldórs Ásgrímssonar með vitund og vilja Sjálfstæðisflokksins.

Sumarskóli TBR

Sumarskóli TBR hefur verið starfræktur í yfir 20 sumur. Þetta er alhliða íþróttaskóli og eru fjölmargar íþróttagreinar á dagskrá. Badmintoníþróttin skipar þó veglegan sess, enda er hún aðalíþrótt TBR. Við starfrækjum íþróttaskóla fyrir 6-13 ára börn í sumar. Skipt er í hópa eftir aldri.

Á námskeiðinu er stefnt að því að kynna nemendum helstu grunnatriði badmintoníþróttarinnar.Kennslan fer bæði fram á leikjaformi og í formi tækniæfinga og skiptist erfiðleikastig þeirra eftir aldri og getustigi þátttakenda. Einnig kynnast nemendur helstu leikreglum.



Námskeiðið er fjölbreytt, spennandi og skemmtilegt og við nýtum okkar frábæru staðsetningu í Laugardalnum, auk þess að fara í stuttar ferðir með strætó út fyrir dalinn. Á hverju námskeiði er m.a. farið í Fjölskyldu- og Húsdýragarðinn, í sund í Laugardalnum, ratleik í Elliðaárdalnum, Nauthólsvík heimsótt o.s.frv. Hverju námskeiði lýkur með hátíðardagskrá með ýmsum skemmtilegum viðburðum.

Boðið verður upp á bæði heils- og hálfsdagsvistun, frá 9-13 og 9-16. Möguleiki er á gæslu frá 8-9 og frá 16-17. Boðið er upp á léttan hádegisverð fyrir börn sem eru í heilsdagsvistun.
Þjálfarar eru m.a. Skúli Sigurðsson íþróttakennari, Broddi Kristjánsson íþróttakennari, Árni Þór Hallgrímsson badmintonþjálfari, Ragna Ingólfsdóttir leiðbeinandi o.fl.

Námskeið 3 3. ágúst - 16. ágúst

Verð er kr. 9.000 fyrir námskeið kl. 9-13
og kr. 17.000 fyrir námskeið kl. 9-16.
*Upplýsingar og innritun í síma 581-2266.*

Öll börn í Sumarskólanum fá jafna viðurkenningu fyrir þátttöku og verðlaunapening eins og stefna ÍSÍ í þjálfun barna og unglinga segir til um.

TENNIS- OG BADMINTONFÉLAG REYKJAVÍKUR
Gnoðarvogi 1, 104 Reykjavík, Sími: 581-2266 tbr@tbr.is www.tbr.is



**SAFNABÓKIN** 2010 er komin út en hún er upplýsingabók um öll söfn, sýningar, setur, höfuðkirkjur og þjóðgarða á Íslandi. Bókinni er dreift um allt land, ferðamönnum að kostnaðarlausu og því tilvalin í ferðalagið.



FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

friendtex
ÚTSALA
Af vor og sumarlista Friendtex lista 2010
Þú kaupir 2 flíkur og færð þriðju flíkina FRÍTT með
Sú ódýrasta fylgir frítt með
Lokað vegna sumarleyfa 3. og 4. ágúst hjá Praxis og Friendtex
Opið mánud. – föstud. frá kl 11 – 18
Lokað á laugardögum
50% 40%
Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10. 108 Reykjavík. sími: 568 2870 - www.friendtex.is



Elva Rún hefur slegið í gegn hjá farþegum skemmtiferðaskipanna sem koma inn á Ísafjörð enda er hún kotroskin í Bryggjubúðinni sinni. MYND/ÞORSTEINN J. TÓMASSON

# Alltaf í alvöru búðarleik

**Við hús Sjóferða Hafsteins og Kiddýar á Ísafirði hefur tíu ára rauðhærð hnáta komið sér upp sölubás þegar skemmtiferðaskipin liggja við bryggju. Hún heitir Elva Rún Róbertsdóttir og rekur bryggjubúð.**

„Ég er einmitt að fara niður á bryggju og fer örugglega með varninginn út því veðrið er svo ágætt,“ segir Elva Rún Róbertsdóttir þegar hún svarar í símann vestur á Ísafirði. Ítalska skemmtiferðaskipið Le Boreal liggur í Sundahöfninni og samkvæmt frétt á bb.is höfðu yfirmenn útgerðarinnar séð Elvu Rún vera að selja smávarning á bryggjunni fyrir skemmstu og óskað eftir að hún yrði þar aftur þegar Le Boreal yrði á ferð.

Elva Rún er tíu ára og þetta er fyrsta sumarið hennar í verslunarrekstri. Hún kveðst einkum hafa búðina opna þegar skemmtiferðaskipin koma en líka stundum þegar um venjulegar ferðir sé að ræða út í Vigur sem afi hennar og amma, Hafsteinn og Kiddý, í fyrirtækinu Sjóferðir, sjá um. Hvernig skyldi salan hafa gengið? „Svona sitt á hvað. Ég held að Þristurinn og húfurnar seljist best,“ segir hún og útskýrir að húfurnar séu prjónaðar af ömmu hennar enda heiti þær „amma cool“. Hún selur Ópal og rabarabarasultu líka og svo gosdrykki, en öfunda vinkonur hennar hana ekki af því að vera alltaf í alvöru búðarleik? „Ég veit það ekki. En ein þeirra, Birta Rós, hefur stundum spurt hvort hún megi ekki hjálpa mér og hún hefur fengið það.“

Þótt flestir ferðamennirnir séu bara að „kíkja og skoða“ eins og Elva Rún orðar það segir hún stundum brjálað að gera. En er hún ekki í vandræðum með að tala við útlendingana? „Nei, ég er í enskutímum í skólanum og svo horfi ég mikið á myndir í sjónvarpinu með ensku tali, þannig að ég get bjargað mér. Auðvitað eru allir með útlenska peninga en mamma er búin að reikna út verðið og setja upp spjald, þar sem ég get séð hvað hver hlutur kostar í evrum.“

Hvað heitir svo búðin? „Hún heitir bara Bryggjubúð Elvu Rúnar.“ *gun@frettabladid.is*

Geymslu- og dekkjahillur
kr.15.990.-
viðbótareining kr. 11.357.-
í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið
Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smellt saman
Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS
OPIÐ 08:00 - 17:00

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Er bíllinn klár í ferðalagið?
15% AFSLÁTTUR af vinnu við smur
15% AFSLÁTTUR af fólksbíladekkjum
15% AFSLÁTTUR af jeppadekkjum
olís
DEKK
RAFGEYMAR
BREMSUKLOSSAR
SMURÞJÓNUSTA
PERUR
RÚÐUÞURKUR
ALÞRIF & TEFLONBÓN
SÆKJUM OG SKILUM
Allt á einum stað!
BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

**FERÐALANGAR** geta aflað sér upplýsinga um ýmis réttindi sín á síðunni neytandi.is undir ferðalög. Meðal þess sem þar er að finna eru upplýsingar um farsímanotkun utanlands, greiðslukortanotkun, tryggingar og tolla.






„Allt eru þetta hús sem hafa gegnt öðru hlutverki áður og hafa verið yfirgefin á einhverjum tímapunkti," segir Þóra Sigurðardóttir. MYND/ÚR EINKASAFNI



Þorri Hringsson sýnir í Ólafsdal. MYND/ÚR EINKASAFNI



Anne Thorseth sýnir í Röðli. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Mannlífið í Dölunum

**Ungir bændur, teikningar úr eggjaferð og skissur frá ökuferð er meðal þess sem sjá má á sýningunni Dalir og hólar 2010 – ferðateikningar, sem haldin er á fjórum stöðum við Breiðafjörð og Gilsfjörð.**

„Fókusinn í ár er á ferðateikningar," segir Þóra Sigurðardóttir, einn af sýningarstjórum sýningarinnar Dalir og hólar 2010 – ferðateikningar, sem hófst síðasta laugardag og lýkur 8. ágúst. Sýningin er sett upp í þriðja skipti um þessar mundir og breytist þema sýningarinnar ár hvert. Handverk var í brennidepli í fyrra og sýningarrýmin þar áður.

Sýningin er sett upp á fjórum stöðum við Breiðafjörð og Gilsfjörð. Hún er í gamla kaupfélagshúsinu á Króksfjarðarnesi, í gamla skólahúsinu í Ólafsdal, gömlu hlöðunni að Nýp á Skarðsströnd og í gamla samkomuhúsinu Röðli á Skarðsströnd. „Allt eru þetta hús sem hafa gegnt öðru hlutverki áður og hafa verið yfirgefin á einhverjum tímapunkti," segir Þóra og heldur áfram: „Einn þáttur í Dalir og hólar-sýningunum hefur einmitt verið að vekja athygli á verðmætum sem liggja í byggingum sem ekki er hirt um."

Markmið sýningarinnar er að taka þátt í mannlífi svæðisins, efna til samstarfs við heimamenn og leiða sýningargesti í ferðalag um svæðið. Þóra segir sjö listamenn taka þátt í sýningunni. „Nálgunin er mjög fjölbreytt og ólík hjá hverjum og einum," upplýsir Þóra og nefnir dæmi: „Kristín Rúnarsdóttir fór í ökuferð og stoppaði á leið sinni og skissaði.



Ungir bændur sem Dagbjört Drífa Thorlacius hitti tóku vel í verkefni hennar. MYND/ÚR EINKASAFNI

Útgangspunktur Önnu Guðjónsdóttur er bréf Collingwood til Dóru dóttur sinnar þar sem hann lýsir gönguferð í Gilsfirði og Helgi Þorgils teiknaði og skráði texta úr eggjaferð út í Eyjar í vor."

Dagbjört Drífa Thorlacius heimsótti unga bændur í sveitinni í sauðburðinum og málaði myndir úr ferðinni. „Þetta eru bændur sem eru fæddir frá 1975 til 1984. Ég fékk að heilsa upp á þá og sjá hvað þeir væru að gera. Þeir voru búnir að vera í fjárhúsunum yfir nótt og ég fékk að kíkja inn í fjárhúsin," segir Dagbjört.

Dagbjört segist hafa mikinn áhuga á fólki. „Ég er mjög upptekin af manneskjunni og umhverfi hennar. Mér finnst mjög gaman að vera í kringum fólk," útskýrir hún og segir bændurna hafa tekið sér mjög vel. „Mér fannst kjörið að fara í mannlífið í Dölum því sýningin átti að fjalla um það."

Nánari upplýsingar má finna á www.nyp.is/dalirogholar2010.

*martaf@frettabladid.is*









# land undir fót

MIÐVIKUDAGUR 28. JÚLÍ 2010




NORDICPHOTOS/GETTY




**● ÞEGAR FARIÐ ER Í FERÐALAG ER ÝMISLEGT SEM GOTT ER AÐ HAFA MEÐ Í BÍLNUM.**



- Vegakort ætti alltaf að vera í bílnum. Það kemur sér alveg örugglega vel.
- Vatn í flöskum eða brúsum er gott að hafa við höndina ef ferðalangarnir verða þyrstir.
- Blautþurrkur getur verið gott að hafa til að þurrka sér um hendurnar ef þær verða óhreinar.
- Teppi er gott að hafa í bílnum ef einhver vill leggja sig eða er bara kalt.
- Súkkulaði getur komið sér vel við hinar ótrúlegustu aðstæður þó ekki sé nema bara ánægjunnar vegna.

**● FÁ GRÖMM FULL AF ORKU** Ósoðið pasta er létt að bera í bakpokanum en gefur orku í kroppinn þegar búið er að matreiða það. Auðvitað er skilyrði að aðstaða sé til að sjóða það á áfangastað, hvort sem prímus er með í för eða stoppað er í skála með eldunaraðstöðu. Til að bragðbæta pastað er upplagt að tína blóðberg, lítils háttar hvönn eða annan íslenskan kjarngróður á leiðinni og sjóða með. Ostbiti sem slæðst hefur með í pokann og bræddur er með pastanu í lokin gerir svo gæfumuninn og gerir máltíðina að hátíðaverði.



**● GOTT SKIPULAG** Þegar matar- og drykkjarföng eru höfð með í nesti er mikilvægt að þau haldist fersk og þar kemur kælibox að góðum notum. Ofan í kælibox getur verið sniðugt að setja aukalega klakabox svo kuldinn verði meiri og haldist lengur. Eins er sniðugt að bæta við frosnum súpum og kjötkássum og nota til kælingar. Þá getur komið sér vel að taka tvö kælibox ef börn eru með í för, annað undir mat og hitt fyrir drykki. Þannig geta börnin óhikað sótt sér drykki þegar þau verða þyrst án þess að hrófla við matnum.








**Karl Sigurðsson, sviðsstjóri ökutækjasviðs hjá Frumherja, segir mikilvægt að farartæki séu í góðu standi áður en lagt er af stað í ferðalag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Örugg úti á þjóðveginum

**Verslunarmannahelgin er á næsta leiti og sjálfsagt margir sem ætla þá að leggja land undir fót. Að mörgu þarf að huga áður en lagt er af stað, meðal annars er mikilvægt að farartækið sé í góðu lagi.**



**Mikilvægt er að réttur loftþrýstingur sé í dekkjum.**

„Til að útilegan eða ferðalagið heppnist sem allra best er mikilvægt að setja saman gátlista áður en lagt er af stað og á það ekki síst við um ökutæki og allt sem þeim viðkemur, enda verða þau að vera í fullkomnu standi," segir Karl Sigurðsson, sviðsstjóri ökutækjasviðs hjá Frumherja, og telur upp nokkur atriði sem vert er að hafa í huga.

„Bílrúðurnar þurfa að vera í lagi og þurrkurnar og rúðusprautan, enda ekkert verra en skítugar rúður. Eins er mikilvægt að vera viss um að öll ljós á bifreiðinni séu nothæf og sömuleiðis á tengivagni, tjaldvagni eða fellihýsi, standi til að hafa slíkt meðferðis. Þá þarf að festa vagninn vel og vandlega aftan á ökutækið svo hann losni ekki og valdi hugsanlega einhverju tjóni."

Að sögn Karls er líka mikilvægt að loftþrýstingur í dekkjum sé réttur, en upplýsingar um hann er yfirleitt að finna í hanskahólfi bifreiðarinnar, í dyrastafnum eða jafnvel á innanverðu bensínlokinu. „Þá verða varadekk og verkfærakassi að vera við höndina ef springa skyldi á bílnum og sömuleiðis öryggisþríhyrningurinn sem á að stilla upp 100 metrum aftan við bifreiðina á meðan skipt er um dekk."

Karl segir áríðandi að ganga úr skugga um að nægileg smurolía sé á ökutækinu, sérstaklega ef til stendur að ferðast um fjöll og firnindi. „Smurolían þarf að vera í hámarki þar sem bílar fara þá í mikinn halla en við slíkar kringumstæður verður dælan að geta náð í olíuna."

Loks minnir Karl á að hafa beltin alltaf spennt meðan á akstri stendur, tryggja öryggi barnanna og stilla akstursharðann vð aðstæður. „Þó aldrei þannig að menn fari umfram hámarkshraða," tekur hann fram. *- rve*

# Aukarafbúnaður í bifreiðar

„Við erum mestmegnis í því að taka bíla og búa undir hleðslu fyrir fellihýsi, tjaldvagna og hjólhýsi, svo nóg sé af rafmagni á geymnum þegar komið er á áfangastað," segir Ásgeir Örn Rúnarsson, hjá AMG aukaraf í Kópavogi sem sérhæfir sig í sölu á fjarskiptabúnaði og ísetningu á aukarafbúnaði í bíla. Þar hafa starfsmenn verið á fullu við að gera breytingar á ökutækjum fyrir bifreiðaeigendur sem ætla að ferðast innanlands á næstunni.

„Í einhverjum tilfellum erum við að setja spennubreyta í bíla og breyta úr 12 volta rafmagni í 230 volta heimarafmagn fyrir þá sem vilja hafa með sér í ferðalagið tölvur, myndavélar og vídeóupptökuvélar eða annan munað, svo fátt eitt sé nefnt," segir hann en getur þess að þó sé algengara að fólk vilji að ljósabúnaðurinn sé yfirfarinn vel og vandlega fyrir ferðalagið eða kerra tengd tryggilega aftan á bílinn.



**Ásgeir með spot-tækið sem sendir boð í tölvu ferðalangsins þar sem hægt er að fylgjast með ferðum hans.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gps-tæki segir Ásgeir eftir sem áður eftirsótt, einkum hjá þeim sem ætla í mótorhjólaferðir, göngur eða útreiðartúra og sömuleiðis spot-tæki, sem geta sent boð í heimatölvu viðkomandi ferðalangs þar sem vinir og vandamenn geta fylgst áhyggjulausir með ferðum hans.

„Þá fá sér margir þjófavarnarkerfi í bílinn, sem samanstendur af fjarstýringu og skynjurum en sala á þeim hefur stóraukist eftir kreppu. Fjarstýringuna notar eigandinn til að læsa bílnum og það fer ekki á milli mála ef einhver reynir að brjótast inn í hann eða ræsa, því þá fer kerfið í gang með tilheyrandi óhljóðum," segir hann og brosir. *- rve*

# Við erum ódýrari

VEIÐIPORTIÐ

Opnunartímar
mán.–fös. kl. 9–18
laugard. kl. 9.00–16.00
Opið á sunnudögum
í júní, júlí og ágúst.

**Veiðiportið • Grandagarði 3 • Sími 552 9940**

## Brasstúpur

Besta verðið í bænum?

**395 kr.**



**Í 7 ár höfum við verið með langt um betri verð en allir aðrir í bransanum. Langt um betri verð en netsölur, verslunarkeðjur, stórmarkaðir, kjallara og bílskúrsbönd eða hvað þetta nú heitir í dag. 20 ára reynsla í fluguhnýtingum tryggir gæðin.**

## Robinson fluguhjól



Úr áli með diskabremsu.
**2.900 kr.**

## Jaxon Impress

Mjög vandað 8 legu hjól með aukaspólu og 2 ára ábyrgð.

**6.950 kr.**



## Advance spinnstangir



6 - 8 - 9 og 10 fet frá **2.990 kr.**

## Frábært kasthjól



ROBINSON®

4 legur.
1 auka spóla.
**Aðeins 3.950 kr.**

## 99 kr. flugan

Sérvaldar silungaflugur
10 stk. í poka.
**990 kr.**

Allar aðrar silungapúpur.
**220 kr.**



## Flökunarhnífur

TILBOÐ



MISTRALL®

Góður flökunarhnífur **1.990 kr.**
Þú þarft bara einn hníf til að flaka.
Þykkt og gott haldfang og fínt slíður.

## Gott kasthjól

JAXON®

Gott kasthjól á 1 legu fínt fyrir byrjendur og sem auka hjól.

**2.990 kr.**



## TOPY spúnar



Verð aðeins
**395 kr.**

## Vöðlutilboð

Öndunarvöðlusett.
Snowbee vöðlur
og Jaxon skór.

**Aðeins 28.950 kr.**

**Líklega LANG-ÓDÝRASTA öndunarvöðlusettið á Íslandi í dag.**

**Ath. Vöðlutaska fylgir.**




## Flugustangarpakki frá Robinson

9 feta stöng í 3 hlutum lína 6/7 ál diskabremsu fluguhjól með 3 legum og nákvæmri diskabremsu flotlína, undirlína, taumatengi og taumur + 10 flugur í poka. Allt sem þú þarft til að byrja í flugunni.

**19.900 kr.**





## Jaxon slöngubátur 290 cm og 320 cm

AÐEINS FJÓRIR BÁTAR EFTIR

CE vottaðir og samþykktir af Siglingastofnun Íslands.

- þolir allt að 20 hestafla mótor
- þyngd 45 kg
- harður botn og uppblásinn kjölur
- árar og pumpa
- kemur í tösku og smellur í skottið á fjölskyldubílnum

**Verð 249.000 kr.**







**Rafmagnsmótor að verðmæti 44.950 kr. fylgir meðan birgðir endast.**



Skyggni á felli- eða hjólhýsi. Seglagerðin Ægir, 159.000 krónur.



Skyggni á tjaldvagn. Ellingsen, 45.750 krónur með afslætti.



Ef sólin lætur á sér kræla ætti kælitaskan með íspinnum og tilheyrandi alltaf að vera innan handar. Europris, 990 krónur.



Fortjald á hjólhýsi. Seglagerðin Ægir, 159.000 krónur.



Rafmagnshitari. Ellingsen, 22.400 krónur.

# Við öllu búin

**Spáin fyrir verslunarmannahelgina er heldur köflótt og því er gott að vera við öllu búin. Við felli- og hjólhýsin, sem verða án efa tekin fram í stórum stíl, er hægt að bæta bæði markísum og fortjöldum sem gefa möguleika á útiveru þrátt fyrir jafnvel rigningu og rok. Undir skyggnunum má grilla, sitja að snæðingi og jafnvel taka í spil í skjóli fyrir veðri og vindum. Fortjöldin gefa síðan enn meiri möguleika auk þess sem þau stækka fellihýsið, oft um allt að helming. Gashitarar gera svo gæfumuninn og gera fólki kleift að sitja úti langt fram á nótt.** - ve



Grillið gefur heitt og gott í kroppinn. Europris, 35.990 krónur.






Það eiga ekki allir jafn auðvelt með að sofa í tjaldi. NORDICPHOTOS/GETTYR

# Sofið á sínu græna

Góður nætursvefn er ekki sjálfgefinn í tjaldútilegunni og lenda sumir í því að koma jafnvel ekki dúr á auga. Ef ætlunin er að tjalda til meira en einnar nætur borgar sig því að vera búinn öðru en litlu kúlutjaldi og þunnum svefnpoka því annars getur fríið hæglega breyst í hreina martröð.

Góð tjalddýna skiptir sköpum enda einangrar hún bæði fyrir kulda og sér til þess að undirlagið sé hæfilega mjúkt. Frauðplastdýnur, sjálfupplásanlegar dýnur og vindsængur koma oftast að góðum notum og má jafnvel leggja frauðplastdýnurnar tvöfalt.

Svefnpokinn ætti ekki að vera af ódýrustu gerð enda allra veðra von á Íslandi og getur hitastigið hæglega farið undir frostmark um hásumar. Veltið fyrir ykkur fyllingunni sem hefur mikið að segja og spyrjið hvort pokinn sé með vel einangraðan rennilás. Dúnpokar fást í miklu úrvali og halda hita í þónokkru frosti. Þeir eru léttir en mega hins vegar ekki blotna svo ef hætta er á því geta trefjapokar hentað betur.

Góður koddi og ullar- eða flísteppi til að breiða yfir sig ef með þarf ætti síðan að tryggja góðan svefn, meira að segja í litlu og léttu tjaldi. - ve

**● MEÐ LJÓS Í FARANGRINUM** Þótt enn sé hásumartíð á Íslandi er óneitanlega tekið að húma á kvöldin og því getur verið sniðugt að stinga vasaljósi með í bílinn þegar haldið er af stað í ferðalagið. Það getur komið sér vel ef springur á bílnum seint um kvöld eða bregða þarf upp ljósi í tjaldinu.

Ef börn eru með getur vasaljósið boðið upp á hina bestu skemmtun þegar komið er í áningarstað að kvöldi. Þá geta tekið við leyndardómsfullar rannsóknarferðir fyrir þau um nánasta umhverfi tjaldsins með vasaljósið að vopni og Nintendo-tölvan og önnur tól sem skilin voru eftir heima gleymast um stund.



**● SKERPIR UMHVERFIÐ** Kíki er gott að hafa í ferðalagið og skerpir sýn okkar á umhverfið. Hann má nota til að gaumgæfa betur fjölbreytt dýraríkið sem þrífst á Íslandi, til dæmis þegar lagt er af stað í fuglaskoðunarferð sem nýtur vaxandi vinsælda hérlendis eða veiðiferð, nú eða bara athuga hvernig leiðin fram undan er í fjallgöngunni.





**● Í FJALLGÖNGUNNI** Þeir sem sækja á brattann þurfa að hafa eitthvað orkuríkt í malnum til að borða á göngunni. Fátt reynist þá betur en rúsínur og hnetur. Þurrkaðir ávextir koma líka sterklega til greina. Kókómjólk í fernum er bæði nærandi og svalandi nesti.



**● BEST AÐ HAFA VAÐIÐ FYRIR NEÐAN SIG** Sjúkrakassa er nauðsynlegt að hafa meðferðis í ferðalagið enda getur hann komið sér vel ef vanda ber að höndum. Hann þarf ekki að innihalda nema það allra nauðsynlegasta sem grípa þarf til ef slys ber að höndum og ágætt að bæta við eftir þörfum. Á vefsíðu landlæknisembættisins er að finna tillögu um innihald:

- Rúlla plástur (bréfplástur, brúnn plástur)
- Lítil skæri (stálskæri)
- Flísatöng
- 2 stk. 7,5 cm krepbindi (teygjubindi)
- 1 stk. 5 cm krepbindi (teygjubindi)
- 1 pk. skyndiplástur 4 cm
- 1 pk. skyndiplástur 6 cm
- 1 fetill (þríhyrningur)
- 1 stk. 160 ml saltvatn 0,9% NaCl
- 5 eyrnapinnar í lokuðu plasti (plastfilmu)
- 1 pk. 10 x 10 cm vasilíngrisja
- 1 pk. 10 x 10 cm grisjur (5 stk.)
- 1 pk. 5 x 5 cm grisjur (5 stk.)
- 1 augnskolglas
- 2 pakkar af límrenningum í mismunandi stærð (klemmuplástur)
- 2-3 pk. sáraservéttur – einungis til að þvo hendur áður en búið er um sár.
- 1 stk. blástursgríma (maski til að setja yfir munn þess sem blásið er í)
- 1 par af einnota hönskum.








● **TORTILLA MEÐ HOLLU ÁLEGGI** Meðal þess sem fljótlegt er að búa til áður en lagt er upp í langferð og er lystugt þegar komið er á leiðarenda eru tortillarúllur með fersku grænmeti, osti og góðri skinku eða öðru kjöt- eða fiskáleggi. Tortillapönnukökur stórar: Skinka eða annað álegg-Ostur-Ferskt og gott salat-Rauð paprika-Tómatar-Mexíkósk ostasósa. Sósunni er smurt á tortillakökuna. Kál, paprika, tómatar, kjöt- eða fiskmeti og ostur er lagt ofan á og kökunni rúllað upp þéttingsfast. Svo má skera kökuna í netta bita ef fólk vill.

# Samlokurnar hennar Lukku mömmu slógu alltaf í gegn

**Áður en haldið er í helgarútileguna er heillaráð að útbúa nesti sem verður, þegar upp er staðið, mun hollara og ódýrara en það sem keypt er í sjoppunum. Matreiðslumeistararnir Brynjar Eymundsson og Steinn Óskar Sigurðsson luma á góðum ráðum.**

„Ég man að þegar ég var að fara á Atlavíkurhátíðirnar í gamla daga nestaði Lukka mamma mig með fullu boxi af samlokum með eggjum sem voru steikt á báðum hliðum. Þetta sló þvílíkt í gegn hjá okkur unglingunum og ef beikoni var stungið á milli sneiðanna líka urðu samlokurnar enn stórkostlegri,“ segir Brynjar Eymundsson, matreiðslumeistari og eigandi hins nýja veitingastaðar Höfnin niðri við Reykjavíkurhöfn. Hann vill líka ráðfæra sig við yfimatreiðslumann staðarins, Stein Óskar Sigurðsson, og saman mæla þeir með íslenskri kjötsúpu með öllu í. „Það er upplagt að frysta hana í plastdöllum áður en haldið er af stað og nýta hana sem kælingu í nestisboxinu meðan hún þiðnar. Þá er hún fín á laugardag, sunnudag,“ bendir Steinn á.



Þeir félagar segja líka frábært að grilla sér laxasneið og pensla með barbecuesósu, setja hana í hamborgarabrauð ásamt sýrðum rjóma og tómatsalati. „Svo eru lambakótilettur sívinsælar í ferðalagið og girnilegar kaldar, til dæmis með kartöflusalati og grænmeti,“ heldur Brynjar áfram. „Það er líka hægt að bregða þeim á einnota útigrill og vera þannig snöggur að fá dýrindis heita máltíð með lítilli fyrirhöfn. Að sjálfsögðu á fólk svo að hafa með sér kleinur og annan heimabakstur til að slá á snakkkaupin.“

Þótt þeir félagar sjái ekki fram á stórútilegur um helgina þar sem annríkið er mikið í Höfninni þá geta þeir greinilega sett sig í spor þeirra sem eru í útileguskapi og Steinn kemur með síðustu þjóðráðin í þessum pistli: „Það getur verið gott að sleppa létt frá matargerðinni í útilegunni með því að kaupa eitthvert tilbúið salat, til dæmis kartöflusalat, og blanda sjálfur í það rifnum steiktum kjúklingi eða einhverju öðru kjöti, ásamt síðasta gúrkubitanum og tómatinum sem til er í ísskápnum áður en útidyrahurðin lokast á leið í fríið.“ -gun




**Þeir Brynjar og Steinn klikka ekki þegar kemur að nestisráðleggingum til þeirra sem eru á leið í helgarútileguna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Enginn ratar eins þunnur

Nýja tækniundrið frá Garmin



**Nüvi 3790**




Tilboðsverð 94.900 með íslandskorti



Aðeins 8.95mm

Hægt að velja á milli lárétts og lóðrétts viðmóts • Multitouch, hægt að þysja með því að draga fingur saman eða sundur • Raddstýrt á ensku • Einstaklega bjartur og góður skjár • Sér hátalari í festingu til að gefa greinargóðar leiðarlýsingar • NuRoute myTrends lærir á ökuhegðun og velur áfangastað eða leiðir samkvæmt því • Þrívídd er einnig í Evrópukortinu • Sérstakur gönguhamur fyrir borgarnotkun með City Explorer kortum • Fékk reddot hönnunarverðlaunin 2010



**Oregon 450**
Vinsælasta útivistartækið með alvöru 3D sem gefur góða tilfinningu fyrir landslaginu. Kr. 74.900



**Dakota 20**
Þetta harðgerða lófastóra útivistartæki kemur öllum á óvart. Kr. 59.900



**Nüvi 1490TV**
Ekki bara leiðsögutæki heldur líka 5" sjónvarpstæki. Sjón er sögu ríkari. Kr. 74.900



**Nüvi 1350**
Vinsælasta leiðsögutækið á aðeins kr. 39.900 með Evrópukorti.

PIPAR\TBWA • SÍA • 101871

Fylgdu þeim fremsta!

Ögurhvarfi 2, 203 Kópavogi | S: 577 6000 | www.garmin.is

GARMIN BÚÐIN

# ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA



# 50%

**AFSLÁTTUR AF**
**ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM**

Vorum að taka upp
nýjar vörur sem fara
beint á **TILBOÐ**

Við erum á fyrstu
hæðinni í Firði.

**MINĎ**
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073

**Erum með opið á lau.**
**kl. 11-16**

FJÖRÐUR
*www.fjordur.is*



**● AÐGÁT Á TJALD-SVÆÐUM** Landsbjörg hefur sett saman lista sem stuðlar að öryggi ferðalanga á tjaldsvæðum.

- Gasgrill á eingöngu að nota utandyra. Munið að kveikja á grillinu um leið og skrúfað hefur verið frá gasi. Munið að skrúfa fyrir gasið á kútnum að notkun lokinni.



- Notið ekki gas inni í lokuðu rými án þess að vera með gas- eða súrefnis-skynjara. Skiptið um eldsneytiskút utandyra, fjarri opnum eldi. Fylgist ávallt vel með prímusi sem er í notkun og farið ekki að sofa fyrr en slökkt hefur verið á honum.

- Kolagrill er eingöngu til notkunar utandyra. Ekki sprauta grillolíu á kol sem hefur verið kveikt upp í. Gangið tryggilega frá grillinu eftir notkun, þar sem hvorki börn né ferfætlingar geta komist í þau. Munið að lengi lifir í gömlum glæðum.











Gerði stendur í grænu túni, með Steinafjall á aðra hönd og Breiðabólsstaðarlónið á hina. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

# Byggði við í vor

**Gerði í Suðursveit er einn þeirra bæja sem starfa undir merkjum Ferðaþjónustu bænda.**

„Við höfum rúm fyrir 70 manns í gistingu í íbúðarhúsi og fjórum smáhýsum og bjóðum upp á morgun- og kvöldverð fyrir okkar gesti,“ segir Björn Borgþór Þorbergsson, ferðaþjónustubóndi í Gerði í Suðursveit, inntur eftir þjónustunni. „Ég byggði við húsið í vor, stækkaði borðsalinn, bjó til nýtt eldhús og fjölgaði herbergjum á efri hæðinni. Það var mjög þarft til að betrumbæta alla aðstöðu,“ tekur hann fram.

Björn Borgþór segir alltaf eitt og eitt herbergi laust en annars mjög vel bókað fram í miðjan september. „Eldgosið hafði lítil áhrif á aðsóknina hér. Það voru nokkrir sem afbókuðu í maí en aðrir hafa skilað sér vel,“ segir hann.

Gerði stendur á sömu torfu og Breiðabólsstaður, Hali og Þórbergssetur og blasir við frá þjóðvegi 1. Skammt er niður á bakka Breiðabólsstaðarlónsins og handan þess er sandfjara sem Atlantshafið svarrar við. Steinafjall gnæfir tignarlegt í norðri, í vestri ber Öræfajökul við loft en í austri slær bláma á hornfirsk fjöll.

Auk ferðaþjónustunnar í Gerði leigir Björn Borgþór út gistipláss fyrir 70 manns á Hrollaugsstöðum í skólahúsi og heimavist. *- gun*

# Á skáldaslóðum

**Bókmenntaganga um Voga og Heima fer fram á morgun.**

Sólheimasafn Borgarbókasafnsins efnir til bókmenntagöngu í nágrenni safnsins á morgun. Í göngunni verða Vogar og Heimar kynntir sem heimaslóðir skálda, en fjölmörg þeirra hafa búið í hverfinu.

Byggð hófst í Langholtshverfi árið 1940 og var það lengi vel eitt helsta úthverfi bæjarins. Út frá því mynduðust svo Vogar og Heimar á síðari hluta fimmta áratugarins. Sólheimablokkirnar, sem standa við hlið Sólheimasafns, voru helstu háhýsi Reykjavíkur á sínum tíma og koma meðal annars við sögu í skáldskap Einars Más Guðmundssonar, eins fyrrverandi íbúa hverfisins. Aðrir höfundar sem koma við sögu í göngunni ólust ýmist upp í hverfinu eða fluttu þangað síðar á ævinni.



Í göngunni verða Vogar og Heimar kynntir sem heimaslóðir skálda. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA HELGADÓTTIR

Arngrímur Vídalín og Þórhallur Þórhallsson leiða gesti um heimaslóðir skáldanna og verður lesið úr verkum þeirra á völdum stöðum. Gengið verður frá Sólheimasafni og hefst gangan klukkan 20. *- ve*

# Náttúran í návígi

**Náttúruvika stendur nú yfir á Reykjanesi.**

Náttúruvika á Reykjanesi hófst sunnudaginn 25. júlí og stendur til 2. ágúst. Í náttúruvikunni verður margt náttúrutengt í boði eins og gönguferðir, fuglaskoðun, sjóstangveiði, fjöruferðir og plöntugreining.

Náttúruvikan er samstarfsverkefni menningarfulltrúa Grindavíkur, Garðs, Sandgerðis, Voga, Reykjanesbæjar og sjf menningarmiðlunar og er styrkt af Menningarráði Suðurnesja. Nánari upplýsingar er að finna á vefslóðinni natturuvika.is. *- eö*



Fjöruferðir eru meðal þess sem verður í boði í náttúruviku.

Átta tegundir spendýra finnast á landi á Grænlandi. Það eru ísbirnir, sem eru þó oftar á ís á hafi úti en á landi, hreindýr sem eru algeng á Vestur-Grænlandi, sauðnaut og hreysikettir á norðausturhluta landsins, heimskautarefir sem eru algengir um alla strandlengjuna, úlfar sem lifa hér og þar á norður- og norðausturhlutanum, pólhérar sem eru algengir víða um landið og kragalæmingjar sem eru einu nagdýrin sem eru upprunaleg.



**is. wikipedia.org**



**Salernishús**



Eigum á lager fullbúin salernishús á góðu verði. Ýmsar stærðir. Einnig gámahús og flestar gerðir vörugáma.

**Stólpi-Gámar ehf.**
Klettagörðum 5 Reykjavík
S. 568 0100 & 841 2040

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
KASSSAGÍTAR KR.11.900KASSAGÍTAR 1/4 STÆRÐ KR. 10.900, PAKKINN MEÐ POKA, STRENGJASETTI OG STILLIFLAUTU. ÞJÓÐLAGAGÍTAR FRÁ KR. 17.900. ÞJÓÐLAGAGÍTAR MEÐ : PICK-UP , INNBYGGÐUM TUNER, 10W MAGNARA, POKA, SNÚRUR, ÓL , AUKASTRENGJASETTI OG E MEDIA KENNLUFORRITI Í TÖLVU. RAFMAGNSGÍTARPAKKAR FRÁ KR. 33.900, HLJÓMBORÐ FRÁ KR. 8.900, GÍTARINN EHF STÓRHÖFÐA 27 S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygg-inga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Ótrúleg verð á gipsplötum (12.5 x 1200 x 2600) 2.050 kr. m.vsk platan - S:555-7905 www.ulfurinn.is

## Verslun

**Stærri limur betri limur**
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
**bathmate.is**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Whole body massage 841-8529

**NUDD - Tilboð - NUDD**

**Nudd kr. 3500,-**

Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 57 8 57 57 & 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

Nudd og nudd, góða nudd massage 659 61 24

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla




LESA, HLUSTA, SKRIFA, GERA OG TALA. Íslenska f. útlendinga. Morgunn og kvöld. S: 553 8259/551 7700.

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Æðislegur hreinræktaður tjúa hvolpur til sölu aðeins 40 þús. Verðum að láta hann fara vegna heimilisaðstæðna hann er tæplega 3 mánaða. Upplýsingar í síma 895 0495.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög



**Sérhæfum okkur í sölu á Ferðavögnum.**
Óskum eftir öllum gerðum af húsbílum, hjólhýsum, fellihýsum og tjaldvögnum á söluskrá. Mikil eftirspurn og góð sala. Stórt útipláss. Einnig til leigu hjólhýsi. Pantið tímanlega. Ath sum stéttarfélög veita styrk til leigunnar. ferdavagnamarkadur.is Höfðabakki 9, S: 445 3367.

## Gisting

Spánn stutt og langtímaleiga: Barcelona, Costa Brava, Menorca, Mahon. www.starplus.is og www.starplus.info Uppl. í s. 899 5863.

## Fyrir veiðimenn

**Silunganet - Silunganet**
Flot- og sökknet. Mikið úrval. Heimavík. Sími 892 8655. heimavik.is

Laxa- og silungamaðkar til sölu. Laxamaðkur 35 kr. Silungamaðkar 25 kr. Uppl. í síma 557 4559 & 893 4659.

**Veiðileyfi**
Í vatnasvæði Lísu Snæfellsnesi, lax og silungur. Selt á agn.is og í 893 4515

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**LMH.IS**
**Leigumiðlun Hafnarfjarðar**
**517-0150**
Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.

**3ja herb. í Hafnarfirði.**
**Örugg leiga, þvottavél, þurrkari, ísskápur, uppþvottavél, gardínur og öll ljós. Stæði í bílkjallara. Dýrahald ekki leyft**
**www.heimahagar.is**
**Upplýsingar í síma 7727553**

**- Nálægt Hlemmi -**
2 herb. 50 fm. risíbúð. Laus strax, ca. 100 m. í strætó. S. 899 9948 & eilin@simnet.is

2ja herb. nýleg íbúð í Hraunbæ. Sérinng. Langt.l. kr. 107.þ m.húsj. S. 8983420

3 herb. Íbúð til leigu í 112 Laus 10 ágúst. Framtíðarleiga verð 130.000 á mánuði óskað er eftir tryggingavíxli Áhugasamir sendi á elsaj@365.is

**Kópavogur**
2ja herb. kjallaraíb. til leigu. Skilvísi og reglusemi áskilin. S. 864 5920.

Einbýlishús til leigu í 101. Timburhús á tveimur hæðum, með litlum garði. Á neðri hæð er anddyri, eldhús, baðherbergi og tvö herbergi. Á efri hæð eru tvær samliggjandi stofur, snyrting og tvö svefnherbergi. Þvottaherbergi í kjallara. Allt innbú er fyrir hendi ef vill, frá rúmum, ísskáp og þvottavél niður í sængurföt og hnífapör. Upplýsingar í síma 8219310.

17 fm herb, miðb. rvk, húsg. fylgja. Sameign, eldhús, bað, þvottaherb. Verð 45 þús. S. 895 0482 eftir kl. 16.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Námsk.+barn+kísa leitar hússn. í Rvk; 2-3herb;80-90þ. öll ínnf;s.894 0179.

## Sumarbústaðir



30 fm sumarhús/gestahús tilbúið til flutnings. TILBOÐ ÓSKAST. Uppl sveinnae@mi.is eða 894-2926

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 85fm bil við Aðalstræti, hentar undir ýmsa starfsemi eða sem íbúðarhúsnæði, mjög hagstæð leiga í boði og bilið er staðsett á móti sólbaðsstofu. uppl. í s. 772 9812.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com



FAB gistiheimili Þelamörk rétt við Akureyri, sundlaug og barnvænt umhverfi. Einnig íbúð á Akureyri. Uppl. í síma 820 0984 eða á www.fabtravel.is

Gisting í 2-3 manna stúdíóíbúð í gistiheimili við Dugguvog. Verð frá 9000 per nótt. S. 824 6692.

Halló. Orlofsíbúðir til leigu á Þingeyri við Dýrafjörð. Hótel Sandafell. S. 456 1600.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Óska eftir múrara eða verkamanni vönum múrvinnu. Þarf að geta byrjað sem fyrst. S. 897 2681, Ásgeir.

Okkur vantar öfluga sölumenn í góð sérverkefni. Mjög góð árangurstengd laun. Hafið samband við Snorra sölustjóra í síma 660 2063 eða sendið póst á snorri@forlagid.is

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

**Videocamera**
Panasonic/tapaðist á Húsavík. VEGLEG FUNDARLAUN Í BOÐI. Ásgeir s: 772 2044

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
**Opið þegar þér hentar.**

**PurpleRabbit.is**
Sýndu þig og sjáðu aðra á djörfum íslenzkum samskiptavef.

## Atvinna

# Vélstjóri

Vélstjóra vantar á Hríseyjarferjuna Sævar.
Þarf að geta hafið störf strax. Áskilin réttindi:
750kw (VS3) slysavarnaskóli sjómanna,
hóp- og neyðarstjórnun og framhald eldvarna.
*Búseta í Hrísey skilyrði.*

**Uppplýsingar í síma 821-1877.**

## Tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýju og breyttu deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Njálsgötureitur 3

Tillaga að deililskipulagi fyrir Njálsgötureit 3, staðgreinir 1.190.3, sem afmarkast af Njálsgötu, Barónsstíg, Bergþórugötu og Vitastíg.
Markmið með deiliskipulagstillögunni er að stuðla að hæfilegri uppbyggingu og endurnýjun á reitnum, en um leið hlúa að því sem fyrir er og búa þannig um hnútana að uppbygging geti gerst á forsendum þeirra byggðar sem þar stendur. Einnig er verið að stuðla að endurnýjun húsakosts á reitnum og gefa lóðareigendum kost á að byggja við og bæta núverandi eignir sínar eða reisa þar nýbyggingar.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

### Borgartún 32

Tillaga að breytingu á skilmálum í deiliskipulagi lóðarinnar númer 32 við Borgartún. Í breytingunni felst að bílastæðakröfum fyrir lóðina er breytt þannig að 50 bílastæði verða ofanjarðar. Heimild þessi er bundin við að hótelið sé gistihótel. Fyrri skilmálar um 90 bílastæði á lóð taka aftur gildi við breytingu á starfsemi í byggingunni.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 28. júlí 2010 til og með 9. september 2010**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 9. september 2010. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 28. júlí 2010
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi*

**Jón Trausti Eyjólfsson,**
hárskeri og ökukennari,
Háaleitisbraut 16,

sem lést 20. júlí, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju fimmtudaginn 29. júlí kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Gréta Finnbogadóttir** | |
| **Þórunn Helga Traustadóttir** | **Stefán Már Halldórsson** |
| **Gunnar Albert Traustason** | **Ásta Birna Stefánsdóttir** |
| **Ólafur Árni Traustason** | **Auður Bergsteinsdóttir** |
| **Jón Grétar Traustason** | **Ingunn Hera Ármannsdóttir** |
| **Sesselja Traustadóttir** | **Kjartan Guðnason** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ragnar Thorsteinsson**

lést á Droplaugarstöðum 26. júlí. Útförin fer fram frá Garðakirkju þriðjudaginn 3. ágúst kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Geir Thorsteinsson** | **Helga S. Helgadóttir** |
| **Pétur Thorsteinsson** | **Aðalbjörg Anna Stefánsdóttir** |
| **Hallgrímur Thorsteinsson** | **Ragnheiður Óskarsdóttir** |
| **Sigríður Thorsteinsson** | **Þórhallur Andrésson** |
| **Ragnheiður Thorsteinsson** | **Einar Rafnsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær sambýliskona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Jóna Jónsdóttir,**
Hrísholti 24, Selfossi,

sem lést aðfaranótt 23. júlí, verður jarðsungin frá Selfosskirkju fimmtudaginn 29. júlí kl. 11.00.

| | |
|---|---|
| **Gunnar Karl Gränz** | |
| **Kristín Ingólfsdóttir** | **Freyr Guðlaugsson** |
| **Guðrún Sandra Gunnarsdóttir** | |
| **Gunnar Þór Gunnarsson** | |

**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



*Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Helgi Ottó Carlsen**
Heiðarholti 24, Keflavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi sunnudaginn 25. júlí. Jarðarförin auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| **Frímann Ottósson Carlsen** | **Sigurlaug Guðmundsdóttir** |
| **Svava Helga Carlsen** | **Paul Dias** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir mín og fyrrverandi eiginkona,*

**Stella Meyvantsdóttir**
Selvogsgrunni 22, 104 Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild LSH Fossvogi mánudaginn 26. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

**Sigurður Þórarinsson**
**Þórarinn G. Valgeirsson**

**BEATRIX POTTER FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1866**

*„Guði sé lof að ég var aldrei send í skóla, þá hefði ég örugglega tapað frumleikanum."*

***Helen Beatrix Potter var enskur barnabókahöfundur og mynskreytir. Hún skrifaði alls 23 bækur fyrir börn en þekktasta persónan hennar var Pétur kanína.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 28. JÚLÍ 1662**

## *Erfðaeinveldi samþykkt*



Kópavogsfundurinn var haldinn 28. júlí 1662 en tilgangur hans var að fá Íslendinga til að samþykkja erfðaeinveldið. Áður hafði konungurinn verið kjörinn af helstu fulltrúum ríkisins en varð síðan ekki löglega konungur fyrr en fulltrúar allra þjóðanna sem tilheyrðu Danaveldi höfðu samþykkt hann.

Henrik Bjelke kom til Íslands til að láta Íslendinga skrifa undir erfðahyllinguna. Samningurinn var kallaður Kópavogssamningurinn og afleiðingarnar voru þær að lög sem konungur setti hlutu sjálfkrafa gildi á Íslandi. Erfðaeinveldið gilti til ársins 1874 þegar Íslendingar fengu stjórnarskrá.

AFMÆLISBÖRN



**ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR** er 28 ára í dag.



**BIRGITTA HAUKDAL** er 31 árs í dag.



*Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar mannsins míns, föður, fósturföður, tengdaföður, afa og langafa*

**Vigfúsar Sólbergs Vigfússonar**
Rjúpnasölum 12, Kópavogi.

| | |
|---|---|
| **Margrét Kjartansdóttir** | |
| **Jónína Vigfúsdóttir** | **Páll Stefánsson** |
| **Lára E. Vigfúsdóttir** | |
| **Magnús Ásmundsson** | **Katrín F. Jónsdóttir** |
| **Ólafur Ásmundsson** | **Salgerður Jónsdóttir** |
| **Svavar Ásmundsson** | **Pálína Hinriksdóttir** |

**börn og barnabörn.**



*Hjartkær móðir mín og tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ester Lárusdóttir**
Víðilundi 4e Akureyri,

lést að Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri að morgni laugardagsins 24. júlí. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 9. ágúst kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörgu.

| | |
|---|---|
| **Bragi Jóhannsson** | **Áslaug Kristinsdóttir** |
| **Þóra Ester Bragadóttir** | **Sverrir G. Pálmason** |
| **Hanna Björk Bragadóttir** | **Andreas Nyman** |
| **Bergur Már Bragason** | **Hrafnhildur Örlygsdóttir** |

**og langömmubörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma*

**Dagmar Helgadóttir,**
áður til heimilis að Írafossi við Sog,

lést laugardaginn 17. júlí á Hjúkrunarheimilinu Seljahlíð. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug.

| | |
|---|---|
| **Hallgerður Ásta Þórðardóttir** | **Guðni Arnberg Þorsteinsson** |
| **Aðalsteinn Helgi Pétursson** | **Sigríður Helga Einarsdóttir** |
| **Petrína Kristín Pétursdóttir** | **Aðalsteinn Blöndal** |
| **Hrönn Pétursdóttir** | **Einar Hansson** |

**barnabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



**SEXFALDAÐ UMFANG** Byggingin varð að veruleika vegna góðs samstarfs við Norðmenn. MYND/ÚR EINKASAFNI

SNORRASTOFA: TÍU ÁR FRÁ OPNUN

# Snorri lýsir miðalda-Noregi

Húsnæði Snorrastofu var opnað við hátíðlega athöfn 29. júlí árið 2000. Stofnun hennar átti sér þó stað nokkrum árum fyrr. „Snorrastofa var stofnuð árið 1995 með skipulagsskrá," segir Bergur Þorgeirsson, forstöðumaður Snorrastofu.

Á fyrstu árum Snorrastofu átti hún ekkert eiginlegt húsnæði. „Starfsemin hófst árið 1996 á hæðinni fyrir neðan kirkjuna hérna með gestamótttöku og ferðaþjónustu," upplýsir Bergur sem varð forstöðumaður Snorrastofu árið 1998. „Það ár fór regluleg starfsemi sem rannsóknarstofnun af stað og þá var ég með skrifstofu úti í gamla héraðsskólanum."

Bygging Snorrastofu hófst árið 1988. Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, lagði hornstein að kirkjunni og Snorrastofu að viðstöddum konungi Norðmanna, Ólafi Hákonarsyni. „Byggingin varð að veruleika vegna góðs samstarfs við Norðmenn en þeir greiddu um það bil 25 prósent af byggingarkostnaði," segir Bergur og útskýrir það með þessum orðum: „Vegna þess að Snorri skiptir þá svo gríðarlega miklu máli. Hann er forsenda þess að Norðmenn eiga sér einhverja sögu, það er að segja konungasögur Snorra. Þegar þeir börðust fyrir sjálfstæði á sínum tíma þá veifuðu þeir mikið Snorra því hann lýsir mjög vel Noregi miðaldanna."

Hlutverk Snorrastofu er að annast rannsóknir á miðaldafræði að sögn Bergs. En hafði tilkoma húsnæðisins mikil áhrif á starfsemina? „Já, það breytti öllu. Það miðast allt við þetta húsnæði. Við erum reyndar líka með gamla héraðsskólann sem var gerður upp í kringum 2000 og við notum hann sem ráðstefnuaðstöðu."

Starfsemi Snorrastofu hefur vaxið mikið frá stofnun hennar og tilkomu húsnæðisins. „Umfangið hefur frá þessum tíma svona sexfaldast. Ég var bara einn starfsmaður í byrjun en nú erum við níu og við erum að sinna nokkrum rannsóknarverkefnum auk þess að gefa út bækur."

Á morgun og föstudag verður í tilefni tíu ára afmælis húsnæðisins dagskrá sem ber heitið norsk-íslensk vinabönd. „Á morgun verður fjallað um Snorra í Noregi, ferðir hans og samband við Noreg á sínum tíma," upplýsir Bergur og segir frá dagskrá föstudagsins: „Seinni dagurinn mun fjalla um Bjørnstjerne Bjørnson á Íslandi. Af því það eru hundrað ár síðan hann dó og það er svokallað Bjørnson ár í Noregi núna og þá datt okkur í hug að slá tvær flugur í einu höggi og minnast Bjørnstjerne Bjørnson og tengsla við Noreg með þessum hætti."

martaf@frettabladid.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Nýtt tilboðsblað er á heimasíðunni: *bonus.is*

# Hér er allt í ferðanestið, tólf blaðsíður af ferðavörum á betra verði í Bónus!




Nýtt tilboðsblað liggur frammi í öllum verslunum Bónus

**Sama verð**



BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur






# Verslunarmannahelgin

**BAKÞANKAR**
**Þórunnar Elísabetar Bogadóttur**

Fram undan er eitt af þessum stórlega ofmetnu íslensku fyrirbrigðum; verslunarmannahelgin. Verslunarmannahelgin skipar sér í sveit með áramótunum sem ofmetnustu atburðir ársins í mínum huga, atburðir sem fólk bindur þvílíkar vonir við að verði stórkostlega skemmtilegir en standa sjaldnast undir þessum væntingum. Reyndar eru bæði verslunarmannahelgar og áramót hin ágætasta skemmtun, en aðeins ef væntingum til þeirra er stillt í lágmark. Þá fyrst verður gaman.



**ÞAÐ** heillar jú suma að eyða einu löngu helgi sumarsins í umferðarteppum og mannmergð einhvers staðar á útihátíðum landsins. Kannski er það líka bara frábært, og ég aðeins brennimerkt af því að hafa eytt hverri einustu verslunarmannahelgi langt fram á unglingsaldur á höfuðborgarsvæðinu, en mér finnst að minnsta kosti dásamlegt að vera eftir í rólegheitum í fámennri borginni.

**NOKKRIR** vinir mínir á Facebook hafa nú keppst um það í langan tíma að tjá sig sem mest um væntanlega för sína á þjóðhátíð í Eyjum. Þau virðast telja að allt við hana eigi erindi við okkur hin, alveg frá því hversu margir dagar séu í brottför með „dallinum“ í „eyjuna fögru“ og yfir í það hvers konar nesti verður með í för. Svo eru það auðvitað hinar klassísku tilvitnanir í Eyjalögin – „þú veist hvað ég meina mær“, „Lífið er yndislegt“ og svo framvegis. Ég get hreinlega ekki beðið eftir því að þessi helgi verði afstaðin svo mér verði stætt á því að fara aftur á Facebook.

**ÉG HEF** reyndar farið á þessa umræddu þjóðhátíð, og það meira að segja oftar en einu sinni. Og því skal ekkert logið hér að það hafi ekki verið gaman. Menntaskólakrakka sem fer með stórum hluta vina sinna á eyju heila helgi til þess að hitta helming allra skólafélaga og aðra vini hlýtur bara að þykja það gaman, hvar sem þetta á sér stað. Og þá er kannski hægt að líta framhjá tónlistinni, rigningunni og neonlituðu pollagöllunum. Í einhvern fjölda skipta og fram á ákveðinn aldur að minnsta kosti.

**OG KANNSKI** er það bara biturleikinn yfir því að vera hálfföst í borginni þessa helgi í ár sökum vinnu eins og síðustu ár sem talar.

**ÉG ER** því allavega afskaplega fegin að hafa engar stórkostlegar væntingar eða ferðaplön fyrir helgina sem er fram undan. Það bara hlýtur að verða gaman.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# 3DAGA TILBOÐ

## FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ • LOKAÐ UM HELGINA

SB256




### LJ71

**FARTÖLVA Á TILBOÐI**

Öflug leikjafartölva með glæsilegum 17.3" HD+ LED skjá, öflugu 512MB ATI HD4570 leikjaskjákorti og Windows 7 stýrikerfi

- AMD Dual Core X2 M300 2.0GHz
- 4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD+ LED DiamondView 1600x900
- 512MB ATI Radeon HD4570 skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**134.900**

17.3" MEÐ LEIKJASKJÁKORTI

V2420




### 24"LED

**BENQ FULL HD LED SKJÁR**

BenQ leiðir LED tæknina með nýrri kynslóð tölvuskjáa sem eru þeir þynnstu í heimi **aðeins 15mm** á dýpt og með enn meiri myndgæðum, skerpu og ótrúlegri litadýpt.

- 24" LED FULL HD 1080P 16:9 LCD
- 10.000.000:1 DCR og Senseye3 tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Senseye3 tækni tryggir myndgæðin
- Ótrúlega þunnur **aðeins 15mm**

**49.900**

ÓTRÚLEGA NETT HÖNNUN




### 12MP

**STAFRÆN MYNDAVÉL**

BenQ E1230 er fislétt og örþunn stafræn myndavél sem tekur sjálfvirkar brosmyndir, lagar rauð augu og er með Super Shake Free hristivörn

- Hágæða 12MP Sony HD myndflaga
- Glæsilegur 3.0" LCD skjár á bakhlið
- Vönduð 3x Optical aðdráttarlinsa
- Þekkir andlit, bros ofl., sjálfvirkar stillingar
- Sjálfvirk hristivörn og birtustilling
- Tekur kvikmyndir í (16:9) 720x400, 30fps
- Örþunn og fislétt aðeins 110gr.
- Kemur með hleðslurafhlöðu og tösku

**19.900**

HVERGI BETRA VERÐ!

JN522




### TJ75

**FARTÖLVA Á TILBOÐI**

Öflug leikjafartölva með glæsilegum 15.6" HD+ LED skjá, öflugu 512MB ATI HD5470 leikjaskjákorti og Windows 7 stýrikerfi

- Intel Core i3-330M 2.13GHz 3MB
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB ATI HD5470 DX11 skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**149.900**

EIN ÖFLUGASTA LEIKJATÖLVAN







**MINNISKORT**

3DAGA TILBOÐ - LOKAÐ UM HELGINA




**MP3 SPILARI**

FRÁBÆR MP3 SPILARI FRÁ COBY



## RÝMINGARSALA

MÖGNUÐ RÝMINGARSALA Á FARTÖLVUM. SÍÐUSTU EINTÖK OG LÍTIÐ ÚTLITSGALLAÐAR SÝNINGARVÉLAR VERÐ FRÁ

**29.900**

3 DAGA RÝMINGARSALA

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

## 3DAGAR

TILBOÐ Í 3 DAGA TIL FÖSTUDAGS OG SVO LOKAÐ UM HELGINA

> **ÓTTAST BÓLURNAR**

Leikkonan Jessica Biel segist vera óörugg um útlit sitt eins og svo margir aðrir. „Ég fæ bólur á andlitið vegna þess að ég nota svo mikinn farða. Ef ég bæti á mig kílóum sést það oftast á mjöðmunum. Það svæði pirrar mig stundum,“ sagði hún.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# 25 manna hópur á heimilinu

*Í nýrri bók um leikkonuna Angelinu Jolie er því haldið fram að 25 manna hópur sjái um heimilið fyrir hana.* Bókin er eftir Andrew Morton og var ekki skrifuð með samþykki Jolie.

Leikkonan á sex börn með kærasta sínum, hjartaknúsaranum Brad Pitt. Þegar þau tóku á leigu franska landareign árið 2008 þurftu þau á aðstoð að halda, enda hafa þau í nógu að snúast við kvikmyndaleik víða um heim. „Húsið var troðfullt af barnfóstrum frá Víetnan, Kongó og Bandaríkjunum, fjórum hjúkrunarkonum, lækni, tveimur sérlegum aðstoðarmönnum, kokki, hreingerningakonu, þjóni og fjórum lífvörðum. Sex franskir fyrrverandi hermenn sáu svo um öryggismálin,“ segir í bókinni.

Þar segir einnig að Jolie noti sömu uppeldisaðferðir og móðir hennar, Marcheline Bertrand. „Eins og hjá Marcheline fá börnin límmiða með stjörnum ef þau haga sér vel.“

Bertrand og faðir Jolie, leikarinn Jon Voight, hættu saman árið 1976. Leikkonan og bróðir hennar ólust upp hjá móður sinni.



**ANGELINA JOLIE** Jolie ásamt dóttur sinni Shiloh. 25 manna hópur sér um að allt sé í lagi á heimilinu hjá Angelinu Jolie og Brad Pitt.

# Ljótu hálfvitarnir uppteknir um versló

Hljómsveitin Ljótu hálfvitarnir verður upptekin um verslunarmannahelgina því fimm dansleikir eru fram undan.

Fyrsta ballið verður í Höllinni í Vestmannaeyjum í kvöld ásamt Hvanndalsbræðrum. Þetta er fyrsta heimsókn Ljótu hálfvitanna til Eyja og mikil tilhlökkun í þeirra röðum. Á fimmtudags- og föstudagskvöld spilar sveitin á Café Rosenberg í Reykjavík og á laugardags- og sunnudagskvöld verður hún á Flúðum.

Ljótu hálfvitarnir gáfu út sína þriðju plötu í vor og er nýjasta lag hennar, Minni fiska, komið í spilun í útvarpi.



**LJÓTU HÁLFVITARNIR** Hljómsveitin Ljótu hálfvitarnir verður upptekin um verslunarmannahelgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# BOND LEIKUR BLOMKVIST

**Daniel Craig hefur samþykkt að leika blaðamanninn Mikael Blomkvist í Hollywood-gerð af Körlum sem hata konur.**



**DANIEL CRAIG** Leikarinn Daniel Craig fer með hlutverk blaðamannsins Mikaels Blomvikst í Hollywood-gerðinni.

Sjálfur James Bond, Daniel Craig, fer með hlutverk blaðamannsins Mikaels Blomkvist í Hollywood-gerð kvikmyndarinnar Karlar sem hata konur. Hún var byggð á samnefndri metsölubók Svíans Stiegs Larsson. Craig mun einnig leika Blomkvist í tveimur framhaldsmyndum, fari svo að fyrsta myndin gangi vel.

Búið er að fresta framleiðslu á næstu mynd um njósnarann James Bond vegna fjárhagsörðugleika og því ákvað Craig að stökkva á hlutverkið. Hann er þessa dagana að leika í myndinni Cowboys & Aliens en að henni lokinni tekur Blomkvist við. Frumsýning er fyrirhuguð í desember á næsta ári.

Hann hafði verið orðaður við hlutverkið í nokkrar vikur en áður höfðu Brad Pitt eða George Clooney þótt líklegir til að hreppa það.

Enn á eftir að ráða í hið mikilvæga hlutverk Lisbeth Salander. Kirsten Stewart úr Twilight-myndunum, Carey Mulligan og Ellen Page hafa verið orðaðar við hlutverkið ásamt fleiri minna þekktum leikkonum.

Leikstjóri verður David Fincher, sem hefur á ferilsskránni myndir á borð við Se7en, Fight Club og The Curious Case of Benjamin Button. Hann er um þessar mundir að ljúka við The Social Network sem fjallar um upphaf Facebook-síðunnar.




# SKRÍTNAR STELPUR ÁN FATA

**Íslenski listahópurinn The Weird Girls Project hefur nú lokið upptökum á ellefta verkefni sínu. Hópurinn, sem er þekktur fyrir spandex, liti og fríkaða andlitsmálningu, tekur nú annan pól í hæðina og klæðist eingöngu blómakrönsum.**





MYNDIR/KATRÍN ÓLAFS



## ÚR SPANDEX OG LITUM Í NEKT OG BLÓMAKRANSA

Stelpurnar í listahópnum The Weird Girls fara nýjar leiðir í nýjasta verkefni hópsins. Þær finna sitt innra frelsi og sýna að hver og einn á að vera stoltur af líkama sínum. Verkefnið er unnið í samstarfi við tónlistarmanninn Ólaf Arnalds. Hann semur tónlist við myndband sem var tekið upp samhliða myndatökunni.

„Ég var búin að vera með þá hugmynd í einhvern tíma að vinna með nekt en þó ekki fyrr en verkefnið væri orðið nógu stöðugt. Mér fannst réttinn tíminn kominn og ákvað að prufa þetta,“ segir Kitty Von Sometime, forsprakki listahópsins Weird Girls.

„Ég var óviss um hvernig stelpurnar myndu bregðast við því að vera naktar utandyra með myndavélar út um allt. En þetta fór fram úr mínum væntingum.“

Í þessum hópi eru hátt í sextíu ólíkar stúlkur sem eru um þrítugt og taka þátt í margvíslegum verkefnum sem Kitty sjálf er hugmyndasmiður að. Þátttakendur fá mjög takmarkaðar upplýsingar fyrir tökudag og er markmið verkefnisins „að bregðast við því óþekkta“. Innblástur verkefnisins er að hluta til að hvetja kvenfólk til að öðlast sjálfstraust, þá sér í lagi í sambandi við líkama sinn. Nýjasta verkefnið er vídeósamstarf með tónlistarmanninum Ólafi Arnalds og er það nokkuð ólíkt þeim sem hingað til hafa verið.

„Ég átti nýlega barn og hef ekki komið mér í sama form og ég var í áður,“ segir Kitty. „Ég er ekki ánægð með hvað ég er meðvituð um líkama minn og að ég sé ekki sátt við það sem ég sé í speglinum. Ég reyndi að öðlast traust stelpnanna með því að sýna þeim hvernig mér liði og að þetta væri ástæðan fyrir því að ég vildi gera verkefnið núna. Ég vildi að hver og ein myndi túlka sig á sinn hátt og að við yrðum frjálsar.“

linda@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 28. júlí 2010**

### → Tónleikar

**12.00** Hádegistónleikar verða haldnir á Kjarvalsstöðum í dag kl. 12.00 og verður fjölbreytt efnisskrá kammertónlistar og sönglaga. Flytjendur eru ungt tónlistarfólk búsett erlendis við bæði nám og störf á sviði tónlistar. Aðgangseyrir er 1.000 krónur, en enginn posi er á staðnum.

**12.00** Hádegistónleikar verða í Hallgrímskirkju kl. 12.00 í dag, en þar mun Kammerkórinn Schola cantorum koma fram undir leiðsögn Harðar Áskelssonar. Aðgangseyrir er 1.000 krónur og miðasala verður við við innganginn.

**12.00** Sólveig Einarsdóttir leikur á orgel Kristskirkju í Landakoti í dag kl. 12.00-12.30. Aðgangur er ókeypis og öllum frjáls.

**21.00** Í Höllinni, Vestmannaeyjum, verða sameiginlegir tónleikar Hvanndalsbræðra og Ljótu hálfvitanna. Tónleikarnir hefjast kl. 21.00 og er miðaverð í forsölu 2.500 krónur.

**22.00** Tríó Ásgeirs Ásgeirssonar leikur í Risinu (áður Glaumbar) við Tryggvagötu í kvöld kl. 22.00. Á efnisskrá verða perlur djassbókmennta auk blússkotins efnis.

### → Fundir

**20.00** Opinn borgarafundur verður haldinn í Iðnó í kvöld frá kl. 20.00 til 22.00. Fundarstjóri verður Benedikt Erlingsson, leikari, en spurt verður hvort allar náttúruauðlindir Íslands eigi að vera í almannaeigu sem og sá arður sem af þeim kemur. Fundargestir eru hvattir til þess að mæta með undirbúnar spurningar.

### → Sýningar

**09.00** Kristín Sigríður Garðarsdóttir leirlistakona og hönnuður hefur opnað sýninguna „Í öðru rými“ á Skörinni, Aðalstræti 10 í Reykjavík. Sýningin er opin alla virka daga frá kl. 9-21 og um helgar frá 12-17.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**


Prefaldur 1. vinningur

350.000.000
+180.000.000

00.000

Fyrsti vinningur stefnir í 350 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 180 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 28. JÚLÍ 2010

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

# Drap myglusveppseitrun Murphy og Monjack?

**Talið er að myglusveppseitrun í glæsivillu leikkonunnar Brittany Murphy og Simons Monjack, eiginmanns hennar, hafi getað valdið dauða þeirra. Móðir Murphy vísar sögusögnunum á bug, en lögfræðingur staðfestir tilurð sveppsins og hann sé hættulegur.**



BRITTANY MURPHY Sögusagnir fjölmiðla ytra hafa verið um að myglusveppur hafi leitt Brittany Murphy og eiginmann hennar til dauða.

Fjölmiðlar vestanhafs segja að rannsókn á dauða leikkonunnar Brittany Murphy og eiginmanns hennar Simon Monjack hafi tekið óvænta beygju. Eins og áður hefur komið fram lést leikkonan í desember á síðasta ári úr hjartaáfalli ásamt því að fjöldinn allur af lyfseðilsskyldum lyfjum fannst á heimili hjónana. Monjack lést í maí á þessu ári og var dánarorsök hans lungnabólga en hjónin höfðu bæði einkenni lungnabólgu og voru blóðlítil.

Þar sem Monjack og Murphy létust á svipaðan hátt fóru sögur af stað um að rannsóknin hafi farið að beinast að myglusveppi í glæsivillu hjónanna.

Samkvæmt fjölmiðlum hafi móðir Murphy, Sharon Murphy sem einnig bjó í húsinu, neitað að láta rannsaka myglusveppinn þegar leikkonan dó en hafi gefið leyfi eftir að í ljós kom að Monjack lést á svipaðan hátt aðeins fimm mánuðum síðar.

Í vikunni steig Sharon Murphy fram og sagði þessar sögusagnir fáránlegar. „Enginn krufningalæknir eða sérfræðingar á vegum lögreglunnar hafa beðið um að fá að rannsaka heimilið vegna myglu,“ sagði hún. „Á síðustu átta mánuðum hef ég gengið í gegnum ólýsanlega atburði. Ég hef alltaf verið og mun alltaf vera mjög samvinnuþýð þegar kemur að rannsókninni. Það er fáránlegt að umræða sem þessi sé í fjölmiðlum.“

Monjack vissi af leka í húsinu og réð myglusveppsfyrirtæki til að skoða lekann sem taldi hættu stafa af honum. Lögfræðingur leikkonunnar hefur staðfest þetta.

linda@frettabladid.is





SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| KARATE KID | kl. 5.10 - 8 - 10.50 | L |
| KARATE KID LÚXUS | kl. 5.10 - 8 - 10.50 | L |
| BABIES | kl. 6 - 8 | L |
| PREDATORS | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| SHREK 4 3D 3D ÍSL TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 3.30 | L |
| SHREK 4 3D ENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 10 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE KARATE KID | kl. 6 - 8 - 9 - 10.45 | L |
| BABIES | kl. 6 | L |
| PREDATORS | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| KILLERS | kl. 8 - 10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 | L |
| THE A TEAM | kl. 5.30 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE KARATE KID | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| PREDATORS | kl. 10 | 16 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 5.30 - 8 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE KARATE KID | 5, 8 og 10 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 3D | 4 og 6 | L |
| SHREK 4 ENSKT TAL 3D | 8 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 2D | 4 | L |
| PREDATORS | 10.40 | 16 |
| KNIGHT AND DAY | 5.50, 8 og 10.10 | 12 |

SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 4 - 7 - 8 - 10 - 11 | 12 |
| INCEPTION | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | VIP |
| SHREK-3D ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK M/ ensku Tali | kl. 1:30 -3:40 - 8 - 10 | L |
| BOÐBERI | kl. 5:50 - 10:30 | 14 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl. | kl. 1:30 - 1:50 - 3:40 - 5:50 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |

MUNUM EFTIR 3D GLERAUGUNUM

ATHUGIÐ AÐ 3D GLERAUGU ERU EKKI INNI Í MIÐAVERÐI, HÆGT ER AÐ VERSLA ÞAU SÉR OG NÝTA AFTUR

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 10:10 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA - 3D ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK FOREVER AFTER - 3D M/ ensku Tali | kl. 8 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 3:20 - 5:40 - 8 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA - 3D ísl tal | kl. 6 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - ísl tal | kl. 6 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |
| BOÐBERI | kl. 10:30 | 14 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 8 | L |
| GROWN UPS | kl. 10:10 | L |





**RIHANNA** Söngkonan Rihanna hefur tekið að sér hlutverk í mynd sem byggist á spilinu Battleship.

# Rihanna í Battleship

**Söngkonan Rihanna, sem sló í gegn með laginu Umbrella, hefur tekið að sér hlutverk í kvikmynd sem byggist á borðspilinu Battleship. Þetta verður fyrsta mynd þessarar vinsælu söngkonu. Leikstjóri verður Peter Berf og fjallar myndin um sjóher sem reynir að vernda jörðina frá innrás geimvera. Frumsýning er fyrirhuguð vorið 2012. Aðrir leikarar sem hafa verið ráðnir eru Alexander Skarsgård og Taylor Kitsch. Ekki fylgir sögunni hvaða hlutverk Rhianna fer með í myndinni.**



**GIBSON OG GRIGORIEVA** Gibson sér eftir því að hafa eignast barn með Grigorievu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Gibson fúll út af barninu

**Leikarinn Mel Gibson sagði fyrrverandi kærustu sinni, Oksönu Grigorievu, að hann sjái eftir því að hafa eignast með henni barn. Þetta kemur fram í nýrri upptöku sem talin er vera af Gibson að rífast við Grigorievu. Þau eiga saman níu mánaða dóttur, Luicu. „Ég sé mikið eftir því að hafa eignast barn með þér. Ég fyrirlít þig. Ég vil ekki fá þig aftur. Þú hefur sýnt að þú ert ekki sú kona sem ég vil," sagði Gibson. Hann talar einnig um þann fjölda manna sem hann vill meina að hún hafi verið með og minnist á tólf ára son hennar, Alexander, sem hún á með leikaranum Timothy Dalton.**

# Halda raftónlistarhátíðin á Hellissandi

Andri Már Arnlaugsson og Pan Thorarensen standa fyrir raftónlistarhátíðinni Undir Jökli, sem fer fram helgina 6. til 8. ágúst. Hátíðin verður haldin á Hellissandi og er þetta í fyrsta sinn sem slík raftónlistarhátíð er haldin hér á landi.

„Raftónlistartvíeykið Stereo Hypnosis tók upp plötu á Hellissandi í fyrra og hélt útgáfutónleikana sína þar líka. Við urðum svo hrifnir af þessum stað og datt í hug að það gæti verið gaman að halda þarna raftónlistarhátíð," útskýrir Andri Már sem hefur staðið fyrir reglulegum raftónlistarkvöldum sem haldin eru á skemmtistaðnum Hjá Hemma og Valda. Þau kvöld hafa notið aukinna vinsælda og líkir Andri Már hátíðinni á Hellissandi við árshátíð þessara raftónlistarkvölda.

„Tónleikarnir fara allir fram í Félagsheimilinu Röst, en það er gamalt og skemmtilegt félagsheimili á Hellissandi. Á daginn verður einnig skemmtileg dagskrá fyrir fólk þannig að engum ætti að leiðast þessa helgi," segir Andri Már og telur víst að hátíðin verði að árlegum viðburði ef vel tekst til í ár. „Flestar tónlistarhátíðirnar á Íslandi einblína á rokk eða popp og ég held það sé alveg kominn tími á hátíð sem þessa. Með þessu viljum við líka reyna að vekja raftónlistarsenuna til lífsins á ný."

Meðal þeirra tónlistarmanna sem koma fram má nefna Stereo Hypnosis, hinn norska Xerxes, Reptilicus, Ruxpin, Yagya, Biogen og franska tónlistarmanninn Moonlight Sonata. Sérstök safnplata verður einnig gefin út í tilefni af hátíðinni sem inniheldur eitt lag frá hverjum tónlistarmanni og fæst hún á staðnum.

Miðaverð er 2.500 krónur og hægt er að nálgast miða í verslunum Smekkleysu og 12 Tónum.



**ENDURVEKJA RAFTÓNLISTINA** Andri Már Arnlaugsson og Pan Thorarensen standa fyrir raftónlistarhátíðinni Undir Jökli sem fram fer 6. til 8. ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON







NÆSTU LEIKIR
VISA BIKARINN
2010



Undanúrslit karla

Miðvikudaginn 28. júlí

Kl. 19:15 FH - Víkingur Ó Kaplakrikavöllur

Fimmtudaginn 29. júlí

Kl. 20:00 KR - Fram KR-völlur

VISA VALITOR
Stuðningsaðilar íslenska boltans


Ásdís Hjálmsdóttir í úrslit í spjótkasti kvenna á EM í frjálsum í Barcelona:

# Kom brjáluð í síðasta kastið

**FRJÁLSAR** Ásdís Hjálmsdóttir tryggði sér í gær sæti í úrslitum í spjótkastkeppni kvenna á EM í Barcelona í gær. Hún var reyndar talsvert frá sínu besta en lengsta kastið hennar var 56,55 metrar og dugði henni í tólfta og síðasta sætið sem tryggði sætið í úrslitunum.

„Ég var vissulega svolítið stressuð en það var nokkuð erfitt að kasta í gær. En ég kom brjáluð í síðasta kastið og það dugði, sem betur fer," sagði hún við Fréttablaðið.

„Það er erfitt að kasta á þessum velli. Það er mikill vindur hér og á svona stórum leikvangi fer hann oft í hringi sem hefur mikil áhrif á spjótkastið. Það er því erfitt að segja til um árangur og ég veit ekki hvort það sé raunhæft að bæta sig hér. En það er auðvitað sami vindur fyrir alla og það er sætið sem mestu máli skiptir," sagði Ásdís sem byrjaði að kasta 49,47 metra og 51,55 metra í gær. Íslandsmet hennar er 61,37 metrar.

„Eini tilgangurinn í gær var að komast í úrslit og það tókst. Það kemur svo nýr dagur á fimmtudaginn," bætti hún við en þá verður keppt til úrslita.

EM hófst í gær en þá keppti einnig Kristín Birna Ólafsdóttir í 400 m grindahlaupi. Hún varð í 27. sæti af 32 keppendum er hún hljóp á 58,34 sekúndum sem er nálægt hennar besta árangri. - esá



**ÁSDÍS** Kastar hér í Barcelona í gær.

# Biðum lengi eftir sigrinum

**Halldór Hermann Jónsson er leikmaður 13. umferðar Pepsi-deildar karla. Hann átti stórleik gegn toppliði Blika um helgina en þá vann Fram sinn fyrsta deildarsigur í rúman mánuð og hefndi um leið fyrir tapið í bikarúrslitunum í fyrra.**

**FÓTBOLTI** Halldór Hermann Jónsson, leikmaður Fram, er leikmaður 13. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins. Fram vann um helgina 3-1 sigur á Breiðabliki sem um leið missti toppsæti deildarinnar í hendur Eyjamanna.

Þetta var fyrsti sigur Fram í deildinni í rúman mánuð en Halldór sagði það ekki heldur hafa skemmt fyrir að hafa unnið loksins Blika.

„Þetta var meira en kærkomið og við vorum búnir að bíða lengi eftir sigri í deildinni. Það var ekki verra að hann kom gegn Blikum enda hafa liðin eldað grátt silfur saman undanfarið," sagði Halldór en Blikar unnu Fram í bæði úrslitum bikarkeppninnar í fyrra og í úrslitum deildarbikarsins í vor.

„Oftast hafa þessir leikir endað með tapi í framlengingu. Það var því gott að vinna Blikana og ekki síður að fá þrjú stig."

Fram byrjaði mjög vel á tímabilinu og komast á toppinn í síðasta mánuði. Liðið er nú í fjórða sætinu, níu stigum á eftir toppliði ÍBV.

„Þessi sigur gerði mikið fyrir okkur hvað stigatöfluna varðar en við erum annars ekki mikið að hugsa um hana. Fyrst og fremst hugsum við um næsta leik og að safna stigum. En vissulega hefur það áhrif hvar við stöndum og það er mikilvægt að nálgast toppliðin og týnast ekki alveg í þessari baráttu," sagði Halldór Hermann sem starfar á daginn sem sjúkraþjálfari í Garðabænum.

„Það getur komið sér ágætlega enda strákarnir duglegir að koma til mín. Það er alltaf eitthvað um smá hnjask og tognanir," sagði hann. „Það er ágætt að geta nýst liðinu á þennan hátt en við erum líka með mjög færan sjúkraþjálfara í liðinu."

Hann segist þó ekki taka á móti leikmönnum annarra liða, til að mynda Stjörnunnar, þar sem hann vinnur í Garðabænum. „Nei, það væri kannski svolítið skrýtið," segir hann í léttum dúr. „En ég hef verið að hjálpa leikmönnum í yngri flokkunum, bæði strákum og stelpum."

Næsta verkefni Framara verður leikur gegn KR á útivelli í undanúrslitum bikarkeppninnar. „Við munum leggja allt í sölurnar til að komast aftur í úrslitaleikinn. Við lifum á þessari minningu frá í fyrra sem við höfum verið að gráta svolítið. Það var sárt að tapa úrslitaleiknum í fyrra og okkur langar virkilega mikið til að komast aftur í hann. En til þess þarf að yfirstíga sterkt lið KR sem er nú komið með nýjan þjálfara. Það verður erfitt," sagði Halldór Hermann. eirikur@frettabladid.is



**HALLDÓR HERMANN** Hér í baráttu við Kristinn Steindórsson, leikmann Breiðabliks.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Lið 13. umferðar (3-4-3):**

**Markvörður:**
Lars Ivar Moldsked, KR

**Varnarmenn:**
Rasmus Christiansen, ÍBV
Jón Guðni Fjóluson, Fram
Halldór Hermann Jónsson, Fram

**Miðvallarleikmenn:**
Jóhann B. Guðmundsson, Keflavík
Björn Daníel Sverrisson, FH
Tryggvi Guðmundsson, ÍBV
Halldór Orri Björnsson, Stjörnunni

**Sóknarmenn:**
Ólafur Páll Snorrason, FH
Atli Viðar Björnsson, FH
Guðjón Baldvinsson, KR

Heil umferð fór fram í Pepsi-deild kvenna í gærkvöldi:

# Fyrsta tap meistaranna í Val

**FÓTBOLTI** Valur tapaði sínum fyrsta leik í sumar er liðið steinlá fyrir Fylki í Árbænum í gærkvöldi, 3-0. Þá fór heil umferð fram í Pepsi-deild kvenna.

Valsstúlkur hafa verið á góðri leið með að tryggja sér titilinn fimmta árið í röð og voru ósigraðar fyrir leikinn í gær eftir fyrstu ellefu umferðirnar. Liðið er nú með þriggja stiga forystu á Breiðablik en á reyndar leik til góða.

En úrslitin í gær þýða að toppbaráttunni í deildinni er engan vegin lokið. Sprækar Fylkisstúlkur sáu til þess. Anna Björg Björnsdóttir og Fjóla Dröfn Friðriksdóttir komu Fylki í 2-0 í fyrri hálfleik og Anna Sigurðardóttir bætti því þriðja við snemma í síðari hálfleik.

Þór/KA er nú fjórum stigum frá toppnum í þriðja sæti deildarinnar og á einnig leik til góða á Blika. Liðið vann öruggan 5-1 sigur á botnliði Hauka í gær en Rakel Hönnudóttir skoraði tvö mörk Akureyringa.

Fylkir komst í fjórða sætið með sigrinum í gær og upp fyrir Stjörnuna sem tapaði á heimavelli fyrir Breiðabliki í gær, 2-1. KR er í fimmta sætinu eftir 2-0 sigur á Grindavík.

FH vann að síðustu dýrmætan sigur á Aftureldingu, 3-1, og eygir nú von um að bjarga sæti sínu í deildinni. Liðið er þó enn fimm stigum frá öruggu sæti. - esá



**ELTINGALEIKUR** Katrín Jónsdóttir og Embla Sigríður Grétarsdóttir, leikmenn Vals, máttu sætta sig við tap í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**FYRIRLIÐINN** Brynjar í leiknum gegn KS/Leiftri á laugardaginn. Víkingur vann leikinn 4-0. FRÉTTSBLAÐIÐ/PJETUR

Víkingur Ólafsvík mætir FH:

# Snæfellsnesið verður tómt

**FÓTBOLTI** „Ég held að Snæfellsnesið verði bara tómt. Ótrúlegasta fólk er á leiðinni suður, fólk sem hefur aldrei mætt á leik ætlar að styðja okkur," segir Brynjar Gauti Guðjónsson, fyrirliði Víkings Ólafsvíkur, toppliðs 2. deildar, sem sækir Íslandsmeistara FH heim í undanúrslitum VISA-bikars karla í kvöld klukkan 19.15.

Ólafsvíkingar hafa ekki tapað í 26 síðustu leikjum sínum en liðið vann Stjörnuna eftirminnilega í 8-liða úrslitunum. „Við ætlum ekkert að skemma þetta núna, við þurfum að ná að minnsta kosti 30 leikjum í röð án þess að tapa."

Brynjar segir að liðið ætli ekki að pakka í vörn en agaður og góður varnarleikur verði að vera í fyrirrúmi. „Það má búast við því að þeir verði meira með boltann en við erum stórhættulegir þegar við náum að sækja hratt. Þetta ætti að vera skemmtilegur leikur," sagði Brynjar. - hþh

Sveinbjörn Pétursson:

# Aftur norður til Akureyrar?

**HANDBOLTI** Markmaðurinn sterki Sveinbjörn Pétursson vonast til að komast aftur til Akureyrar. Hann er á mála hjá HK sem hefur þegar neitað einu tilboði Akureyrar í Sveinbjörn sem kom frítt frá liðinu til HK árið 2008. Forráðamenn Akureyrarliðsins sögðu við Fréttablaðið að þeir hefðu fullan hug á að klára málið. Samningaviðræður munu halda áfram á næstunni. - hþh



**ERFITT** Haukar fara til Ítalíu og HK til Rússlands. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Evrópukeppnir í handbolta:

# Haukar mæta Conversano

**HANDBOLTI** Íslandsmeistarar Hauka mæta Conversano frá Ítalíu í Evrópukeppni félagsliða en dregið var í gær. Ítölsku meistararnir hafa tapað þrisvar fyrir íslenskum liðum á síðustu átta árum, gegn Haukum 2002 og 2006 og HK 2007.

„Við vitum að þeir hafa verið með ágætis lið en ég veit reyndar ekkert hvernig þeir eru núna," segir Halldór Ingólfsson, þjálfari Hauka.

Í Evrópukeppni bikarhafa karla mætir HK liði Kaustik frá Rússlandi, Valsstúlkur mæta Iuventa Michalovce frá Slóvakíu í Evrópukeppni félagsliða og Fram mætir LC Bruhl Handball frá Sviss í Evrópukeppni bikarhafa. - hþh





> **Sean Penn**

„Mér finnst ég enn eiga eftir að ná hlutverkinu sem leikari sem hefur sest í helgan stein, ég ætla að leggja mig fram við að ná því hlutverki betur."

***Sean Penn fer með leikstjórn í kvikmyndinni Into the Wild, en myndin var tilnefnd til tvennra Óskarsverðlauna auk annarra virtra verðlauna. Into the Wild er á dagskrá Stöðvar 2 Bíó í kvöld kl. 22.00.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ATLI FANNAR BJARKASON SKRIFAR M.A. UM LÝTALAUSAN LÍKAMA COURTENEY COX

## *Fertug og ekki enn þá dauð!*



Um daginn rak ég augun í auglýsingaskilti fyrir þáttinn Cougar Town sem Stöð 2 sýnir á þriðjudögum. Skiltið var risavaxið og skartaði mynd af hinni stórglæsilegu Courteney Cox. Á skiltinu stóð: „Fertug í fullu fjöri" og kynþokka Cox var vafalaust ætlað að undirstrika það – enda fertugt fólk undantekningarlaust keng-beygt, krumpað og tengt við lífsnauðsynlegar vélar.

Mér varð hugsað til skiltisins þegar ég sá stórmyndina Inception í bíó um daginn. Myndin er eftir hinn hrikalega hæfileikaríka Christopher Nolan sem verður einmitt fertugur ekki á morgun heldur hinn. Ekki seinna vænna að koma frá sér bestu myndinni sinni því kvikmyndagerð verður ekki efst á verkefnalistanum nú þegar hann er kominn á aldur.

Markaðssetning Cougar Town snýst um að sannfæra fólk um að lífið sé ekki búið þegar fólk verður fertugt. 40 er nýja 30 er sagt á meðan hin tilvistarkreppta Cox reynir að tálga og snyrta lýtalausan líkama sinn og njóta ásta með yngri karlmönnum sem hún bannar að verða ástfangnir af sér. Reynsla Cox kemur sér væntanlega vel í hlutverkinu, enda varð hún fertug fyrir sex árum og er löngu byrjuð að treysta á vestræn læknavísindi til að viðhalda sléttri húðinni og stinnum rassinum.

Allt er fertugum fært sagði einhver fyrir mörgum árum. Fullyrðing sem er í besta falli góðlátlegt grín, en í versta falli veruleikafirring á háu stigi. Ég meina, þegar maður er kominn á þennan aldur er lítið eftir og Cougar Town snýst um það; að hún eigi *kannski* eitthvað eftir þrátt fyrir aldur. Að hún sé sko ekki enn þá dauð. Sú gamla er knúin áfram af frygð á meðan hún botnar tekílastaup í leit að lambakjöti. Hún er fertug. Þvílík brenglun. Þættirnir ættu að snúast um leit hennar að grafreit, ellilífeyri og bingói. Ekki bingóhöndum. Djók.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **19.00** FH - Víkingur Ólafsvík, bein útsending STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10** Ljóta Betty SJÓNVARPIÐ



▶ **21.05** How To Look Good Naked SKJÁREINN



▶ **21.35** True Blood STÖÐ 2



▶ **22.00** Into the Wild STÖÐ 2 BÍÓ

### SJÓNVARPIÐ

**16.00 Norðan heiða** Heimildarmynd um ferð hestamanna um Mývatnssveit sem gerð var árið 2003. (e)
**16.35 Íslenska golfmótaröðin** Þáttaröð um Íslandsmótið í golfi. (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Einu sinni var... jörðin** (16:26)
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Alvöru dreki** (21:21)
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (18:26)
**18.30 Finnbogi og Felix** (4:12)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Ljóta Betty** (69:85) (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp óvenjulega stúlku sem vinnur á ritstjórn tískutímarits í New York.
**20.55 Fornleifafundir** (2:6) (Bonekickers) Breskur spennumyndaflokkur. Fornleifafræðingar frá Háskólanum í Bath grafa eftir merkum minjum og eiga í höggi við misindismenn.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Alfreð Elíasson og Loftleiðaævintýrið** (3:3) Heimildarmynd í þremur hlutum um Alfreð Elíasson og Loftleiðir. (e)
**23.15 Af fingrum fram** (Andrea Gylfadóttir)
**23.55 Kastljós** (e)
**00.25 Fréttir** (e)
**00.35 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 Match Point**
**10.00 Draumalandið**
**12.00 Ask the Dust**
**14.00 Match Point**
**16.00 Draumalandið**
**18.00 Ask the Dust**
**20.00 Forgetting Sarah Marshall**
▶**22.00 Into the Wild**
**00.25 Tristan + Isolde**
**02.30 Code 46**
**04.00 Into the Wild**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Brunabílarnir, Ævintýri Juniper Lee, Maularinn
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Auddi og Sveppi**
**11.00 Tim Gunn's Guide to Style** (2:8)
**11.45 Grey's Anatomy** (7:17)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ally McBeal** (18:22)
**13.45 Ghost Whisperer** (6:23)
**14.40 E.R.** (9:22)
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Ofurmennið, Leðurblökumaðurinn, Brunabílarnir, Maularinn
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (8:20) Ný þáttaröð með gulustu fjölskyldu í heimi, sú nítjánda í röðinni.
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.09 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (12:24)
**19.40 How I Met Your Mother** (10:20)
**20.05 Gossip Girl** (18:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**20.50 Mercy** (14:22)
▶**21.35 True Blood** (6:12) Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill en saman þurfa þau að berjast gegn mótlæti íbúa smábæjarins Bon Temps í Louisiana.
**22.30 Nip/Tuck** (15:22) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troy.
**23.10 The Closer** (4:15)
**23.55 The Forgotten** (1:17)
**00.40 The Wire** (8:10)
**01.40 X-Files** (9:24)
**02.25 Grey's Anatomy** (7:17)
**03.10 E.R.** (9:22)
**03.55 Sjáðu**
**04.25 Gossip Girl** (18:22)
**05.10 The Simpsons** (8:20)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag** (e)

### SPORT *besta sætið*

**16.45 N1 mótið** Sýnt frá N1 mótinu í knattspyrnu þar sem samankomnir voru framtíðarmenn íslenskrar knattspyrnu. Drengir í 5. flokki í knattspyrnu sýndu listir sínar sem og frábær tilþrif bæði innan vallar sem utan.
**17.35 RBC Canadian Open** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi. Árið sem fram undan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót könnuð.
**18.30 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu. Einnig verður farið ofan í saumana á lífsstíl og matreiðslu í veiði.
▶**19.00 FH - Víkingur Ólafsvík** Bein útsending frá leik FH og Víkings Ólafsvíkur í undanúrslitum VISA-bikars karla í knattspyrnu.
**21.15 Barcelona 3** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í póker en til leiks mæta flestir af bestu spilurum heims í dag. Að þessu sinni er keppt í Barcelona á Spáni.
**22.10 FH - Víkingur Ólafsvík** Sýnt frá leik í undanúrslitum VISA bikar karla í knattspyrnu.
**00.00 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Goals of the Season 2008/2009** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**19.00 PL Classic Matches: Nottingham Forest - Man. Utd.**
**19.30 PL Classic Matches: Leeds - Liverpool, 2000**
**20.00 Football Legends Eusebio**
**20.30 Þýskaland - Ástralía** Útsending frá leik Þýskalands og Ástralíu á HM 2010.
**22.20 Argentína - S-Kórea** Útsending frá leik Argentínu og Suður Kóreu á HM 2010.

### SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.30 Bass Fishing** (7:8) (e)
**17.15 Rachael Ray**
**18.00 Dr. Phil**
**18.45 Girlfriends** (16:22) (e)
**19.05 Still Standing** (9:20) (e)
**19.30 Sumarhvellurinn** (7:9) Fjörugur skemmtiþáttur þar sem allt getur gerst. Útvarpsstöðin Kaninn er á ferð og flugi um landið í sumar og stendur fyrir skemmtilegum viðburðum með þekktum tónlistarmönnum, skemmtikröftum og tilheyrandi glensi og gleði.
**19.55 King of Queens** (16:23) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.
**20.20 Top Chef** (9:17) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu.
▶**21.05 How To Look Good Naked 4** (2:12) Bresk þáttaröð þar sem lögulegur vöxtur fær að njóta sín. Konur með alvörubrjóst, mjaðmir og læri hætta að hata líkama sinn og læra að elska línurnar.
**21.55 Life** (15:21) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem sat saklaus í fangelsi í tólf ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök.
**22.45 Jay Leno**
**23.30 Law & Order** (13:22) (e) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York.
**00.20 The Cleaner** (6:13) (e)
**01.05 King of Queens** (16:23) (e)
**01.30 Pepsi MAX tónlist**

### ÍNN

**18.30 Hrafnaþing**
**19.00 Græðlingur**
**19.30 Tryggvi Þór á Alþingi**
**20.00 Skýjum ofar**
**20.30 Mótoring**
**21.00 Alkemistinn**
**22.00 Skýjum ofar**
**22.30 Mótoring**
**23.00 Alkemistinn**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.30

### Nip/Tuck



Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troy. Eftir að hafa brennt allar brýr að baki sér í Miami ákveða þeir að söðla um og opna nýja stofu í mekka lýtalækninganna, Los Angeles, þar sem bíða þeirra ný andlit og ný vandamál.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
**Mercy**

### Stöð 2 kl. 20.50

Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER. Við fylgjumst með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna saman sem hjúkrunarfræðingar á Mercy-spítalanum í New Jersey. Þær eru allar einhleypar eða í samböndum sem færa þeim litla ánægju enda verja þær alltof miklum tíma í vinnunni þar sem baráttan um líf og dauða er daglegt brauð.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæ
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Í boði náttúrunnar
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Hótelsumar
**15.25** Skorningar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Svik og prettir í bókmenntaheiminum
**19.40** Sumarsnakk
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Út um græna grundu
**21.30** Kvöldsagan: Vatnaniður
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.05** Prússland - Ris og fall járnríkis
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## EXTRA

**19.25 The Doctors** Skemmtilegir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.10 Falcon Crest II** (7:22) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing- og Giobertis-fjölskyldunum; lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Cougar Town** (7:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar einstæðrar móður unglingsdrengs.

**22.10 White Collar** Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey. Hann er svokallaður góðkunningi lögreglunnar og þegar hann er gómaður í enn eitt skiptið sér hann sér leik á borði og býður lögreglunni þjónustu sína við það að hafa hendur í hári annarra svikahrappa og hvítflibbakrimma gegn því að komast hjá fangelsisvist.

**22.50 Gavin and Stacy** (3:7) Önnur þáttaröðin af þessari bresku gamanþáttaröð og sem áður er rómantíkin er allsráðandi.

**23.20 Talk Show With Spike Feresten** (2:22) Spjallþáttur með Spike Feresten sem var einn af aðalhöfundum Seinfeld-þáttanna.

**23.45 The Doctors**

**00.30 Falcon Crest II** (7:22)

**01.20 Fréttir Stöðvar 2**

**02.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.15** Only Fools and Horses **12.45** My Family **13.15** My Family **13.45** My Hero **14.15** My Hero **14.45** The Weakest Link **15.30** Dalziel and Pascoe **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** ‚Allo ‚Allo! **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** The Green, Green Grass **19.00** Gavin & Stacey **19.30** Tess of the D'Urbervilles **20.25** The Green, Green Grass **20.55** Whose Line Is It Anyway? **21.25** Doctor Who **22.10** Doctor Who **22.55** ‚Allo ‚Allo! **23.25** Whose Line Is It Anyway? **23.55** The Green, Green Grass

## DR 1

**12.00** Så for sommer **12.30** Chris på Skolebænken **13.00** Kær på tur **13.30** Forsvundne danskere **14.00** That's So Raven **14.25** Caspers skræmmeskole **14.50** Hyrdehunden Molly **15.00** Minisekterne **15.05** Peter Pedal **15.30** Match-Mats **16.00** Hvad er det værd? **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Chris på Skolebænken **17.30** Ønskehaven **18.00** Søren Ryge præsenterer **18.30** Diagnose soges **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret **19.40** Virusudbrud **21.00** Onsdags Lotto **21.05** Cruel Intentions **22.40** Naruto Uncut **23.05** Naruto Uncut **23.25** Godnat

## NRK 1

**12.20** Drivhusdrømmer **12.50** Smaken av Danmark **13.20** Ut i naturen **13.50** Sommeråpent **14.40** Duften av nybakt **15.05** 30 Rock **15.30** 330 skvadronen **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tinas mat **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Friidrett **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** House **21.05** Kveldsnytt **21.20** Vikinglotto **21.30** Hva skjedde med Margaret Reid? **22.15** En luksuriøs togreise **22.45** Pinlige sykdommer **23.30** Svisj gull

## SVT 1

**12.05** Fyra veckor i juni **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Såna är mammor **15.25** Cleo **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hundra procent bonde **16.45** AnneMat **17.15** Din plats i historien **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Livvakterna **20.00** Nip/Tuck **20.45** Morden i Midsomer **22.15** Hotellet **23.00** Vinnarna **23.30** Undercover Boss

bmvalla.is



Íslensk hönnun og íslenskar vörur fyrir sælureitinn þinn

- hellur, steinar, blómaker og fjölmargt annað sem skreytir umhverfið



Heimsókn í Fornalund kveikir ótal nýjar hugmyndir. Sérfræðingar okkar í Fornalundi aðstoða þig við að breyta garðinum þínum í sannkallaðan sælureit.

Pantaðu ókeypis landslagsráðgjöf í síma 412 5050
Nánari upplýsingar á bmvalla.is

Íslensk hönnun, íslenskt hráefni, íslensk framleiðsla, íslensk gæði!

GÆÐAKERFI VOTTAÐ VOTTUN HF ÍST ISO 9001

Söludeild :: Fornalundi, Breiðhöfða 3 :: Sími: 412 5050
Söludeild :: Akureyri :: Sími: 412 5202
Söludeild :: Reyðarfirði :: Sími: 412 5252
Netfang :: sala@bmvalla.is

BM·VALLÁ

argus 10-0513-2

## VERSLUNARMANNAHELGIN



*„Ég ætla bara að vera rólegur heima og njóta þess að vera í fríi. Það er búið að vera nóg að gera í fótboltanum undanfarið og ég því spenntur að geta bara verið með lappirnar upp í loft.“*

Jóhann Laxdal, leikmaður fótboltaliðs Stjörnunnar.

# Tafir á endurgerð Mýrarinnar

Framleiðsla á bandarískri endurgerð Mýrarinnar, eða Jar City, mun tefjast eftir að framleiðslufyrirtækið Overture var selt til annars fyrirtækis, Relativity.

Leikstjórinn Baltasar Kormákur, sem er meðframleiðandi myndarinnar, segir að hún verði gerð en eflaust muni tökurnar frestast eitthvað. „Ég hef ekki heyrt í þeim en það stendur enn þá til að gera hana,“ segir hann um Jar City. „En ég geri ráð fyrir því að þetta taki aðeins lengri tíma.“

Miklu hefur verið kostað til vegna myndarinnar. Handritið er tilbúið og búið er að ráða leikstjóra, Tod Williams, eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá. Enn á þó eftir að ákveða hvaða erlendu leikarar fara með hlutverk aðalsöguhetjanna, Erlends og Evu Lindar. Myndin á að gerast í Louisiana-ríki, auk þess sem einhver atriði verða tekin upp í borginni Chicago.

Framleiðandinn Overture hafði aðeins starfað í þrjú ár en átti í fjárhagserfiðleikum sem leiddu til þess að Relativity tók fyrirtækið yfir. Þrjár kvikmyndir sem Overture ætlaði að framleiða verða að veruleika, eða myndirnar Jack Goes Boating í leikstjórn Philips Seymours Hoffman, Stone með Robert De Niro í aðalhlutverki og hryllingsmyndin Let Me In. Óvíst er hvenær framleiðsla á öðrum fyrirhuguðum myndum Overture getur hafist, þar á meðal Jar City. - fb



**MÝRIN** Ingvar E. Sigurðsson fór með aðalhlutverkið í Mýrinni. Óvíst er hvenær framleiðsla hefst á bandarískri endurgerð hennar.



**LÁRÉTT**
**2.** eyja í asíu, **6.** tveir eins, **8.** starfsgrein, **9.** mánuður, **11.** guð, **12.** framburður, **14.** kál, **16.** kusk, **17.** traust, **18.** pota, **20.** gangflötur, **21.** högg.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þurrka út, **3.** frá, **4.** fiskur, **5.** temja, **7.** pest, **10.** kæla, **13.** veitt eftirför, **15.** munnur, **16.** umrót, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** java, **6.** ff, **8.** fag, **9.** maí, **11.** ra, **12.** árset, **14.** salat, **16.** ló, **17.** trú, **18.** ota, **20.** il, **21.** stuð.
**LÓÐRÉTT: 1.** afmá, **3.** af, **4.** vartari, **5.** aga, **7.** farsótt, **10.** ísa, **13.** elt, **15.** túli, **16.** los, **19.** au.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Stefan Füle.
2. WikiLeaks.
3. 16.




Mikill raki, kælir húðina og djúpnærir. Ekkert klístur. Gott eftir sólbruna og rakstur
www.celsus.is Fæst í Apótekum




HRAFNHILDUR HÓLMGEIRSDÓTTIR: SKRÝTIÐ AÐ TIGER NOTI SLAGORÐIÐ

# Aftur-systur óánægðar með sölu Recycle or Die í Tiger

„Það er mjög leiðinlegt að sjá sitt merki á taupokum frá Tiger og viljum við ekki að fólk rugli saman vörunum,“ segir Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir, fatahönnuður og stílisti.

Slagorð fatamerkisins Aftur, Recycle or Die, er búið að prenta á taupoka sem eru seldir í verslunum Tiger hér heima og í 80 öðrum búðum víðs vegar um heiminn. Hrafnhildur hefur verið með fatamerkið Aftur ásamt systur sinni Báru síðan árið 1999 og slagorðið umrædda fylgt þeim alla tíð.

„Við eigum þetta slagorð en samt ekki því við höfum aldrei keypt einkaréttinn,“ segir Hrafnhildur og bætir við að á sínum tíma hafi þær systur ekki haft efni á að tryggja sér hann. „Það kostar einhverjar milljónir að kaupa einkarétt en það er allt mjög flókið dæmi og sérstaklega erfitt ef maður gerir það á heimsvísu.“

Hrafnhildur segir að slagorðið sjálft sé frekar sterkt eða Endurvinnið eða deyið á íslensku. „Það er ekki á allra færi að nota það. Þess vegna finnst mér skrýtið að Tiger skuli ákveða að nota akkúrat þetta slagorð á taupokana sína,“ segir Hrafnhildur sem er ekki viss um hvernig hún muni beita sér í þessu máli. „Mestu máli skiptir að fatamerkið okkar sé ekki bendlað við Tiger og þeirra vörur en mér finnst þeir ekki vera í eldlínunni í endurvinnslu. Allt sem við höfum sent frá okkur, vörur og fjölmiðlagögn, hafa verið með þessu slagorði á. Það er ekki bara hérna heima heldur úti um allan heim og því frekar leiðinlegt að sjá þetta svo til sölu í Tiger.“

Systurnar í Aftur ráku búð í Danmörku í nokkur ár en þar eru einmitt höfuðstöðvar Tiger. „Ég veit ekki hvort það er tilviljun en það er samt pínu skrýtið,“ segir Hrafnhildur.

Samkvæmt fréttum á vefmiðli Danmarks Radio, dr.dk, er þetta ekki í fyrsta sinn sem lágvöruverslunarkeðjan Tiger er sökuð um hönnunarstuld á einn eða annan hátt en seinast árið 2008 var fyrirtækið dæmt til að borga þýskum hönnuði milljónir í skaðabætur fyrir hönnunarstuld á hundaskál, uppþvottabursta og skóhorni.

Finnur Magnússon, eigandi Tiger á Íslandi, segir málið mjög leiðinlegt en að Hrafnhildur hafi ekki mikið mál í höndunum þar sem enginn einkaréttur sé til staðar. „Það sem ég ráðlegg þeim að gera er að hafa samband við hönnunardeild Tiger í Danmörku og senda inn formlega kvörtun,“ segir Finnur og bætir við að hann taki vel í að koma til móts við Aftur-systur. „Það kemur til greina að taka vöruna úr búðum hjá okkur á Íslandi enda bara fá eintök af pokanum til sölu og verða líklega ekki pöntuð aftur.“ alfrun@frettabladid.is




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ÓSÁTT**
**Hrafnhildi Hólmgeirsdóttur** finnst skrýtið að Tiger-búðin skuli nota slagorð Aftur-merkisins, Recycle or Die, á taupoka í búðinni. Eigandi Tiger á Íslandi tekur til greina að taka pokana úr sölu á Íslandi og finnst málið hið leiðinlegasta.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Auglýsing Ring aftan á Fréttablaðinu í gær fór fyrir brjóstið á lækninum Teiti Guðmundssyni, sem er framkvæmdastjóri Heilsuverndar ehf., Doktor.is og MD Læknavefs. Auglýsingin sýnir grínistann **Steinda jr.** sitja klofvega yfir skáta í grænni laut. Skátinn virðist vera að kafna á sykurpúðum en lífgunartilraunir Steinda skila tilætluðum árangri enda virðist sykurpúði skjótast upp úr hóstandi skátanum. Teitur er ekki sáttur að því er virðist vegna þess að í auglýsingunni kemur fram að Ring verði á Þjóðhátíð í Eyjum ásamt því að spurt er hvar lesandinn verði. „Vonandi ekki á Þjóðhátíð meðvitundarlaus og þurfandi endurlífgun frá amatör sem er klárlega ávísun á lélegan árangur slíkra tilburða,“ segir læknirinn á bloggsíðu sinni.



Eyjapeyinn **Árni Johnsen** fer á kostum í sjónvarpsútgáfu auglýsingarinnar. Hann er örugglega fyrsti alþingismaðurinn sem leikur í auglýsingu fyrir Símann, en Ring er farsímaþjónusta á vegum fyrirtækisins. Frelsi einstaklingsins er í hávegum haft í Sjálfstæðisflokknum og spennandi verður að sjá hvort fleiri þingmenn flokksins fylgi fordæmi Árna …

Fyrirsætan og athafnakonan **Ásdís Rán** skilur lítið eftir fyrir ímyndunaraflið á forsíðu búlgverska Playboy, sem birt var á vefsíðu tímaritsins í gær. Blaðið er væntanlegt til landsins í dag, en Eymundsson hefur gefið allra heitustu aðdáendum Ásdísar kost á að panta blaðið í forsölu á vefsíðu sinni. Blaðið sjóðandi heita er því væntanlegt inn um póstlúgur – vafalaust í brúnu ómerktu umslagi. - afb



# Sýnir tvo risastóra vísunda á Stokkseyri

„Þetta eru með stærri dýrum sem hafa komið uppstoppuð til Íslands,“ segir Páll Reynisson hjá Veiðisafninu á Stokkseyri.

Tveir uppstoppaðir vísundar frá Bandaríkjunum eru nú til sýnis í safni hans. Hvor þeirra um sig vegur um það bil eitt tonn. „Sauðnautin sem voru hérna fyrir virka eins og kettlingar við hliðina á þeim,“ segir Páll, sem veiddi vísundana í Minnesota árið 2008 ásamt félaga sínum, Jónasi Geir Sigurðssyni. Þeir notuðu skammbyssur og veiðin gekk hratt og vel fyrir sig. „Þetta eru róleg dýr en mjög stór.“

Í maí 1894 voru sett lög af stjórnvöldum í Norður-Ameríku til að friða vísunda og eftir það hefur ræktun þessara dýra gengið vel. Árið 1931 var áætlað að nálægt 21 þúsund vísundar væru til í Norður-Ameríku og hefur þeim fjölgað mikið síðan.

Páll segir að veiðiferðin til Bandaríkjanna hafi vakið athygli hjá heimamönnum. „Það vakti eftirtekt úti að við skyldum koma frá Íslandi. Menn tóku líka eftir því að ég fór með skammbyssu til Ameríku. Það er svipað og að fara með kaffi til Brasilíu.“

Fleiri uppstoppuð dýr eru væntanleg á Veiðisafnið því í nóvember í fyrra voru veidd sjö dýr í Suður-Afríku sem eru í uppstoppun. Á meðal þeirra eru strútur og krókódíll, sem koma í heilu lagi, antilópur og mót af nashyrningi sem er enn á lífi. Dýrin eru væntanleg til landsins á næsta ári. Upplýsingar um safnið á Stokkseyri má finna á síðunni Veidisafnid.is. - fb



**MEÐ BRÁÐINA** Páll Reynisson með annan af vísundunum tveimur sem voru veiddir í Minnesota.

Adobe

# TÖFRUM LÍKAST!



Julieanne Kost
Adobe Evangelist

Kynnist því nýjasta í stafrænni myndvinnslu á námskeiði á Grand Hóteli **föstudaginn 6. ágúst** kl. 9 -18. Þar mun sérfræðingurinn **Julieanne Kost** svifta hulunni af öllu því nýjasta í stafrænni myndvinnslu fyrir jafnt leika sem lærða.

## 1 Hvað er nýtt í Lightroom 3?

Náðu tökum á nýjustu eiginleikum og endurbótum í Lightroom 3. Julieanne Kost fer í gegnum allan ferilinn: Innflutning, flokkun, breytingar og alla gerð efnis, ásamt útgáfu með myndasýningu, á prenti eða á vef. Uppgötvaðu endurbæturnar á hverri einingu forritsins og hvernig hægt er að nýta þær til að fækka endurtekningum. Þannig færð þú meiri tíma til að taka myndir.

**Kaffi**

## 2 Hvað er nýtt í Photoshop CS5?

Julieanne sýnir þér nýjustu útgáfuna af Photoshop. Hún fer ítarlega yfir nýjustu tól og endurbætur en þekking á þeim mun auka vinnuhraða þinn til muna. Auk þess mun Julieanne sýna þér tíu uppáhalds Photoshop-aðgerðirnar sínar fyrir ljósmyndara. Þær hjálpa þér að nálgast verkefni þín á nýjan hátt og auka með þér skapandi hugsun.

**Hádegishlé**

## 3 LR og PS samþætting

Hvernig vinna Photoshop og Lightroom best saman? Í þessum hluta lærir þú hvernig best er að fara á milli þessara tveggja öflugu forrita hvort heldur þú ert að vinna með eina mynd eða heila töku. Lærðu að nýta þér *Edit in, Export options, Presets* og *Droplets* til að gera verkferlið sjálfvirkara og auka afköstin.

**Kaffi**

## 4 Hin skapandi samsetning

Einhvers staðar á milli kyrrmyndar og hreyfimyndar liggur heimur stafrænnar samsetningar – þar sem mörgum kyrrmyndum, teknum á mismunandi tíma, er staflað saman til að skapa heild sem er stærri og meiri en stakar myndir. Lærðu að breyta hugmynd í samsetta stafræna mynd með tölum eins og *Adjustment Layers, Masking, Selection, Blending, Smart Objects* og margt fleira.

Þátttökugjald fyrir námskeiðið er kr. 22.900 og eru innifaldar kaffiveitingar.
Athugið að mörg félög niðurgreiða námskeið sem þetta.

Skráning er á **http://www.focusonnature.is/Adobe-namskeid**

FocusOnNature sérhæfir sig í kennslu stafrænnar ljósmyndunar og ljósmyndavinnslu í hæsta gæðaflokki. FocusOnNature hefur staðið fyrir fjölda námskeiða og fyrirlestra hér á landi fyrir bæði íslenska og erlenda þátttakendur, atvinnumenn jafnt sem áhugamenn.

**FocusOnNature**
alþjóðleg ljósmyndafræðsla á Íslandi

www.focusonnature.is
einar@focusonnature.is
sími 824-1849

LJÓSMYNDARAFÉLAG ÍSLANDS

onOne software · Nik Software · epli.is · Canon · doubleexposure · B&H Photo - Video - Pro Audio · Epson · PhotoshopCAFE · x-rite · Pantone · wacom

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
Póst húsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

KÍKTU Í HITT HORNIÐ

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stjarnan slær í gegn

Myndband af þaulskipulögðu „fagni“ leikmanna Stjörnunnar, eftir sigurmark **Halldórs Orra Björnssonar** á móti Fylki á sunnudag, fer eins og eldur í sinu um netheima og var á meðal mest skoðuðu íþróttamyndbandanna á Youtube í gær. Breska blaðið The Sun birti myndbandið á vef sínum í gær og loks birtu fótboltavefir um allan heim meistaratakta Stjörnustrákanna sem þurfa nú að leggja höfuðið í bleyti ætli þeir að toppa sig í næsta leik, á fjölsóttum velli KR-inga í Vesturbænum.



### Stráklingar að sprella

Í Kastljósi í gær var Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra spurður um tölvupóstinn vandræðalega um Magma-málið og matreiðslu þess, sem lak úr stjórnkerfinu. „Ég veit ekkert hvað menn hafa verið að sprella sín á milli, einhverjir strákar,“ sagði hann og áréttaði síðan að sannarlega væru þeir stráklingar. Það er rétt að halda því til haga að þessir sprelliglöðu stráklingar sem ráðherrann veit svo lítið um eru nánir trúnaðarmenn hans til nokkurs tíma. Höfundurinn, **Elías Jón Guðjónsson**, var upplýsingafulltrúi fjármálaráðuneytis Steingríms. **Huginn Freyr Þorsteinsson**, sem sagður er hafa átt að veita skeytinu viðtöku, er nú aðstoðarmaður Steingríms og var handvalinn af honum í Icesave-samninganefnd Svavars Gestssonar. Og samskiptin áttu þeir í vinnunni, um vinnuna. Gott sprell það.



- afb, sh

## Mest lesið VISIR.IS

1. Ætla að opna fimm matvöruverslanir
2. Slapp tvisvar út af lokaðri deild sömu nóttina
3. Klæddi sofandi stúlku úr nærbuxum og fróaði sér
4. „Ég er bara á leiðinni upp í sendiráð aftur“
5. „Vegir manna á RÚV órannsakanlegir“
6. Unglingar í Vinnuskóla Kópavogs rændir á vinnutíma

ÚTSÖLULOK
10%
AUKA AFSLÁTTUR



LÍFLAND
Lynghálsi 3 Reykjavík
Lónsbakka Akureyri




FJÖLSTILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ ERGOMOTION KOMIN AFTUR.
NÚ Á 20% AFSLÆTTI!

ERGOMOTION 400
með þrýstijöfnunar-dýnum (2x80x203)
Verð 676.432 kr.
NÚ 541.146 kr.
= 20% AFSLÁTTUR



ERGOMOTION 400 LÍNAN
- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru 2 mótorar. Einn fyrir höfuðgafl og annar fyrir fótgafl.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 400 línan er með öflugu nuddi, þremur mismunandi hraðastillingum og tímarofa.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Þráðlaus fjarstýring með útvarpssendi svo ekki þarf að beina fjarstýringunni á móttakara.
- Rúmið fært niður í flata stöðu með einum takka.
- Þyngdarleysistakkinn (Zero G) færir rúmið í þyngdarleysisstöðuna. Njóttu þægindanna og upplifðu þyngdarleysistilfinninguna. Staðan hjálpar blóðrásinni og minnkar pressu á mjóbak og axlir.

ERGOMOTION 100
með þrýstijöfnunar-dýnum (2x80x203)
Verð 503.698 kr.
NÚ 402.958 kr.
= 20% AFSLÁTTUR



ERGOMOTION 100 LÍNAN
- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru 2 mótorar. Einn fyrir höfuðgafl og annar fyrir fótgafl.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Einföld og þægileg fjarstýring.

ERGOMOTION ERGOSPORT
með þrýstijöfnunar-dýnum (2x97x203)
Verð 396.000 kr.
NÚ 316.800 kr.
20% AFSLÁTTUR



ERGOMOTION ERGOSPORT
- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Einföld og þægileg fjarstýring.
- Ein besta þrýstijöfnunardýna sem er fáanleg er í dag fylgir botninum.

ATH! VIÐ EIGUM FLEIRI STÆRÐIR AF ERGOMOTION HEILSURÚMUM OG FLEIRI TEGUNDIR AF HEILSUDÝNUM FYRIR ÞAU.

COMFORT solutions
By King Koil



HÁGÆÐA AMERÍSK HEILSURÚM Í 112 ÁR

King Koil hefur framleitt hágæða heilsurúm í Bandaríkjunum í 111 ár. King Koil hefur verið gríðarlegum fjármunum og tíma í þróun og prófanir. Á þessum tíma hefur King Koil náð miklum og góðum árángri sem endurspeglast í viðurkenningum sem fyrirtækinu hafa verið veitt í gegnum árin. Í dag er King Koil einu heilsurúmin sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóðasamband Kiropraktora) og Good Housekeeping (Stærstu neitandasamtök í Bandaríkjunum).

Good Housekeeping Promises

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16